# FRÉTTABLAÐIÐ

93. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 21. APRÍL 2018



Barnabörn Jóhönnu Kristjónsdóttur heitinnar hittust á ættaróðalinu og skiptust á sögum um ömmu sína. →28

# Amma hringdi í Saddam Hussein

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



## Var vitni að sjálfsvígi

Alexandra Sif glímir við kvíða. →30




## Krísa á Indlandi

Vilja réttlæti fyrir þolendur. →76



## Hitað upp fyrir HM

Nokkur ríki hugsa um sniðgöngu. →78









## Veður




Hæg norðlæg eða breytileg átt í dag. Dálítil væta norðanlands, einkum með ströndinni, en stöku skúrir um sunnanvert landið. Hiti víða 5 til 10 stig að deginum. SJÁ SÍÐU 48



**Hólmsheiði.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Sigurður laus úr gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Sigurður Ragnar Kristinsson, sem setið hefur í gæsluvarðhaldi vegna gruns um aðild að stórfelldum fíkniefnainnflutningi er laus úr varðhaldi. Héraðsdómur hafnaði í gær kröfu lögreglu um gæsluvarðhald en féllst á kröfu um fjögurra vikna farbann.

Rannsókn Skáksambandsmáls er á lokastigi. Beðið er gagna frá Spáni sem veldur því að enn hefur ekki verið gefin út ákæra í málinu. Fjórir hafa sætt gæsluvarðhaldi á ýmsum stigum rannsóknarinnar. **– aá**

## Hinn sænski Avicii látinn

**ÓMAN** Sænski tónlistarmaðurinn Tim Bergling, betur þekktur sem Avicii, lést í Múskat, höfuðborg Ómans, í gær. Hann var 28 ára. Þetta tilkynnti fjölmiðlafulltrúi Avicii. „Með sorg í hjarta tilkynnum við um andlát Tims Bergling. Hann fannst látinn í Múskat, Óman, fyrr í dag. Fjölskylda hans er harmi slegin og við biðjum alla um að veita henni næði á meðan hún syrgir á þessum erfiðu tímum,“ segir í tilkynningunni.

Avicii hætti að koma fram á tónleikum árið 2016 af heilsufarsástæðum. Á meðal þekktustu laga hans eru Levels, Wake Me Up og Hey Brother. Hann gaf út tvær plötur á ferlinum og var tilnefndur til og hlaut fjölda verðlauna fyrir verk sín. **– þea**

**Þrátt fyrir ungan aldur var Avicii frumkvöðull í rafrænni danstónlist.**

## Sinfóníuhljómsveit Íslands hitar upp fyrir Japansför



**Japanski píanistinn Nobuyuki Tsjujii situr hér við flygilinn í Eldborgarsal Hörpu eftir að hafa flutt Píanókonsert númer tvö eftir Fréderic Chopin. Píanósnillingurinn hefur verið blindur frá fæðingu og lærir jafnvel erfiðustu tónverk píanóbókmenntanna eftir heyrn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



## Fannst látinn í sjónum við Vatnagarða

**ANDLÁT** Karlmaður á sextugsaldri fannst látinn í sjónum við Vatnagarða í Reykjavík í fyrrinótt. Fram kemur í tilkynningu frá lögreglu að óttast hafi verið um afdrif mannsins eftir að bátur fannst mannlaus neðan við athafnasvæði Samskipa í Kjalarvogi eftir klukkan eitt í fyrrinótt.

Leit hófst þegar að manninum en hann fannst á sjötta tímanum um morguninn. Ekki er grunur um saknæmt athæfi í tengslum við andlátið. **– bg**

# Segjast hafa mikið af gögnum gegn Sindra

**Vísað er til mikils magns sönnunargagna í þeim gæsluvarðhaldsúrskurðum sem kveðnir hafa verið upp yfir Sindra Þór Stefánssyni. Símagögn, upplýsingar um bílaleigubíla og teikningar af gagnaverum eru meðal þess sem lögreglan skoðar.**

**LÖGREGLUMÁL** Mikið magn símagagna, upplýsingar um bílaleigubíla og teikningar eru meðal sönnunargagna sem lögregla hefur aflað í máli Sindra Þórs Stefánssonar sem er á flótta, grunaður um stórfelldan þjófnað á tölvum úr gagnaverum.

Í yfirlýsingu sem Sindri Þór sendi Fréttablaðinu í fyrradag og fjallað var um í blaðinu í gær, segir hann að lögregla hafi engin sönnunargögn í máli hans.

Gæsluvarðhaldsúrskurðir sem kveðnir hafa verið upp í máli hans benda þó til annars. Í úrskurði sem kveðinn var upp 21. mars síðastliðinn kemur fram að mikið magn símagagna sem rakin eru til Sindra hafi að geyma mikilvægar upplýsingar um aðdraganda og framkvæmd innbrotanna. Einnig hafi við húsleit hjá Sindra fundist teikningar sem taldar eru af gagnaverinu sem brotist var inn í 16. janúar.

Þá er vísað til gagna sem sögð eru benda til þess að Sindri hafi tekið sendibifreiðar á leigu í kringum þann tíma sem innbrotin voru framin. Einum þessara bíla svipar mjög til bíls sem öryggisvörður sá, sem hafði um tíma stöðu grunaðs manns í málinu, benti á, þegar hann bar vitni um menn sem kröfðu höfðu hann um upplýsingar um öryggiskerfi í því gagnaveri sem brotist var inn í 16. janúar.

Símagögnin sem vikið er að í úrskurðinum eru sögð varpa ljósi á samskipti Sindra við ætlaða samverkamenn hans, sem búsettir eru bæði hér á landi og á Spáni, en Sindri og nokkrir félaga hans, munu hafa fest kaup á fasteignum þar í landi og hugðist Sindri flytjast búferlum til Spánar áður en hann var handtekinn og hnepptur í gæsluvarðhald.

Þrátt fyrir að lögregla telji sig hafa haldgóð sönnunargögn í máli Sindra virðist hún engu nær um verustað hinna horfnu tölva. Hinn ætlaði þjófur er einnig týndur sem og eigandi tölvanna, sem hefur raunar aldrei stigið fram í dagsljósið. **adalheidur@frettabladid.is**




**Ekki er vitað hvar Sindri Þór Stefánsson er niðurkominn.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**Sindri segir í yfirlýsingu til Fréttablaðsins að hann hafi verið í gæsluvarðhaldi að ósekju og án allra sönnunargagna.**

### Tími innbrota og leigu á bílum

**4. desember** Sendiferðabíl tekinn á leigu.
**5. desember** Innbrot í gagnaver.
**7. desember** Sendiferðabíl skilað.
**15. desember** Innbrot í gagnaver.
**Síðla desember** Sindri handtekinn og yfirheyrður.
**26. desember** Tilraun til innbrots í gagnaver.
**14. janúar** Sendiferðabíll tekinn á leigu á nafni ætlaðs samverkamanns.
**15. janúar** Innbrot í gagnaver.
**16. janúar** Sendiferðabíl skilað.



**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

## Verið velkomin í Vogana

# Vorhátíð

## í Skútuvogi og Kjalarvogi

*alla helgina*

Skoðaðu blaðið á husa.is

## Pallaleikur

# 100.000 kr.

## inneign í pallinn

Komdu með miðann úr Húsasmiðjublaðinu í **Timbursöluna í Kjalarvogi** í dag og þú gætir unnið

**Ís á betra verði**
í Skútuvogi í dag
**99 kr.**

Maja Ben
LADY litaráðgjöf
í Skútuvogi í dag
kl. 13-16

Soffía Dögg veitir
góð ráð í Blómavali
í dag kl. 13-16

**Súkkulaði-vagninn**
Verður í Skútuvogi í dag og gefur smakk
**kl. 13-16**

**Allt á sama svæði**




**Grillaðar pylsur**
í dag í Timbur-sölunni Kjalarvogi frá kl. 12-15

LAZY TOWN

**Latibær skemmtir**
í dag og sunnudag kl. 14.

---

Sýpris
80-100 cm.
**990 kr.**
~~1.990 kr.~~

Vorerikur
**599 kr.**

*Tilboð í Blómavali*
**Skútuvogi**

---

# 25% afsláttur

af **ALLRI** LADY málningu

*Tilboð í Húsasmiðjunni*
**Skútuvogi**

---

# TAX FREE

af **ÖLLUM** reiðhjólum*

*Tilboð í Húsasmiðjunni*
**Skútuvogi**

Hjól fyrir alla fjölskylduna

---

# TAX FREE

af **ÖLLUM** Broil King grillum*

*Tilboð í Húsasmiðjunni*
**Skútuvogi**

Ótrúlegt úrval

*Tax Free tilboð jafngildir 19,35% afslætti. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur eða myndarvíxl

**Byggjum á betra verði**

**TÖLUR VIKUNNAR** 15.04.2018 TIL 21.04.2018

**709** voru í febrúar á biðlista eftir gervilið í hné.

**21** starfsmaður Seðlabankans starfaði í gjaldeyriseftirliti bankans í lok síðasta árs. Það er tveimur fleiri en starfa á sviði hagfræði og peningastefnu.

**7** hafa strokið úr íslenskum fangelsum undanfarinn áratug. Strokufangarnir hafa allir komið í leitirnar, oftast eftir skamma leit.





**10%** var hlutdeild lággjaldaflugfélaga á Atlantshafsmarkaðinum á síðasta ári.

**16,5** starfandi fólks á vinnumarkaði voru í fyrra innflytjendur. Hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði hefur aldrei verið hærra.

**36** árekstrar við fugla urðu á flugvallarsvæðum Isavia í fyrra.



## Þrjú í fréttum
## Hjúkrun, járn og drykkja

**Gísli Kort Kristófersson**
*lektor í hjúkrunarfræði*



segir að hér sé eitt lægsta hlutfall karla í heiminum í hjúkrun. Finna þurfi út úr því hvers vegna karlar sæki sér ekki menntun í hjúkrun en aðeins 19 karlar nema nú hjúkrunarfræði við íslenska háskóla. Félag hjúkrunarfræðinga hefur ákveðið að greiða skólagjöld karla í hjúkrunarfræði.

**Ingibjörg Gunnarsdóttir**
*prófessor í næringarfræði*



sagði að hvalveiðar væru væntanlega ein umdeildasta leiðin sem hægt væri að fara til að bæta járnskort. Hún kvaðst þó ekki ætla að dæma. Kristján Loftsson, forstjóri Hvals, sagði skipaflota sinn fara til veiða að nýju í sumar. Til stæði að þróa járnríkt fæðubótarefni úr langreyðarkjöti.

**Guðmundur Sævar Sævarsson**
*hjúkrunardeildarstjóri*



ákvað eftir drykkjulæti og kynferðislega áreitni gegn konum í þingveislu að gefa eftir stöðu sína sem varaþingmaður Flokks fólksins og einbeita sér að því að takast á við áfengisvanda sinn. Hann kvaðst hafa drukkið úr hófi í matarboði á vegum forseta Alþingis og hagað sér ósæmilega. „Á því hef ég beðið innilegrar afsökunar,“ lýsti hann yfir.

# Ill nauðsyn að sækja fólk til saka segir formaður FRÍSK

**Formaður FRÍSK segir dóm yfir manni sem deildi Biggest Loser á deildu.net senda skilaboð um að höfundarréttarbrot séu ekki í lagi. Þess væri óskandi að það þyrfti ekki að nota dómskerfið en veruleikinn sé einfaldlega sá að þess þurfi. Landsréttur staðfesti þrjátíu daga skilorðsbundinn fangelsisdóm yfir manninum.**

**DÓMSMÁL** Landsréttur staðfesti í gær þrjátíu daga skilorðsbundinn fangelsisdóm yfir manni sem deildi tveimur þáttum af Biggest Loser á síðunni deildu.net. Þá var manninum gert að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, 945.358 krónur.

Landsréttur staðfesti aukinheldur að ákærði sætti upptöku á fartölvu sinni en öfugt við Héraðsdóm Reykjaness sýknaði Landsréttur manninn af kröfu ákæruvalds um upptöku turntölvu.

Hallgrímur Kristinsson, formaður Félags rétthafa í sjónvarpi og kvikmyndum (FRÍSK), segir að þess væri óskandi að ekki þyrfti að fara þessa leið, „en staðreyndin er sú að við þurfum það“.

„Við vonumst til að setja fordæmi með slíkum dómum. Nú tek ég fram að ég hef ekki kynnt mér dóminn. En þegar dómar nást í svona málum sendir það auðvitað ákveðin skilaboð út í samfélagið,“ segir Hallgrímur og bætir því við að skilaboðin séu þau að brot sem þessi séu ekki eðlileg, ekki í lagi.

Hallgrímur segir baráttu FRÍSK gegn brotum sem þessum þrískipta. „Við höfum viljað komast með höfundarréttarfræðslu inn í skólakerfið þannig að krakkarnir gerðu sér grein fyrir því hvað höfundarréttur snýst um. Við höfum verið í viðræðum við aðila, meðal annars ráðuneytin, í tengslum við það.“

Í öðru lagi þurfi að vera til löglegar leiðir svo fólki finnist það ekki þurfa að fara ólöglegu leiðina. „Eins og var nákvæmlega í þessu tilviki. Þarna var verið að taka úr löglegri þjónustu. Efni sem var nota bene framleitt af Íslendingum fyrir íslenskt fé og skapaði íslensk störf.“

Og svo þurfi að leita á náðir dómskerfisins þegar fólk lætur ekki segjast.




**Þáttunum var hlaðið upp á deildu.net þaðan sem rúmlega 10.000 sóttu hvorn þáttinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hallgrímur fagnar því jafnframt að lögreglan hafi tekið málið til rannsóknar á sínum tíma. Málið hafi verið unnið hratt og vel. „Það hefur ekki alltaf verið þannig með yfirvöld en í þessu tilviki gerðu þeir það.“

Skjárinn kærði málið til lögreglu í febrúar 2014. Maðurinn neitaði sök í málinu frá upphafi. Játaði því að hafa tekið upp þættina en hafnaði því að hafa deilt þeim á netinu. Þá hafnaði hann því jafnframt að tengjast notandanafninu Wikipedia, en sá notandi deildi þættinum með notendum deildu.net. Maðurinn kvaðst hafa vistað þættina á flakkara sem hann hafi síðan lánað félögum sínum í AA-samtökunum. Að auki hafi einhver mögulega getað komist í opna tölvu hans í skólanum.

> **Þegar dómar nást í svona málum sendir það auðvitað ákveðin skilaboð út í samfélagið.**
>
> Hallgrímur Kristinsson, formaður FRÍSK



Rannsókn lögreglu leiddi hins vegar í ljós að sérstök torrentskrá, notuð til að hala niður efni, hefði verið búin til í tölvu mannsins klukkan 22.42, 2. febrúar 2014. Klukkan 22.47 var skráni síðan hlaðið inn á deildu.net. **thorgnyr@frettabladid.is**

ALZHEIMER SAMTÖKIN

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Alzheimersamtakanna verður haldinn miðvikudaginn 9. maí 2018 í **Hásal**, Hátúni 10 og hefst hann kl. 17:00.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Vakin er athygli á að samkvæmt lögum Alzheimersamtakanna hafa þeir einir rétt til að sitja aðalfund sem lokið hafa greiðslu árgjalds liðins árs.

*Stjórnin*

# Eldsupptökin í rafmagnstenglum

**BRUNI** Eldsupptökin í húsnæði Icewear og Geymslna í Miðhrauni 4 í Garðabæ voru í rafmagnstenglum neðan við rafmagnstöflu á brunavegg í miðrými húsnæðis Icewear samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðu rannsóknar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Eldur kviknaði í húsinu að morgni fimmtudagsins 5. apríl síðastliðins og réð slökkvilið niðurlögum eldsins, sem var umfangsmikill. Mikinn reyk lagði frá húsinu og er það gjörónýtt. Gríðarlegt tjón varð í brunanum en margir sem geymdu muni hjá Geymslum misstu eigur sínar.

Fjöldi var viðstaddur til þess að fylgjast með eldsvoðanum og sáu margir á eftir persónulegum munum sem geymdir voru hjá fyrirtækinu Geymslum.

Rannsókn lögreglu hefur staðið yfir frá því föstudaginn 6. apríl, degi eftir að eldurinn var slökktur. **– dfb**




**Gríðarlegt tjón varð í brunanum í Miðhrauni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

## Hámarkshraði og hámarksgæði

Við höfum lagt allan okkar metnað í að skapa nýjan Prius Plug-In Hybrid fyrir þig. Minni loftmótstaða og öflugri rafhlaða en nokkru sinni fyrr kemur þér upp í hámarkshraða á rafmagninu einu saman, allt að 63 km vegalengd án þess að bensíndropa þurfi til. Ríkulegur tæknibúnaður og undursamlegt hugvit gæða aksturinn gleði undir stýri meðan þú vísar leiðina til betri Hybrid-tíma á nýjum og glæsilegum Prius Plug-In.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni** Kauptúni 6
**Toyota Akureyri** Baldursnesi 1
**Toyota Reykjanesbæ** Njarðarbraut 19
**Toyota Selfossi** Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

CITROËN

CITROËN C4 CACTUS
400.000 KR.
AFSLÁTTUR



Í tilefni þess að nýr C4 Cactus verður kynntur í maí þá seljum við síðustu bílana af núverandi gerð með 400.000 kr. afslætti! Keyrðu inn í vorið á nýjum, sparneytnum Citroën C4 Cactus!





Citroën C4 Cactus er nettur en rúmgóður með opið og bjart innra rými. Mælaborðið er stílhreint og 7" snertiskjárinn gerir allar aðgerðir einfaldar og þægilegar. Citroën C4 Cactus er sparneytinn, með skilvirkri vél og nýrri undurþýðri sjálfskiptingu.




CITROËN C4 CACTUS FEEL SJÁLFSKIPTUR FRÁ
2.540.000 KR.
VERÐ ÁÐUR 2.940.000 KR.

KOMDU OG MÁTAÐU CITROËN C4 CACTUS

brimborg
Öruggur staður til að vera á

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, S. 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, S. 515 7050



Sigþrúður Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, kynnti áform um byggingu nýs húsnæðis á fundi Íbúðalánasjóðs. Byggingin verður fjármögnuð með stofnframlögum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Konur dvelja lengur en áður í Kvennaathvarfinu

**Kostnaður Kvennaathvarfsins við byggingu nýs íbúðarhúsnæðis fyrir konur er yfir 300 milljónir króna. Vonast er til að framkvæmdir hefjist í haust.**

**VELFERÐARMÁL** Áformað er að framkvæmdir við byggingu íbúðarhúsnæðis sem Kvennaathvarfið hyggst reisa hefjist í haust. Sigþrúður Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, segir að Reykjavíkurborg sé búin að gefa vilyrði fyrir lóðinni, en staðsetningin verði ekki gefin upp. „Við köllum það bara á besta stað í bænum en við ákváðum að halda því fyrir okkur að sinni," segir Sigþrúður. Verið sé að vinna í deiliskipulagsmálum.

Stefnt er að því að byggja hús með sextán íbúðum. Í hverri þeirra verða 1 til 3 herbergi. Áætlaður heildarkostnaður við verkið er um 330 milljónir króna.

Sigþrúður hélt erindi um nýja húsið á fundi sem Íbúðalánasjóður hélt um úthlutun stofnframlaga. Húsnæðið verður að hluta til reist með stofnframlögum frá Íbúðalánasjóði, en líka með styrk frá Verkefninu á Allra vörum og Alheims Auði. Heimilinu er ætlað að vera fyrir konur sem þegar hafa dvalið í Kvennaathvarfinu. Á fundi Íbúðalánasjóðs í gær kom fram að tilgangurinn væri að konurnar búi áfram í öruggu húsnæði sem þær fá á viðráðanlegu verði. Áætlað er að dvalartími hverrar konu í húsinu verði 18 til 24 mánuðir. Í einhverjum tilfellum hugsanlega skemmri.

> Við erum alltaf að sjá fleiri og fleiri konur sem dvelja í hálft ár eða meira.
>
> Sigþrúður Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins

Sigþrúður segir að sá tími sem konur dvelji í Kvennaathvarfinu hafi lengst undanfarin fimm til sex ár og sé orðinn helmingi lengri en hann var. „Við erum alltaf að sjá fleiri og fleiri konur sem dvelja í hálft ár eða meira. Það er að hluta til vegna innra starfs hjá okkur en að hluta til vegna þess að konur hafa ekki í annað hús að venda. Þær bara komast ekkert út og já, húsnæðismarkaðurinn spilar svo sannarlega inn í," segir hún. Um helmingur kvennanna sem dvelji í kvennaathvarfinu sé erlendur.

„Konur dvelja hjá okkur í allt að ellefu mánuði. Einu sinni var fjölskylda hjá okkur í ellefu mánuði og átti þá líklega svona um 200 sambýliskonur og börn á þeim tíma, sem er kannski ekki æskilegt þegar til langs tíma er litið," segir Sigþrúður og bætir við að fjöldinn í húsinu verði vissulega mjög mikill með mjög löngum dvalartíma.

jonhakon@frettabladid.is

# Vilja gera RÚV að áskriftarsjónvarpi

**STJÓRNMÁL** Miðflokkurinn vill fjölga lögreglumönnum um land allt og efla þjálfun þeirra og búnað. Flokkurinn vill einnig setja á fót öryggis- og varnarmálastofnun, gera RÚV að áskriftarsjónvarpi, hækka lífeyrisgreiðslur til öryrkja og eldri borgara og lækka skatta. Hann vill afnema verðtryggingu, skerðingar bóta og erfðafjárskatt.

Flokkurinn vill nýta gas- og olíulindir í íslenskri lögsögu enda muni notkun þessara efna aukast mikið á heimsvísu á komandi árum.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í drögum að ályktunum landsþings Miðflokksins, sem fer fram um helgina.

Í drögunum er talað um að skynsemisstefna sé mikilvæg og að leita þurfi bestu og skynsamlegustu lausnanna með því að hlusta á öll sjónarmið. Ákvarðanir skuli byggja á rökum. Flokkurinn vill draga úr valdi embættismanna.

„Stjórnmálamenn eru fulltrúar almennings, ábyrgir fyrir að leiða samfélagið eftir þeirri stefnu sem þeir hafa boðað. Á undanförnum árum hafa stjórnmálamenn hins vegar fært völd í allt of ríkum mæli yfir á hendur embættismannakerfisins, nefnda, hagsmunaafla og fleiri aðila. Þegar stjórnmálamenn gefa frá sér ákvörðunarvaldið og ábyrgðina á þann hátt skerðist vald virkar þá ekki eins og skyldi," segir í tilkynningu frá flokknum. – bg



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson er formaður Miðflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# weather report™



**VORLÍNAN ER KOMIN Í VERSLANIR**

**Weather Report er sænskur útivistarfatnaður fyrir alla fjölskylduna þar sem lögð er áhersla á gæði, þægindi, hönnun og gott verð!**

**Pollagallar með og án flís**
st. 80-130

verð frá **6.499** kr







FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**MEST LESIÐ**



**1** Yfirlýsing frá Sindra: „Ég kem fljótlega“

**2** Teikningar af gagnaverinu fundust hjá Sindra

**3** Vilja varnarmálastofnun og aukna löggæslu

**4** Facebook flýr löggjöf um gagnaöryggi

# Freyja segir mikilvægt að finna fyrir stuðningi í baráttu sinni

**Freyja segir málið fyrst og fremst snúast um að fatlaðir njóti sömu málsmeðferðar og ófatlaðir. Fullt var út úr dyrum í dómssal Héraðsdóms Reykjavíkur í gær þegar málið var tekið fyrir og færri komust að en vildu. Málið teygir sig aftur til ársins 2014. Freyja vonast eftir að dómurinn skili niðurstöðu innan fjögurra vikna.**

**DÓMSMÁL** Fullt var út úr dyrum í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þegar aðalmeðferð fór fram í máli Freyju Haraldsdóttur, þroskaþjálfa og kynjafræðings, gegn Barnaverndarstofu. Í samtali við Fréttablaðið sagði Freyja að 13 vitni hefðu komið fyrir dóminn, bæði frá sér og Barnaverndarstofu. Málið á sér langan aðdraganda.

„Stefnan snýr að því að ég sæki um að gerast fósturforeldri árið 2014 og er samþykkt hjá sveitarfélagi. Í kjölfarið á maður með réttu að fara í frekara mat hjá Barnaverndarstofu sem felst í námskeiði. Þrátt fyrir að ég hafi uppfyllt öll skilyrði ákvað Barnaverndarstofa að hleypa mér ekki í frekara mat vegna þess að ég er fötluð og um það snýst málið,“ útskýrir Freyja.

Freyja tekur það skýrt fram að málið snúist um málsmeðferðina en ekki beinan rétt hennar til þess að vera foreldri.

Hún segir að krafa sín sé að dómurinn ógildi ákvörðun Barnaverndarstofu um að hún megi ekki halda áfram í ferlinu. Freyja byrjaði á að áfrýja ákvörðun Barnaverndarstofu til úrskurðarnefndar velferðarmála sem hafi staðfest niðurstöðuna.



**Freyja segist vera þakklát fyrir stuðning síðustu daga.** FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, annar lögmanna Freyju, segir að í málinu reyni mest á jafnræðisregluna annars vegar og á rannsóknarreglu stjórnsýsluréttarins hins vegar. Hún segir Barnaverndarstofu hafa neitað Freyju um frekara mat vegna skilyrða um almenna góða heilsu, öryggi og stöðugleika sem er að finna í 6. grein reglugerðar um fóstur.

„Við byggjum á því í málinu að læknisvottorð og öll gögn málsins sýni að hún uppfyllir öll þessi skilyrði en Barnaverndarstofa telur ekkert skilyrðanna vera uppfyllt,“ bendir Auður Tinna á.

Freyja segist hafa fundið fyrir miklum stuðningi undanfarna daga.



**Auður Tinna Aðalbjarnardóttir.**

Fólk hefur meðal annars skipt út prófílmyndum sínum á Facebook til stuðnings Freyju.

„Ég held að það hafi sýnt sig allra best við aðalmeðferðina því það var troðið út úr dyrum af stuðningsfólki og það komust ekki allir að sem vildu,“ segir Freyja þakklát.

Hún segir það mikilvægt að finna fyrir stuðningi þegar barist er fyrir réttindum því það getur gengið nærri manni.

Dómarar hafa fjórar til átta vikur til að skila dómi en Auður Tinna gerir sér vonir um að dómur verði kveðinn upp innan fjögurra vikna. Þegar Freyja er spurð um væntingar sínar til niðurstöðu dómsins segir hún það vera skyldu sína að vera vongóð.

Hún hefði ekki farið í þetta ferli ef hún hefði ekki haft trú á að dæmt yrði henni í vil.

**gretarthor@frettabladid.is**



Hjallastefnan

# Jafnrétti og gleði allan daginn :)

## Við tökum á móti umsóknum vegna starfa í Hjallastefnuleikskólum þar sem vinnudagur er styttri en í öðrum leikskólum.



### Leikskólastarf er fjölbreytt, skemmtilegt og gefandi. Börn og foreldrar virða starfsfólk mikils og vinnuumhverfi er frábært.

**Hvernig getur starfsfólk okkar verið 6 til 7 tíma í leikskólanum á dag fyrir full laun?**

- Fagfólkið vinnur 6 tíma á dag með börnum og aðstoðarfólk er með 7 tíma í fastri viðveru.
- Allir skiptast á að vera á morgunvöktum og síðdegisvöktum til að manna leikskólann.
- Allt starfsfólk fær launaðan undirbúningstíma en ræður sjálft hvar og hvenær hann er unninn.
- Styttri viðvera með börnum tryggir að allir halda orku sinni og gleði með börnunum.
- Betri frí hjá okkur, s.s. góð jóla- og páskafrí, hvíla starfsfólkið sem mætir endurnýjað til starfa.

**Við bjóðum fleira:**

- Laun eru betri í Hjallastefnuskólum en gengur og gerist.
- Við styðjum fólk til ókeypis leikskólaliðanáms.
- Með samhjálp starfsfólks ríkir mikill sveigjanleiki.
- Starfsfólk í hverri starfseiningu skipuleggur vaktir og mætingar sjálft.
- Starfsfólki eru útveguð starfsmannaföt.
- Starfsfólk er í fríu fæði allan daginn og komið er til móts við séróskir í mataræði.

**Staðreyndir um Hjallastefnuleikskóla:**

- Hjallastefnan byggir á íslensku hugviti og er margverðlaunuð, bæði á Íslandi og erlendis.
- Við höfum náð mjög góðum árangri í starfi, bæði á leik- og grunnskólastigi.
- Ánægja foreldra í leikskólum Hjallastefnunnar er með því mesta sem þekkist og biðlistar langir.
- Við rekum 14 leikskóla víðsvegar um landið.
- Minni hávaði er í Hjallastefnuleikskólum heldur en í öðrum leikskólum.
- Hjá okkur er mikill mannauður; hátt hlutfall fagfólks og fólk með fjölbreytta menntun og reynslu.
- Flestir af okkar leikskólum verða lokaðir á milli jóla og nýárs.

Þú getur sótt um:
www2.hjalli.is/Starfsumsokn




Meðferð blaðamanna Reuters hefur verið mótmælt. NORDICPHOTOS/AFP

## Blaðamennirnir leiddir í gildru

**MJANMAR** Lögreglustjóri í Mjanmar skipaði lögregluþjónum að leiða tvo blaðamenn Reuters í gildru. Þeir ættu að lokka þá á veitingastað með því að lofa þeim leyniskjölum og svo handtaka þá. Þetta fullyrti lögreglustjórinn Moe Yan Naing í skýrslutöku fyrir dómi í máli gegn Reuters-blaðamönnunum Wa Lone og Kyaw Soe Oo í gær.

Réttarhöldin yfir Lone og Oo hafa staðið yfir frá því í janúar en blaðamennirnir eru ákærðir fyrir að brjóta upplýsingalög. Þeir eiga yfir höfði sér fjórtán ára fangelsisdóm en umfjöllunin sem þeir unnu að snerist um þjóðernishreinsanir á Róhingjum í Rakhine-héraði Mjanmar.

Blaðamennirnir höfðu sagt frá því að þeir hefðu verið handteknir sekúndum eftir að þeir fengu skjölin í hendurnar. Lögreglumennirnir tveir sem handtóku Lone og Oo hafa ekki enn borið vitni í málinu.

Myo Thu Soe, ofursti og talsmaður lögreglunnar, sagði vitnisburð Naing byggðan á tilfinningum lögreglustjórans. Ekki væri hægt að gera ráð fyrir því að frásögnin væri sönn.

Amal Clooney, einn verjenda blaðamannanna, sagði í yfirlýsingu í gær að ákæruvaldið ætti að fella niður ákæru sína. Annars myndi dómari vísa málinu frá. **– þea**

# Tekjutap í breyttu umhverfi

**Mennta- og menningarmálaráðherra horfir til Norðurlandanna og Bretlands vegna breytinga á starfsumhverfi fjölmiðla. Dönsk stjórnvöld hafa kynnt tillögur til að bregðast við rekstrarstöðu fjölmiðla.**

**FJÖLMIÐLAR** Gert er ráð fyrir því í fjármálaáætlun að tekjutap ríkisins vegna afnáms virðisaukaskatts á bækur og breytinga á fjölmiðlaumhverfi þýði tekjutap sem nemur rúmum hálfum milljarði á næstu árum.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segist horfa til alþjóðlegs umhverfis við vinnu á breytingum vegna starfsskilyrða fjölmiðla. „Ég er að horfa á öll Norðurlöndin og ég er líka að horfa á Breta sem eru með sterkt ríkissjónvarp, BBC.

Nálgunin er alþjóðleg og það er alveg ljóst að við hlutfallslega erum að styrkja okkar einkareknu fjölmiðla minna en þau lönd sem við miðum okkur við. Þetta verður stór þáttur í þeirri niðurstöðu sem við komumst að,“ segir Lilja.

Nefnd sem Illugi Gunnarsson, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, skipaði um breytt rekstrarumhverfi fjölmiðla skilaði Lilju Alfreðsdóttur, núverandi ráðherra, skýrslu í lok janúar. Þar er meðal annars lagt til að einkareknir fjölmiðlar fái endurgreiðslu á hluta kostnaðar vegna framleiðslu á fréttum og fréttatengdu efni, að Ríkisútvarpið fari af auglýsingamarkaði, að virðisaukaskattur áskrifta verði 11 prósent, að áfengis- og tóbaksauglýsingar verði heimilaðar, að einkareknir fjölmiðlar fái endurgreiðslu á hluta kostnaðar vegna textunar og talsetningar á efni, að undanþáguheimildir verði gefnar vegna textunar og talsetningar og að tryggt verði gagnsæi í kaupum hins opinbera á auglýsingum.



Breytingar á fjölmiðlaumhverfinu þýða töluvert tekjutap fyrir hið opinbera. NORDICPHOTOS/GETTY

Dönsk stjórnvöld kynntu um daginn tillögur til að bregðast við rekstrarstöðu fjölmiðla. Lilja segist vera búin að kynna sér þær og að þær hafi verið ræddar í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Eftir að fréttir birtust af tillögunum í dönskum fjölmiðlum sagði Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, að í Evrópu væru menn að átta sig á hversu mikil tímaskekkja ríkisreknir ljósvaka- og netmiðlar eru. „Og ekki bara tímaskekkja heldur fullkomlega óeðlilegt út frá jafnræðis-og samkeppnissjónarmiðum. Eins og oft áður eru Danir fyrstir að rakna úr rotinu. Á Íslandi eru menningar- og öryggisrökin fyrir tilvist RUV úr sér gengin sem og rökin fyrir aðgengi allra að ljósvakamiðlum. Kannski að hollvinir RUV reyni að beita lýðheilsusjónarmiðum eins og við hollvinir ÁTVR gerum fyrir einkasölu ríkisins á áfengi,“ sagði Brynjar á Facebook. **jonhakon@frettabladid.is**


MÁLÞING UM GRÆNNI BYGGÐ

Fimmtudaginn 26. apríl kl. 13.00-16.30 í Veröld, húsi Vigdísar, Brynjólfsgötu 1

VIÐSNÚNINGURINN Í UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSMÁLUM

HVERNIG EIGUM VIÐ AÐ BYGGJA FYRIR GRÆNNI FRAMTÍÐ?

Á málþingið um grænni byggð koma erlendir og innlendir fagsérfræðingar um grænar lausnir og áherslur í byggingariðnaði og skipulagi.


Mette Qvist framkvæmdasjóri Green Building Council


Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri


Gísli Marteinn Baldursson, borgarfræðingur


Bryndís Skúladóttir, sviðsstjóri framleiðslusviðs SI


Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins


Eric Holding, arkitekt og borgarhönnuður


Ólafur H. Wallevik, forstöðumaður Rb. Hjá NMI


Helga Jóhanna Bjarnadóttir, efnaverkfræðingur hjá EFLU

Málþing um Grænni byggð/Vistbyggðardagurinn er skipulagður af Vistbyggðarráði í samstarfi við Framkvæmdasýslu ríkisins, Mannvirkjastofnun og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Skráning á vbr@vbr.is. Verð 6.000 kr. fyrir aðila að Vistbyggðarráði, 9.000 kr. fyrir aðra og 2.000 kr. fyrir háskólanema. Sjá má alla dagskrána á www.vbr.is

Vistbyggðarráð · Nýsköpunarmiðstöð Íslands · Mannvirkjastofnun · fsr




## Passat GTE á betra verði. Góð ástæða til að skipta um orkugjafa.

Á **Passat GTE** kemstu flestra þinna ferða á raforkunni einni saman, en í langferðum tekur sparneytin bensínvélin við. Þú þarft aldrei aftur að fara inn í kaldan bíl eða týna honum á bílastæðinu. Í gegnum Car-Net appið getur þú notað snjallsímann sem fjarstýringu fyrir þinn Passat GTE. Komdu í reynsluakstur og upplifðu snerpuna.

### Passat GTE

**Bakkmyndavél, LED aðalljós, 17" álfelgur ofl.**

Vistvænt tilboðsverð

**3.990.000 kr.***

### Passat GTE Comfort

**Bílastæðaaðstoð, lyklalaust aðgengi, leiðsögukerfi ofl.**

Vistvænt tilboðsverð

**4.590.000 kr.**

### Passat GTE Premium

**Sóllúga, WiFi, 18" álfelgur, leðursæti ofl.**

Vistvænt tilboðsverð

**5.290.000 kr.**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**Við látum framtíðina rætast.**

Til afhendingar strax!

Volkswagen

*Passat Variant, station útgáfa +100.000 kr.

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# Höfða mál gegn Rússum, framboði Trumps og WikiLeaks

**BANDARÍKIN** Miðstjórn Demókrataflokksins í Bandaríkjunum hefur höfðað mál gegn ríkisstjórn Rússlands, rússnesku leyniþjónustunni GRU, háttsettum einstaklingum úr forsetaframboði Donalds Trump og lekasíðunni WikiLeaks. Washington Post sagði frá málsókninni en Demókratar halda því fram að fyrrnefndir aðilar hafi í samráði haft óeðlileg afskipti af forsetakosningunum.

„Meðan á kosningabaráttu stóð réðust Rússar af öllum mætti á lýðræði okkar og fundu sér samstarfsaðila í forsetaframboði Donalds Trump,“ sagði Tom Perez, formaður miðstjórnar Demókrata, í yfirlýsingu í gær.

Málið var höfðað í Manhattan. Snýr það einna helst að því að Rússar hafi ráðist á tölvukerfi Demókrata og síðan dreift, með aðstoð WikiLeaks, upplýsingum sem þaðan var stolið. Framboðið hafi verið með í ráðum og síðan reynt að vekja athygli á lekanum. **– þea**


EFLING
STÉTTARFÉLAG

## AÐALFUNDUR
## Eflingar-stéttarfélags 2018

Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags 2018 verður haldinn á Grand Hótel **fimmtudaginn 26. apríl 2018.** Fundurinn hefst kl. 20.00.

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Endurskoðaðir reikningar félagsins liggja frammi á skrifstofunni að Sætúni 1/Guðrúnartúni 1 Reykjavík frá og með miðvikudeginum 18.apríl nk.

Félagar mætið vel og stundvíslega.

***Stjórn Eflingar-stéttarfélags***



CITROËN

CITROËN **JUMPY**

**FJÖLHÆFUR & STERKUR**

VERÐ FRÁ **2.702.000 KR.** ÁN VSK
3.350.000 KR. MEÐ VSK

BJÓÐUM EINNIG REKSTRARLEIGU



BAKKAÐU AF ÖRYGGI



Nálægðarskynjarar að aftan

LENGDIN SKIPTIR MÁLI



MODUWORK - aukið flutningsrými

Þrjár lengdir
– allt að 4 metra
flutningsrými
S
M
XL



KOMDU & MÁTAÐU
CITROËN JUMPY Í DAG!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

CITROEN.IS

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050




ETA-samtökin hafa nú beðist afsökunar. Allt stefnir í varanlega upplausn á starfsemi ETA. NORDICPHOTOS/AFP

# Afsökunarbeiðni skref í átt að upplausn ETA

**Aðskilnaðarsamtök Baska biðjast afsökunar. Höfðu áður lagt niður vopn. Gerðu fjölda árása og myrtu meðal annars forsætisráðherra á sínum tíma. Afsökunarbeiðninni hafnað. Spænska ríkið fer fram á skilyrðislausa upplausn.**

**SPÁNN** Euskadi Ta Askatasuna (ETA), aðskilnaðarsamtök Baska, báðust í afsökunar á þeim þjáningum sem hryðjuverkaárásir þeirra í baráttunni fyrir aðskilnaði ollu fórnarlömbum sem ekki áttu ekki beina aðkomu að átökunum. Búist er við því að tilkynnt verði um upplausn ETA á næstu vikum en samtökin birtu yfirlýsingu gærdagsins í tveimur baskneskum dagblöðum.

„Við erum meðvituð um að við höfum valdið miklum þjáningum, óbætanlegum skaða, í þessari löngu, vopnuðu baráttu,“ sagði í yfirlýsingunni. Að auki sögðust ETA-liðar vilja sýna hinum látnu virðingu. „Við viljum biðja hina særðu og önnur fórnarlömb sem hlutu skaða af aðgerðum ETA afsökunar.“

Á þeim rúmu fjörutíu árum sem ETA barðist við Spánverja í Baskalandi er talið að 343 almennir borgarar hafi látið lífið, þar af 23 börn. Þá féllu einnig 387 spænskir lögreglumenn, 98 spænskir hermenn og einn franskur lögreglumaður. Einnig féllu um 200 ETA-liðar í átökunum.

Árið 2011 tilkynnti ETA að samtökin myndu ekki lengur beita vopnum í baráttunni fyrir aðskilnaði og var varanlegu vopnahléi komið á. Á síðasta ári afvopnuðust samtökin svo alfarið. Þrátt fyrir þessi skref hefur hvorki spænska né franska ríkið viljað eiga í viðræðum við samtökin. Upplausnar ETA hefur verið krafist og er afsökunarbeiðni gærdagsins talin stórt skref í þá átt.

ETA stigu fyrst fram á sjónarsviðið árið 1959 sem stúdentahreyfing, andvíg alræðisstjórn Franciscos Franco. Enda hafði Franco bannað baskneska tungu, beitt sér gegn baskneskri menningu og fangelsað og pyntað baskneska fræðimenn og aktívista fyrir skoðanir þeirra.

Samtökin gerðu fjölda árása á sínum tíma. Vert er að minnast á morðið á Luis Carrero Blanco, forsætisráðherra Francos, árið 1973, árás á stórmarkað í Barcelona sem kostaði 21 lífið árið 1987 og morðið á Ernest Lluch, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, árið 2000.

Árásir ETA hafa rist djúpt. Eru því ekki allir tilbúnir að fyrirgefa ETA þótt samtökin biðjist nú afsökunar. Tvenn samtök fórnarlamba hryðjuverkaárása höfnuðu afsökunarbeiðninni í gær. Um er að ræða Samtök fórnarlamba hryðjuverka (AVT) og Samband fórnarlamba hryðjuverka (COVITE).

> **Við höfum sigrast á ETA með lýðræðið að vopni.**
>
> Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar

AVT sögðu í gær að yfirlýsing ETA væri enn eitt skref samtakanna í áætlun þeirra um að firra sig ábyrgð. ETA reyndi nú að endurskrifa söguna til þess að hvítþvo sig af glæpum.

„Mér finnst þetta skammarlegt og siðferðilega rangt. Að þau skuli gera greinarmun á fólki sem átti skilið að fá kúlu í hausinn og fólki sem fórst vegna þess að það var óheppilega nálægt sprengjum ETA og átti ekki skilið að deyja,“ sagði Maria del Mar Blanco, leiðtogi AVT, við fréttastofu AFP í gær.

Hin samtökin, COVITE, voru á sama máli. Gagnrýndu þau þessa skiptingu ETA á fórnarlömbum árásanna og sögðu ETA reyna að gera lítið úr glæpum sínum.

Spænska ríkisstjórnin brást við yfirlýsingu ETA með því að segja að samtökin hefðu verið sigruð. Þau hefðu hvorki pólitískt né hernaðarlegt vægi og að þeim hefði mistekist að öllu leyti í baráttu sinni.

„Þetta er afleiðing styrks laga og reglu. Við höfum sigrast á ETA með lýðræðið að vopni. ETA hefðu átt að biðjast afsökunar fyrir löngu,“ sagði í yfirlýsingu ríkisstjórnar Marianos Rajoy forsætisráðherra.

Juan Ignacio Zoido, innanríkisráðherra Spánar, ítrekaði í gær ákall stjórnvalda um skilyrðislausa upplausn ETA. Samtökin myndu ekki fá neitt í staðinn fyrir að leggja niður alla starfsemi.

Talið er að um 300 meðlimir ETA séu nú í spænskum, frönskum og portúgölskum fangelsum. Þá séu allt að hundrað enn á flótta. ETA hafa áður farið fram á að fangarnir verði fluttir í fangelsi nær fjölskyldum sínum eftir að starfsemi hefur verið lögð niður. **thorgnyr@frettabladid.is**











## 170.000 km$^2$ 4G kerfi

Vodafone hefur algjöra sérstöðu í farsímaþjónustu sem teygir sig um landið og miðin á u.þ.b. 170.000 ferkílómetra svæði. Við vinnum stöðugt að því að auka gæði og dreifingu kerfisins til framtíðar. Nú síðast með uppfærslu háhraða í 4G+ sem nær allt að 250 Mb/s.

## 4G í yfir 50 löndum

Með 4G í símanum þínum opnar Vodafone þér stöðugt og hnökralaust samband hvert sem leið þín liggur bæði innanlands og erlendis í samstarfi við Vodafone Group. Vodafone fylgir þér til yfir 50 landa nú þegar og fleiri lönd bætast stöðugt við.

## Sjónvarp gegnum 4G

Ný uppfærsla á Vodafone Sjónvarpi færir þér dagskrána þína um 4G beint í símann. Njóttu þess besta sem framtíðin hefur að bjóða með stöðugri tengingu og sjónvarpsefni á ferðinni. Náðu í Vodafone PLAY appið fyrir símann þinn strax í dag.

Framtíðin er spennandi.

# Ertu til?

vodafone


GARÐHEIMAR
TILBOÐ
★ VORGLEÐIVÖNDUR 3.980KR
★ KRÝSI 490KR
★ ÞYKKBLÖÐUNGAR 490KR
★ VOR ERIKA 250KR
★ WEBER KOLAGRILL 57CM 31.900KR


Vorgleði Garðheima
Frábærir gestir, fróðleikur og tilboð
20 - 30% afsláttur
GARÐHÚSGÖGN ★ ALLIR POTTAR ★ SÝPRUSAR
KRYDDPLÖNTUR ★ VORLAUKAR ★ VERKFÆRI
GARÐÁBURÐUR ★ KLIPPUR ★ BLÓMAFRÆ
WEBER KOL OG GRILLAUKAHLUTIR
LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI 13 OG 15
GRILLAÐAR PYLSUR OG DRYKKUR Á 200KR
ÍS Í BOÐI FYRIR BÖRNIN FRÁ emmessís
Á LAUGARDAG MILLI 14 OG 16
HESTAFERÐIR FYRIR KRAKKANA MEÐ KRAKKAHESTUM
SUNNUDAG MILLI 14 OG 16
BLAÐRARI OG RÁFARI FRÁ SIRKUS ÍSLANDS SKEMMTA KRÖKKUNUM
› VILTU LÆRA AÐ RÆKTA MATJURTIR
FYRIRLESTUR MEÐ JÓNI GUÐMUNDSSYNI GARÐYRKJUFRÆÐINGI UM MATJURTARÆKTUN LAUGARDAG KL 16:00 Á SPÍRUNNI
› VILTU LÆRA AÐ ÚTBÚA HUNANG?
ERLA OG SVALA FRÁ FRÆÐSLUNEFND BÝRÆKTARFÉLAGSINS KYNNA BÝRÆKT Á ÍSLANDI OG GEFA SMAKK AF HUNANGI FRÁ ÝMSUM HEIMSHORNUM. LAUGARDAG MILLI 13 OG 17.
› VILTU LÆRA AÐ GERA SÚRKÁL?
DAGNÝ HERMANNSDÓTTIR HÖFUNDUR BÓKARINNAR SÚRKÁL FYRIR SÆLKERA KYNNIR BÓK SÍNA OG GEFUR SMAKK FRÁ KL14 Á SUNNUDAG OG HELDUR FYRIRLESTUR UM SÚRKÁLSGERÐ KL 16 Á SPÍRUNNI.
› VILTU FÁ RÁÐGJÖF UM FRAMKVÆMDIR Í GARÐINUM?
JÓNAS FREYR HARÐARSON GARÐYRKJUMAÐUR VEITIR RÁÐGJÖF Á LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI 13 OG 16
› GRILLFAÐIRINN HJALTI VIGNISSON
KYNNIR NÝJA LÚXUS KOLAGRILLIÐ, WEBER SUMMIT GRILL FYRIR ALVÖRU GRILLARA! LAUGARDAG MILLI 13 OG 17.
› GARÐYRKJUFÉLAG ÍSLANDS KYNNIR STARFSEMI SÍNA
LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI 13 OG 16
› SUMARHÚSIÐ OG GARÐURINN
KYNNIR SITT SKEMMTILEGA GARÐYRKJUBLAÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI 14 OG 16
GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Biðlistar eru ekki bara tölur á blaði

**Leifur Á. Aðalsteinsson bíður eftir liðskiptaaðgerð á mjöðm. Það tók spítalann tvo og hálfan mánuð að svara hvort tilvísun hans væri móttekin. Hann fær viðtal við bæklunarlækni eftir fjóra til fimm mánuði.**



Leifur Á. Aðalsteinsson er einn fjölmargra sem bíða eftir liðskiptaaðgerð. Hann segir erfitt að einangrast í veikindum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**HEILBRIGÐISMÁL** „Í allri þessari umræðu í þjóðfélaginu um biðlista eftir liðskiptaaðgerðum og kostnað við aðgerðir gleymist að á bak við biðlista er fólk sem bíður kvalið eftir aðgerð. Biðlistar eru ekki tölur á blaði heldur geyma þeir sjúklinga sem geta lítið annað gert en beðið,“ segir Leifur Á. Aðalsteinsson, 75 ára gamall Reykvíkingur sem bíður eftir liðskiptaaðgerð á mjöðm.

Leifur er einn fjölmargra sem bíða í íslensku heilbrigðiskerfi eftir liðskiptaaðgerð. Liðskiptaaðgerðir eru framkvæmdar af hinu opinbera á Landspítalanum, á Akranesi og á Akureyri. Einnig hefur Klíníkin í Ármúla gert nokkra tugi aðgerða af þessu tagi, bæði liðskiptaaðgerðir á mjöðm og hné. Klíníkin er hins vegar ekki með samning við Sjúkratryggingar Íslands um aðgerðirnar og því tekur hið opinbera ekki þátt í kostnaðinum við þær.

### Fær viðtal í haust

Hægt er að grynnka á biðlistum með því að gera samning við Klíníkina um að taka að sér fleiri aðgerðir og þannig stytta biðtíma sjúklinga. Leifur segir þann tíma sem hann hefur beðið hafa reynst honum þungbær. „Ég var búinn að vera kvalinn nokkuð lengi áður en heimilislæknirinn minn sótti um liðskiptaaðgerð fyrir mig þann 4. janúar. Ég fékk svarbréf þann 23. mars frá Landspítalanum með þeim orðum að tilvísun mín frá heimilislækni væri í vinnslu og ég myndi fá bréf eftir fimm til sex mánuði frá þeim degi um viðtal við bæklunarlækni,“ segir Leifur.

Hann segist hafa verið nokkuð ósáttur við þessar upplýsingar og tjáð spítalanum að hann gæti ómögulega beðið svo lengi eftir aðgerð. „Ég fékk hálf kaldhæðnislegt svar frá spítalanum þess efnis að heimilislæknirinn yrði bara að „halda mér gangandi á meðan“ með verkjalyfjum.“

### Einangrunin erfiðust

Leifur segir þessa bið taka verulega á sig bæði líkamlega en ekki síður andlega. „Það eru ekki bara líkamlegar þjáningar og verkir sem þessu fylgir heldur margt annað sem maður þarf að takast á við einnig,“ segir Leifur. „Þegar þú ert svona þjáður þá minnkar allur vilji og geta til mannlegra samskipta. Við sem erum í þessum sporum einangrumst heima hjá okkur og minnkum samskipti óafvitað við vini og fjölskyldu. Það er þessi einangrun sem verður svo erfið.“

709 sjúklingar voru á biðlista í febrúar eftir liðskiptaaðgerð á hné og á sama tíma voru 385 sjúklingar í bið eftir liðskiptaaðgerð á mjöðm. Í fyrra voru 800 aðgerðir á mjöðm gerðar hér á landi en rétt tæplega 800 hnjáliðaskipti.

### Bara hugsað um kostnað

„Það gleymist líka í þessari umræðu um biðlista eftir liðskiptaaðgerðum að sjúklingar í bið lifa við þannig verki að maður hættir að gera það sem maður gerði áður. Ég fer ekki í sund og ekki í göngutúr sem hefur þær afleiðingar að líkaminn rýrnar og vöðvar minnka, mótstöðuafl ónæmiskerfisins minnkar. Þetta virðist víst skipta ráðamenn engu máli. Þar er bara hugsað um kostnað og biðlista.

Auðvitað viljum við ekki einangrast en það gerist hægt og rólega. Maður hefur minni vilja til að hitta vini, það hverfur einhvern veginn,“ segir Leifur. „Til að mynda tók ég það ráð að fara í Hörpu vegna Barnamenningarhátíðar til að dást að litla barnabarninu mínu dansa á sviðinu. Það var æðisleg stund. En það þýddi það að ég svaf ekkert nóttina eftir vegna verkja. Maður vegur og metur hvað maður gerir hverju sinni því ég veit að verkirnir munu koma,“ bætir hann við.

Hafi íslenskir sjúklingar beðið í þrjá mánuði eftir aðgerð hér á landi gefst þeim tækifæri til að fara til Svíþjóðar í aðgerð og greiða Sjúkratryggingar þær aðgerðir að fullu. En af einhverjum ástæðum er ekki vilji til þess að gera samning við Klíníkina um að grynnka á biðlistunum og spara fé hins opinbera en Klíníkin gerir aðgerðirnar fyrir um þriðjung þeirrar upphæðar sem það kostar að flytja sjúklingana til Svíþjóðar.

### Vantar pennastrik ráðherra

Að mati Leifs er mikilvægt að sjúklingar séu settir í forgang í íslensku heilbrigðiskerfi.

„Það eru margir sem eru í sömu sporum og ég, sem bíða eftir aðgerð kvaldir heima hjá sér. Það þarf að setja þessa sjúklinga í forgang. Ráðherra hefur sagt það óásættanlegt að fólk sé sent til Svíþjóðar í aðgerðir sem hægt er að gera hér á landi. Ráðherra verður hins vegar að svara því hvernig hún ætlar að breyta því,“ segir Leifur og hefur ákveðnar hugmyndir um hvað sé hægt að gera.

„Þetta er í raun ofureinfalt. Það er rétt sem kom fram hjá framkvæmdastjóra Klíníkurinnar um að pólitískan vilja skorti til að taka á þessum vanda. Að mínu mati þarf ekki nema eitt pennastrik ráðherra og þá er hægt að ráðast á þennan biðlista og kippa þessu í liðinn, ef svo má að orði komast.“

Leifur á von á því að fá viðtal við bæklunarlækni Landspítalans síðsumars. Á meðan mun hann þurfa að bíða eftir aðgerðinni.

„Ég er ekki einn í þessu. Mörg hundruð manns bíða á sama tíma. Þetta er lifandi fólk og stjórnmálamenn ættu að sjá sóma sinn í að huga að því að biðlisti er ekki tala á blaði, heldur sjúklingar í sárri neyð eftir aðgerð.“ sveinn@frettabladid.is




LSR heldur fund fyrir sjóðfélaga á lífeyri og maka þeirra 24. apríl 2018 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 14:00.

Dagskrá:
- Kynningar frá LSR
- Benedikt Jóhannesson flytur erindi
- Sigrún Hjálmtýsdóttir syngur nokkur lög
- Kaffiveitingar
- Fyrirspurnir og umræður.

Nánari upplýsingar um fundinn er að finna á vef LSR.

LSR Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is
www.lsr.is




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Krúttlega Ísland



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Mál strokufangans Sindra Þórs Stefánssonar er um margt lýsandi fyrir okkar litlu og saklausu þjóð. Maður situr í fangelsi og fær þá hugmynd um miðja nótt að láta sig hverfa úr fangelsinu. Hann kaupir flugmiða á netinu, hringir í leigubíl og tekur næstu vél úr landi, en svo vill til að forsætisráðherra er einnig um borð.

Engan grunar neitt í fangelsinu fyrr en morguninn eftir að tekið er eftir því að maðurinn er horfinn. Fangelsismálastjóri lætur þá taka viðtal við sig en virkar fremur ráðalaus íklæddur sumardressi í vorhretinu með hálflagðan kapal í bakgrunni. Ekkert gengur að hafa uppi á strokufanganum fyrr en hann sendir bréf á dagblað í bænum og segir mannskapnum að anda rólega, enda komi hann heim fljótlega.

Allt ratar þetta svo í erlenda fjölmiðla sem telja það stórmerkilegt að strokufanginn hafi deilt flugvél með forsætisráðherra. Undirtónninn er háðskur og gefur í skyn einhvers konar krúttlega sveitamennsku. Sennilega er það bara gott mál, enda vandamál okkar tiltölulega fá og smá í alþjóðlegu samhengi, og hreinleikinn og sakleysið sennilega eitt af því sem gerir landið okkar að eftirtektarverðum áfangastað.

En hvor upplifunin af Íslandi er rétt, er það sú sem BBC og fleiri erlendir miðlar hafa teiknað upp í tengslum við strokufangamálið, eða er það raunsannari lýsing sem hér hefur heyrst og þá yfirleitt frá forsvarsmönnum löggæslumála, að Ísland sé ekki lengur lítið og saklaust land? Verjast verði alþjóðlegu hryðjuverkaógninni og erlendum glæpagengjum sem hér starfi í síauknum mæli? Úr sömu átt heyrist reglulega að nauðsynlegt sé að vopna lögregluna, og raunar hefur sú vopnavæðing gengið svo langt að síðasta sumar sást til lögreglumanna með alvæpni á fjölskylduhátíðum.

**Allt ratar þetta svo í erlenda fjölmiðla sem telja það stórmerkilegt að strokufanginn hafi deilt flugvél með forsætisráðherra. Undirtónninn er háðskur og gefur í skyn einhvers konar krúttlega sveitamennsku.**

Sænski læknirinn og tölfræðisnillingurinn Hans Rosling sýndi fram á að þrátt fyrir síbylju um annað stenst sú skoðun ekki að heimur fari versnandi. Þvert á móti, hryðjuverkaógn fer minnkandi, ofbeldi sömuleiðis styrjöldum fækkar. Mannlífið er almennt friðsælla en á nokkru öðru skeiði í mannkynssögunni. Hins vegar er það svo að sumir stjórnmálaleiðtogar víðsvegar um heim hagnast á því að mála tilveruna dökkum litum. Alið er á tortryggni, yfirleitt út frá einangruðum voðaverkum sem látið er í skína að sýni þróun í átt til vargaldar.

Staðreyndin er hins vegar sú að Ísland hefur trónað á toppi lista World Economic Forum yfir friðsælustu lönd heims samfleytt í heilan áratug, og hefur frekar aukið á forskot sitt en hitt. Lögreglan ætti að líta á þessa tölfræði með stolti.

Áhersla í löggæslumálum á Íslandi hefur í sögulegu ljósi verið á almenna löggæslu. Enda er ímynd almennra lögreglumanna með eindæmum góð. Tilfinningin er aftur á móti sú að undanfarin ár hafi verið vikið af þeirri braut, og áherslan færst yfir á gæluverkefni og vopnabrask.

Græjudella á sér margar birtingarmyndir.

Frekar ætti að forgangsraða þannig að fjármagn fari í hina almennu löggæslu. Alþjóðlegir mælikvarðar sýna að við höfum haldið ágætlega á spöðunum gegnum árin. Er ekki myndin sem birtist af okkur í heimspressunni í tengslum við strokufangamálið bara eftirsóknarverð?

Háteigskirkja

**Aðalsafnaðarfundur**

Aðalsafnaðarfundur Háteigssóknar verður haldinn í Safnaðarheimili kirkjunnar **sunnudaginn 6. maí nk. kl. 12,** að lokinni messu.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf.

***Sóknarnefnd.***

Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Að leggjast með hundum

Hneyksli skekur nú Bretland. Upphaf þess má rekja til endaloka síðari heimsstyrjaldarinnar. Í kjölfar styrjaldarinnar ríkti skortur á vinnuafli í Bretlandi. Brugðu bresk stjórnvöld á það ráð að bjóða íbúum frá Jamaíka og öðrum ríkjum í Karíbahafinu að flytjast þangað búferlum. Fyrsti hópurinn sem þáði boðið kom til landsins með skipinu Empire Windrush sumarið 1948.

Talið er að í Bretlandi búi nú um 500.000 manns sem tilheyra Windrush-kynslóðinni. Er um að ræða fólk á eftirlaunaaldri sem kom til landsins sem börn í fylgd með foreldrum sínum og ól aldur sinn í Bretlandi.

Þær eru kaldar kveðjurnar sem þessi hópur fær frá breskum stjórnvöldum nú, sjötíu árum eftir að Empire Windrush kom að landi. Fjölda fólks hefur verið tjáð að það sé ólöglegir innflytjendur. Afleiðingarnar eru grimmilegar; líf fólks umturnast, það er rekið úr vinnu, missir bætur og húsnæði, því er neitað um heilbrigðisþjónustu og er sent í innflytjendabúðir. Einhverjir kunna að hafa verið fluttir nauðugir úr landi.

Þegar raunir Windrush-kynslóðarinnar komust fyrst í fréttirnar sýndi forsætisráðherra Breta, Theresa May, af sér staðalviðbrögð samtíma stjórnmálamannsins: Hún neitaði að ræða við leiðtoga ríkja Karíbahafsins eins og hún bæri ekki nokkra sök á máli.

Enginn sem tilheyrir Windrush-kynslóðinni er ólöglegur innflytjandi. Árið 1971 var hópnum veitt varanlegt dvalarleyfi í Bretlandi. Það er hins vegar samdóma álit að Theresa May beri ábyrgð á þeirri hrottalegu meðferð sem Windrush-kynslóðin sætir nú.

Það var í tíð May sem innanríkisráðherra að innflytjendalögum var breytt. Allir sem sækja um starf í Bretlandi, leigja húsnæði og leita til heilbrigðisþjónustunnar þurfa nú að sanna með tilskildum pappírum að þeir séu ekki ólöglegir innflytjendur. May stærði sig af því að með breytingunni skapaði hún svo „fjandsamlegar aðstæður“ fyrir þá sem ekki gátu ávísað pappírum að þeir hrökkluðust burt. Nýja innflytjendastefnan kom einkar illa við Windrush-kynslóðina. Því þótt kynslóðin sé jafnbresk og „fish and chips“ fékk stór hluti hennar aldrei afhenta nokkra opinbera pappíra þar um.

### Grafið undan dómskerfinu

Á Alþingi Íslendinga hafa staðið yfir umræður um frumvarp Sigríðar Andersen dómsmálaráðherra um stofnun nýs dómstóls, Endurupptökudóms. Gerir frumvarpið ráð fyrir nokkru meira svigrúmi dómsmálaráðherra til að hafa áhrif á val dómara í dómstólinn en venja er. Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, gerði athugasemd við fyrirkomulagið. Sagðist hann ekki treysta dómsmálaráðherra „til þess að setja dómstig eða skipa dómara“. Vísaði hann til þess er Sigríður Andersen braut stjórnsýslulög við skipan dómara í Landsrétt.

Sigríður brást ókvæða við athugasemdunum. Sakaði hún Píratann um að grafa undan dómskerfinu með slíku tali.

### Ekki benda á mig

Í kjölfar þess að þjáningar Windrush-kynslóðarinnar komu upp á yfirborðið hélt þingmaðurinn David Lammy þrumuræðu á þingi. Kenndi hann um hinum „fjandsamlegu aðstæðum“ sem May skapaði hvernig komið var. „Við skulum kalla hlutina réttum nöfnum,“ sagði Lammy. „Leggist maður með hundum fær maður flær – þetta er það sem öfga-hægri málflutningur hefur leitt af sér í þessu landi.“

Rétt eins og Theresa May segir Sigríður Andersen: Ekki benda á mig. Það er fjarstæðukennt að þurfa að benda á hið augljósa. En hér kemur það: Leggist maður með hundum fær maður flær. Ráðherra sem veður um ráðuneyti sitt á skítugum skónum ber ábyrgð á því þegar gólfið verður útbíað. Það er ekki barnið sem bendir á að keisarinn sé ekki í neinum fötum sem ber ábyrgð á nekt keisarans. Sé íslenskt dómskerfi rúið trausti er engum öðrum um að kenna en dómsmálaráðherra sem sýnir af sér valdhroka, valdníðslu og fremur embættisbrot.

Theresa May baðst að endingu afsökunar. Það hefur Sigríður Andersen enn ekki gert.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*


Til hamingju!
Við óskum Landsvirkjun og Norðlendingum
til hamingju með að báðar vélar
Þeistareykjastöðvar eru komnar í rekstur.
Jafnframt þökkum við fyrir samstarfið.
RAFEYRI
alltaf í stuði!
Fuji Electric
Innovating Energy Technology
EFLA
BALCKE DÜRR
ORMSSON
ABB
JOHAN RÖNNING
Skaftá
STÁLSMIÐJAN FRAMTAK
HÉÐINN
JARÐBORANIR



## NORWICH
Nettur tungusófi. Ljósgrátt með svörtum fótum eða dökkgrátt áklæði og viðarlitum fótum. Stærð: 233 x 148 x 81 cm.

12 MÁNUÐIR VAXTALAUST** AÐEINS KR. 10.142 AFBORGUN

112.895 kr.
~~139.990 kr.~~



IDdesign

## CLEVELAND
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm

12 MÁNUÐIR VAXTALAUST** AÐEINS KR. 8.403 AFBORGUN

92.734 kr.
~~114.990 kr.~~



## HOLIDAY
Tungusófi. Limaq grátt eða svart slitsterkt áklæði
Stærð: 279 x 238 x 89 cm

12 MÁNUÐIR VAXTALAUST** AÐEINS KR. 17.098 AFBORGUN

193.540 kr.
~~239.990 kr.~~



## EASY
Tveggja og þriggja sæta sófar. Dökk- eða ljósgrátt áklæði.

12 MÁNUÐIR VAXTALAUST** AÐEINS KR. 8.056 AFBORGUN

3ja sæta: 205 x 95 x 85 cm
88.702 kr. ~~109.990 kr.~~



## DC 6000
Sérlega vandaður leðursófi. Svart áferðarfallegt Savoy split leður. 2,5 sæta: 193 × 99 × 83 cm

12 MÁNUÐIR VAXTALAUST** AÐEINS KR. 20.069 AFBORGUN

227.992 kr.
~~299.990 kr.~~



## EASY
Tungusófi. Tunga getur verið bæði vinstra og hægra megin. Dökk- eða ljósgrátt áklæði.
Stærð: 232 x 145 x 85 cm

12 MÁNUÐIR VAXTALAUST** AÐEINS KR. 12.229 AFBORGUN

137.089 kr.
~~169.990 kr.~~



## NATUZZI EDITIONS
**C071** 3ja sæta sófi úr gráu leðri. Einnig fáanlegur stóll.
Stærð sófa: 230 x 95 x 71 cm

12 MÁNUÐIR VAXTALAUST** AÐEINS KR. 35.183 AFBORGUN

403.218 kr.
~~499.990 kr.~~



## FRIDAY
Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Ljósgrátt, dökkgrátt eða brúnt slitsterkt áklæði. Stærð: 260 × 170 × 87 cm

12 MÁNUÐIR VAXTALAUST** AÐEINS KR. 12.229 AFBORGUN

137.089 kr.
~~169.990 kr.~~



## DIALMA 2313
Fjögurra sæta Chesterfield sófi í klassískum stíl. Brúnt leður. 3 púðar fylgja.
Stærð: 255 x 101 x 73 cm.

DIALMA BROWN
INTERIORS & LIFESTYLE

12 MÁNUÐIR VAXTALAUST** AÐEINS KR. 63.005 AFBORGUN

725.798 kr.
~~899.990 kr.~~

NÝ OG BETRI VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN







**KIRUNA**
Tveggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 162 x 90 x 78 cm

12 MÁNUÐIR VAXTALAUST** AÐEINS KR. **6.317** AFBORGUN

**68.540 kr.** ~~84.990 kr.~~




**KIRUNA**
Þriggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 227 x 90 x 78 cm

12 MÁNUÐIR VAXTALAUST** AÐEINS KR. **7.012** AFBORGUN

**76.605 kr.** ~~94.990 kr.~~

**KIRUNA**
U-sófi. Hægri eða vinstri tunga.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 301 × 200 × 78 cm

IDdesign



**177.411 kr.** ~~219.990 kr.~~

12 MÁNUÐIR VAXTALAUST** AÐEINS KR. **15.707** AFBORGUN

* **Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum og jafngildir 19,35% afslætti.** Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði.
** Miðað við vaxtalausar kreditkortagreiðslur í 12 mánuði, með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslug jaldi pr. afborgun

HÚSGAGNA HÖLLIN

## Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi-deild karla 2018

Ítarlegri grein má lesa á Fréttablaðið.is

PEPSI DEILDIN 2018

| | |
|---|---|
| 1. ? | 7. Fjölnir |
| 2. ? | 8. Grindavík |
| 3. ? | 9. Víkingur R. |
| 4. ? | 10. ÍBV |
| 5. ? | 11. Fylkir |
| 6. ? | 12. Keflavík |

### Fjölnir
**hafnar í 7. sæti**

Fréttablaðið spáir því að Fjölnir hafni í 7. sæti Pepsi-deildar karla. Síðasta tímabil var erfitt í Grafarvoginum og Fjölnismenn voru í fallbaráttu. Eftir tímabilið fór Ágúst Gylfason til Breiðabliks og Ólafur Páll Snorrason tók við Fjölni. Grafarvogsliðið hefur gert góða hluti á félagaskiptamarkaðnum í vetur og góð stemning er í kringum Fjölni.

### Lykilmaðurinn í sumar
**Þórir Guðjónsson**

**Þórir Guðjónsson** hefur verið aðalmarkaskorari Fjölnis undanfarin ár og er markahæsti leikmaður liðsins í efstu deild. Skoraði átta mörk í fyrra sem var hans besta sumar hvað markaskorun varðar. Var iðinn við kolann í vetur og skoraði m.a. þrennu gegn Fylki í úrslitaleik Reykjavíkurmótsins.



### Tölfræði frá síðasta sumri

**5** stig fékk Fjölnir á útivelli, fæst allra.

**1** leik tapaði Fjölnir á heimavelli, bara Valur tapaði færri.

### Nýju andlitin

**Almarr Ormarsson** KA
**Bergsveinn Ólafsson** FH
**Valmir Berisha** Aalesund
**Guðmundur K. Guðmundsson** FH

### Fylgstu með þessum

**Arnór Breki Ásþórsson** kom til Fjölnis frá Aftureldingu í vetur. Þessi efnilegi vinstri bakvörður spilaði mikið á undirbúningstímabilinu og gæti byrjað fyrsta leik.

**ENKUNNASPJALDIÐ** VÖRNIN ★★★☆☆ | SÓKNIN ★★★☆☆ | ÞJÁLFARINN ★★☆☆☆ | BREIDDIN ★★★☆☆ | LIÐSSTYRKINGIN ★★★★☆ |

**GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL** **2017** 10. sæti | **2016** 4. sæti | **2015** 6. sæti | **2014** 9. sæti | **2013** 1. sæti (B-deild) | **2012** 7. sæti (B-deild) |

# Klukkan gæti slegið sitt síðasta slag

Hamburger SV gæti fallið úr þýsku Bundesliga-deildinni í dag en HSV er eini stofnaðilinn sem hefur aldrei fallið úr efstu deild Þýskalands.

**FÓTBOLTI** Hamburger Sport-Verein, HSV, berst fyrir lífi sínu í Bundesliga, efstu deild Þýskalands, þessa dagana en liðið þarf á kraftaverki að halda á lokametrum deildarinnar. Á hverjum heimaleik hangir það yfir leikmönnum að þeir séu að leika fyrir félag sem hefur aldrei fallið úr deild þeirra bestu. Stoltir stuðningsmenn liðsins vitna í það afrek þar sem árangurinn er lítill innan sem utan vallar undanfarin ár en að sama skapi leggst þetta þungt á leikmenn liðsins í fallbaráttunni.

Stærsti minnisvarðinn er klukka í horni Volksparkstadion, heimavallar liðsins, þar sem talið er upp á sekúndu hversu lengi liðið hefur dvalið í deild þeirra bestu. Sama klukka sést einnig framan á liðsrútu liðsins til að minna á forna frægð.

Er það heiður sem ekkert annað lið í Þýskalandi getur státað af, ekki einu sinni stórveldin tvö. Dortmund féll niður úr deild þeirra bestu árið 1972 og Bayern München var ekki eitt af stofnliðunum en Bæjarar hafa verið í deildinni frá því þeir komu inn í hana 1965, tveimur árum eftir stofnun hennar.

**Stutt gullöld HSV**

Bundesliga-deildin var stofnuð árið 1964 en hún tók við af Oberliga þar sem Hamburg hafði átt góðu gengi að fagna. Var það gert til að sameina eina sterka deild yfir allt Vestur-Þýskaland í stað þess að lið kepptu innan héraða og úrslitakeppni væri meðal bestu liða hvers landshluta.

Með markahrókinn Uwe Seeler fremstan í flokki vann HSV norðurriðilinn fimmtán sinnum á sextán árum og þýska Oberliga-titilinn í fyrsta og eina sinn vorið 1960.

Það tók HSV sextán ár í Bundesliga að vinna fyrsta þýska meistaratitil sinn, árið 1979, en þá hófst stutt gullöld liðsins. Þrír meistaratitlar á fimm árum ásamt því að verða annað þýska liðið til að vinna Evrópukeppni meistaraliða vorið 1983.

Bikarmeistaratitill vannst fjórum árum síðar, sá þriðji í sögu félagsins, en síðan þá hefur ekkert unnist.



Klukkan telur hversu lengi HSV hefur verið í efstu deild. NORDICPHOTOS/GETTY

**Slær klukkan loksins 12?**

Um helgina fer fram 31. umferð þýsku deildarinnar af 34 og þegar þetta er skrifað er Hamburg átta stigum frá liðunum í 15. og 16. sæti deildarinnar þegar fjórir leikir eru eftir. Tekur liðið á móti Freiburg í dag og allt annað en sigur þýðir að HSV er svo gott sem fallið úr efstu deild eftir 54 ára dvöl.

Takist Freiburg og Mainz að ná þremur stigum um helgina verður munurinn orðinn ellefu stig þegar þrjár umferðir verða eftir og örlög þeirra ráðin.

Spurningin er svo hvort félagið láti fjarlægja klukkuna ef HSV fellur úr deild þeirra bestu og veiti liðinu andrými til að byggja upp að nýju í stað þess að burðast með sögu félagsins á bakinu.

**kristinnpall@frettabladid.is**

## Nýjast

**Domino's-deild karla, úrslit**

**Tindastóll - KR 54-75**

**Tindastóll:** S. Arnar Björnsson 15, Pétur Rúnar Birgisson 14, Chris Davenport 9/9 fráköst, Axel Kárason 5, Antonio Hester 4/10 fráköst, Friðrik Þór Stefánsson 3, Hannes Ingi Másson 2, Björgvin Ríkharðsson 2.
**KR:** Jón Arnór Stefánsson 13, Brynjar Þór Björnsson 13, Kristófer Acox 10/9 fráköst, Björn Kristjánsson 10, Pavel Ermolinskij 9/11 fráköst/9 stoðs., Kendall Pollard 8 Marcus Walker 5, Helgi Már Magnússon 4, Darri Hilmarsson 3.

*Staðan í einvíginu er 1-0 fyrir KR.*

## Wenger hættir

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger lætur af störfum hjá Arsenal í sumar. Hann hefur stýrt Lundúnaliðinu með góðum árangri frá haustinu 1996.

Arsenal hefur þrisvar sinnum orðið Englandsmeistari undir stjórn Wengers og unnið ensku bikarkeppnina sjö sinnum. – **iþs**

F Fréttablaðið +

Myndir frá ferli Arsene Wenger hjá Arsenal má sjá á pdf-útgáfu Fréttablaðsins eða í appinu.






brimborg
Öruggur staður til að vera á

Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

mazda.is

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN

# Fanga hreyfingar dansarans

**Sigríður Soffía Níelsdóttir** dansari og **Helgi Már Kristinsson** myndlistarmaður opna í dag sýninguna Hamskiptin – augnablikið vs. varanleiki í Listamönnum Galleríi. Þau hafa gert tilraunir til að fanga eðli hreyfinga dansarans.



Sigríður Soffía Níelsdóttir og Helgi Már Kristinsson við nokkrar ljósmyndir sýningarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sigríður Soffía Níelsdóttir dansari og Helgi Már Kristinsson myndlistarmaður eiga að baki farsælt samstarf. Helgi Már hefur séð um leikmyndir á nokkrum dansuppfærslum Sigríðar Soffíu. Í samstarfi þeirra fyrir sýninguna FUBAR kviknaði hugmyndin um að fanga eðli hreyfinga dansarans og í dag er sýningin Hamskiptin – augnablikið vs. varanleiki opnuð í Listamönnum Galleríi.

Sýningin samanstendur af teikningum og málverkum eftir Helga Má og ljósmyndum eftir Marinó Thorlacius. Sigríður Soffía á ríkan þátt í verkunum, í hugmyndavinnu en líka sem verkfæri og viðfang, í nokkrum verkanna þrykkir hún nefnilega með tám eða táskóm á striga og pappír.

„Þegar þessi hugmynd kviknaði höfðum við verið að grúska í því hvernig maður skrifar niður dans. Þetta eru tákn sem ég hef aldrei getað nýtt mér þegar ég sem dansverk. Þau eru mikil myndlist en óskiljanleg, ég nýti mér aðrar leiðir þegar ég skrifa mín dansverk,“ segir Sigríður Soffía.

„Í raun og veru ætluðum við í fyrstu að fara út í hálfgert vísindaverkefni. En byrjuðum á því að gera þrykk. Sigríður Soffía gerði pírúetta og við stúderuðum farið sem hún skildi eftir sig. Teikninguna á gólffletinum,“ segir Helgi Már.

„Þú getur ekki fangað stökk á striga. En þú getur hins vegar gefið vísbendingu um hreyfinguna sem hefur átt sér stað,“ segir Sigríður Soffía. „Ég er samtímadansari en Helgi Már ýtti mér í klassískan ballett í þessu verkefni. Klassískur ballett snýst enda um að fanga hreina línu,“ segir hún.

„Ég var treg til í fyrstu. En við byrjuðum á að skoða pírúetta og fanga eðli þeirrar einangruðu hreyfingar, ég gerði það bæði á tánum og í táskóm. Og það er gaman að sjá muninn. Í kjölfarið fórum við að grúska í sögu ballettsins,“ segir Sigríður Soffía.

„Hún er mikil og merkileg, saga Önnu Pavlovu ballettdansara. Og ekki síður dansverkið hennar um hinn deyjandi svan. Goðsögur um konur í svansham og ballettdansara sem túlka svani í dansi eiga margt sammerkt. Að dansinum loknum fella þær haminn og við tekur harmur eins og ævisögur frægra ballettdansara gefa til kynna,“ segir Helgi Már um þjáningu og metnað dansarans sem fórnar sér oft fyrir augnablikið.

„Okkur fannst vísun í Önnu Pavlovu óhjákvæmileg. Helgi fann texta eftir Pavlovu um dansinn, við gátum speglað okkar hugsun í þeim texta,“ segir Sigríður Soffía.

„Við spurðum okkur: Hver er svanur Siggu? Það kom fljótlega í ljós að hennar svanur er flugeldur. Tvö verka á sýningunni fjalla um þetta, annars vegar er verkið Deyjandi svanur sem er dansað og þrykkt á táskóm og Flugeldurinn sem Sigga dansar á tánum. Markmiðið var að ná hennar túlkun á striga. Verkin eru einlit því fókusinn er á hreyfinguna og eðli hennar,“ segir Helgi Már.

*Hvernig gekk samstarfið?*

„Það vaknaði í mér gamall ballettdraugur. Fullkomnunaráráttan tók yfir og við vorum um tíma ósammála um suma hluti,“ segir Sigríður Soffía. „Ef pírúettinn er ekki fullkominn þá sést það á teikningunni. Helga fannst ef til vill teikning af pírúett falleg en ég sá bara ófullkominn pírúett. Sönnun þess að ég hefði ekki gert hann fullkomlega. Ég fór því stundum í vörn og það var áskorun að takast á við fullkomnunaráráttuna,“ segir hún.

„Ég skil að þetta hafi verið áskorun. Það er líka líkamlega erfitt að dansa á táskóm. Myndlistin snýst oftast ekki um augnablikið heldur varanleika. Á meðan ballettsýning gengur yfir og verður að minningu.“

kristjana@frettabladid.is



Anna Pavlova ballettdansari.

## Áhugakona um fugla

Anna Pavlova (1881-1931) var mikil áhugakona um fugla. Hún átti til dæmis flamingóa og svan á tjörn við heimili sitt. Hún lét Mikhail Fokine skrifa fyrir sig verk um hreyfingar svansins, fjögurra mínútna sóló sem heitir Deyjandi svanurinn. Anna Pavlova sýndi verkið um fjögur þúsund sinnum.

# Um helgina, af hverju ekki að ...

### DANS OG SPRIKL

„Ég ætla að hjálpa konunni minni sem býður börnum, foreldrum og vinum í dans og sprikl í Kramhúsinu,“ segir Pawel Bartoszek sem er frekar þekktur fyrir stjórnmálastarf en dansfimi sína. Viðburðurinn er haldinn í tengslum við Barnamenningarhátíð í Reykjavík í dag og hefst klukkan 14.00.



Pawel Bartoszek.

### LESA




Ráðuneyti æðstu hamingju eftir hina indversku Arundhati Roy, höfund verðlauna- og metsölubókarinnar Guð hins smáa. Bókin fjallar um fólk á jaðri samfélagsins í Indlandi, elt og útskúfað.



### VIRKJA GRÆNA FINGUR

Þeir sem vilja rækta eigið grænmeti ættu að fara að skipuleggja ræktunina, hvort sem hún fer fram í pottum í stofu, pokum á svölum eða matjurtagörðum. Nú er tíminn til að láta kartöflur spíra og setja niður fræ.

# Au revoir, Arsene Wenger

Arsene Wenger tilkynnti í gær að þetta yrði hans síðasta tímabil með Arsenal eftir 22 ár. Þrír Englandsmeistaratitlar standa upp úr en síðustu ár hans með Skyttunum hafa ekki náð sömu hæðum. Hann á enn möguleika á að vinna einn titil sem stjóri Arsenal ef liðið fer alla leið í Evrópudeildinni.



Wenger var oft klæddur í furðulega síðar úlpur á hliðarlínunni.




Wenger átti oft í útistöðum við dómara, hér var honum vísað upp í stúku og eftir tilraunir til málamiðlana með dómaranum tók hann upp á því að standa á skiltinu fyrir ofan varamannabekkina á Old Trafford. NORDICPHOTOS/GETTY



Sjöundi bikarmeistaratitill Wengers sem var sigursæll á Wembley.



Tók ekki langan tíma að vinna sinn fyrsta meistaratitil en hann kom á öðru ári hans hjá Arsenal.



Kynntur til leiks sem knattspyrnustjóri Arsenal árið 1996. Kom frá Japan en hafði áður stýrt liðum á borð við Monaco.




Þriðji meistaratitill Arsenal undir stjórn Wengers innsiglaður á heimavelli erkifjendanna. Hápunktur hans þegar liðið fór ósigrað í gegnum heilt tímabil.



Síðustu ár Arsenal hafa reynst Wenger erfið, árangurinn hefur ekki verið í samræmi við kröfur stuðningsmannanna sem hafa ekki farið dult með skoðanir sínar og krafist þess að Frakkinn yfirgefi félagið eftir 22 ára dvöl í Lundúnum.

# MARKAÐURINN

## Fyrst og fremst viðskiptafréttir

**Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum**

» Nýjar viðskiptafréttir daglega á frettabladid.is/markadurinn
» Þú getur einnig nálgast Markaðinn í Fréttablaðs appinu

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

FRÉTTABLAÐIÐ APP






## Reynsluaktu Hyundai i20 alla leið til Moskvu.

Landsliðið er á fullu að undirbúa sig fyrir HM í Rússlandi og þú átt möguleika á að fara þangað með þeim. Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai, þá ferðu í pott og gætir unnið sannkallaða þjóðhátíðarferð á leik Íslands og Argentínu í Moskvu þann 16. júní.

Þann 31. maí verða dregnir út tveir vinningshafar sem hljóta hvor um sig ferð fyrir tvo til Moskvu. Innifalið er flug, gisting, miðar á leikinn og ferðir með fararstjórn til og frá leikvanginum.

Hyundai er einn af aðalstyrktaraðilum FIFA WORLD CUP 2018

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

Veglegir HM aukahlutapakkar fylgja öllum Hyundai bílum í takmarkaðan tíma.

ENNEMM / SÍA / NM87337


Ford
mazda
PEUGEOT
CITROËN
VOLVO
SUMARGLEÐI BRIMBORGAR
MÖGNUÐ SUMARTILBOÐ!
PEUGEOT 308 ACTIVE STATION
LÁTTU GÆÐIN HEILLA ÞIG
Verð frá: 3.240.000 kr.
TILBOÐSVERÐ:
2.890.000 KR.
AFSLÁTTUR
-350.000 KR.
308 SW
CITROËN C3 SHINE
MEIRA EN 25 ALÞJÓÐLEG VERÐLAUN
Verð frá: 2.390.000 kr.
TILBOÐSVERÐ:
2.140.000 KR.
AFSLÁTTUR
-250.000 KR.
VOLVO S60 CROSS COUNTRY
VOLVO ÖRYGGI
VOLVO GÆÐI
Verð frá: 5.714.000 kr.
TILBOÐSVERÐ:
4.960.000 KR.
AFSLÁTTUR
-754.000 KR.



AFSLÁTTUR
-510.000 KR.
KUGA
FORD KUGA
TREND EDITION
MIKIL VEGHÆÐ, RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR,
SPARNEYTIN VÉL OG GLÆSILEGT ÚTLIT
Verð frá: 4.200.000 kr.
TILBOÐSVERÐ: 3.690.000 KR.
ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA
FORD FOCUS TREND EDITION
RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR
Verð frá: 3.105.000 kr.
TILBOÐSVERÐ:
2.795.000 KR.
AFSLÁTTUR
-310.000 KR.
MAZDA2 SUPERIOR
SUPERIOR PAKKI FYLGIR
Verð frá: 2.610.000 kr.
TILBOÐSVERÐ:
2.390.000 KR.
AFSLÁTTUR
-220.000 KR.
FOCUS
MAZDA2
Valdís
Boðið verður upp á ljúffengan ís og börnin fá sápukúlur
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ
FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG
Ekki missa af fjörinu!
– Komdu í Brimborg í dag
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
brimborg.is
brimborg
Öruggur staður til að vera á



Joey og Máni í ævintýralegum garðinum við ættaróðalið ásamt þeim Veru og Kristjóni en öll mótuðust þau í húsinu undir leiðsögn og góðum ráðum ömmu Jóhönnu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ókeypis sálfræðitímar hjá ömmu

Tæpt ár er liðið síðan Jóhanna Kristjónsdóttir lést eftir baráttu við krabbamein. Í hálfa öld bjó hún í græna húsinu við Drafnarstíg sem verður áfram ættaróðal þar sem **Máni Hrafnsson** hefur keypt húsið. Fréttablaðið tók hús á Mána, eiginkonu hans **Joey** og hitti þar fyrir tvö önnur barnabörn Jóhönnu, **Veru Illugadóttur** og **Kristjón Kormák**.


Þórarinn Þórarinsson
thorarinn@frettabladid.is




Máni Hrafnsson og Joey Chan eru þessi dægrin að koma sér fyrir í húsi ömmu hans við Drafnarstíg sem iðar af lífi eins og það gerði öll þau fimmtíu ár sem Jóhanna heitin Kristjónsdóttir hafði þar sínar höfuðstöðvar í lífsins leik og baráttu. Tvö yngri systkini Mána búa í húsinu ásamt ungu hjónunum auk þess sem þar valsa þrír kettir býsna drjúgir um. Tveir eru með lögheimili á Drafnarstígnum og fylgdu systkinum Mána, en sá þriðji er hústökuköttur sem hefur haslað sér völl í kjallaranum. Þau hafa gengið honum nafnið Stray, með vísan til þess að hér virðist alvöru flækingur vera á ferðinni.

> ALVEG FRÁ ÞVÍ VIÐ SÖGÐUM HENNI AÐ VIÐ ÆTLUÐUM AÐ GIFTA OKKUR Á HAWAII FÓR HÚN Í STRANGT AÐHALD, LÍKAMSRÆKT, HUGAÐI AÐ MATARÆÐINU OG REYKTI AÐEINS MINNA.
>
> Joey

„Mér datt reyndar ekki í hug að ég gæti gert þetta," segir Máni þegar hann er spurður að því hvernig það kom til að hann eignaðist ættaróðalið. „En síðan létum við bara reyna á þetta en þetta var allt mjög tæpt alltaf, alls staðar og það þurfti margt að ganga upp. En þetta hafðist," segir Máni sem er sonur Hrafns Jökulssonar og Elísabetar Ronaldsdóttur en hann hefur fetað í fótspor móður sinnar og lagt kvikmyndagerð fyrir sig.

Vera, frænka hans, Illugadóttir og Guðrúnar Gísladóttur leikkonu segir tilfinninguna sem fylgi því að ömmuhúsið haldist innan fjölskyldunnar ákaflega notalega. „Sérstaklega vegna þess að þetta er svo sérstakt hús og um margt einkennandi fyrir ömmu. Það er gaman að vita að það sé búið í því og að það sé líf í því. Svo skaðar ekki að það sé innan fjölskyldunnar og maður getur fylgst með," segir hún og hlær.

„Það var alltaf eins og að koma í framandi heim þegar maður kom til ömmu. Hér var allt svo undarlegt og skrýtið. Framandi munir og svona. Mínar minningar úr þessu húsi eru mikið þannig."

**Góður andi**

„Það er mjög góður andi hérna allavegana," segir Máni og Joey tekur undir. „Það er svo mikill karakter og saga í þessu húsi." Máni bætir við að þau gæti þess að andi ömmu hans haldi sér þótt þau standi í ýmsum breytingum.

„Við pössuðum okkur líka á því að halda í suma hluti sem hafa alltaf verið hérna," segir hann og bendir á sérkennilegan óróa sem hangir yfir eldhúsborðinu. „Eins og þennan sem maður rekur hausinn í svona tíu sinnum á dag. Og svo fengum við að geyma galdrakarlinn líka."

„Hún er ættmóðir og þetta er ættaróðal," segir aldursforsetinn í hópnum, Kristjón Kormákur, ritstjóri DV, sonur Elísabetar Jökulsdóttur og Guðjóns Kristinssonar, hleðslu- og trélistamanns.

„Það var jafnvel næstum óþægilegt að keyra hérna fram hjá fyrst eftir að hún dó," segir Kristjón um óðalið sem er svo samofið minningunum um ömmu hans. „En að sama skapi er ánægjulegt að þetta haldist áfram innan ættarinnar."

„Ég hugsa oft til ömmu þegar við erum að gera einhverjar breytingar hérna og hvað ætli hún myndi segja um þetta. Og mér skilst bara að hún sé mjög sátt við þetta eins og þetta er. Ennþá," segir Máni og glottir.

**Hjálpsami töffarinn**

Á síðari hluta ævinnar urðu löndin fyrir botni Miðjarðarhafs helsti leikvöllur Jóhönnu. Þar ferðaðist hún út um allt, skipulagði hópferðir og alls konar hjálparstarf, með áherslu á ungar stúlkur í Jemen.

*Vera lagði Mið-Austurlandafræði fyrir sig þegar hún hélt utan í framhaldsnám – skyldi hún ekki hafa tekið þessa stefnu undir áhrifum frá ömmu sinni?* „Jú. Hún var mjög sterkur áhrifavaldur þar og hún hefur haft mikil áhrif á mig alveg frá blautu barnsbeini," segir Vera sem hefur starfað hjá RÚV um árabil þar sem hún stjórnar meðal annars hinum vinsælu þáttum Í ljósi sögunnar á Rás 1.

*En höfðuð þið aldrei áhyggjur af ömmu þegar hún var á flakki um Mið-Austurlönd þar sem má á öllu eiga von?* „Ég var náttúrlega bara svo lítil að mér var bara sagt þetta, að núna væri amma í Kaíró og nú væri amma í Jemen," segir Vera. „Svo tók ég á móti bréfum frá henni þar sem hún var að segja mér frá lífinu í Kaíró og ég bara tók þessu eins og sjálfsögðum hlut. En auðvitað þegar maður hugsar um þetta núna þá ➡


VERSLUNARMANNAFÉLAG SUÐURNESJA

**Aðalfundur**

**Aðalfundur Verslunarmannafélags Suðurnesja verður haldinn að Vatnsnesvegi 14, Reykjanesbæ, fimmtudaginn 26. apríl nk. kl. 20:00.**

**DAGSKRÁ**

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. lögum félagsins.
2. Borin verður upp tillaga um heimild til að ganga til viðræðna við VR um sameiningu. Náist samkomulag verður tillaga um sameiningu lögð fyrir félagsmenn í allsherjaratkvæðagreiðslu.

**Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR og Gils Einarsson** munu mæta á fundinn og kynna starfsemi VR og sameiningu VR og Verslunarmannafélags Suðurlands.

***Stjórn Verslunarmannafélags Suðurnesja***

**ÞAR ER HÚN MEÐ SÓLGLERAUGUN, EINHVERN SNÁK OG SÍGARETTU. ÞÚ TOPPAR ÞAÐ EKKERT OG FOKKAR EKKERT Í ÞANNIG ÖMMU.**

Kristjón



Stofan á Drafnarstíg dregur enn dám af Jóhönnu og þarna sitja barnabörnin þar sem þau sóttu áður „sálfræðitíma“ hjá ömmu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

➡ er magnað að kona á þessum aldri fari út í þessi ævintýri.“

**Máni grípur orðið:** „Ímynd ömmu í huga manns var bara eitthvað svo stór að maður hafði einhvern veginn aldrei áhyggjur af henni, þannig séð. Manni fannst hún svo mikill töffari.“

Jóhanna lét sig alla tíð hag þeirra sem minnst mega sín varða og lét hressilega að sér kveða í góðgerðarmálum. Hún stofnaði Fatímusjóðinn 2005 en sjóðurinn beitti sér í upphafi fyrir menntun stúlkna í Jemen og síðan fyrir margvíslegri neyðaraðstoð í Afríku og Mið-Austurlöndum.

„Hún gaf sig alla í þetta. Algjörlega. Hún var fram á síðasta dag að vinna í þessum málum og við ætlum að reyna að halda starfi hennar áfram og sjóðurinn heldur áfram,“ segir Vera.

„Ég held að starf pabba á Grænlandi sé innblásið af því sem amma gerði í Jemen og víðar. Þetta sprettur held ég af sömu innri þörfinni til þess að láta gott af sér leiða,“ segir Máni en hann og Joey hafa síðustu tvö árin verið í fremstu víglínu í gleði- og góðgerðarferðum skákfélagsins Hróksins, sem Hrafn faðir hans stofnaði fyrir 20 árum.

### Sálfræðitímar hjá ömmu

Kristjón, Vera og Máni voru mismikið hjá ömmu á Drafnarstíg í æsku en öll eiga þau sterkar minningar þaðan og mótuðust öll að einhverju leyti sem manneskjur innan veggja hússins góða.

„Ég var aðallega mikið hérna á seinni árum. Við Aþena, hundurinn minn, litum nánast alltaf við hérna þegar við vorum í kvöldgöngutúrunum okkar,“ segir Máni.

„Ég var hérna mjög mikið, bæði þegar ég var lítil, og var mikið send hingað að gista, og kom svo mikið í kaffi á seinni árum,“ segir Vera. „Fyrir mig var þetta eins og ókeypis sálfræðitímar. Það voru alltaf tveir stólar hérna og borð á milli og hún settist alltaf í sama stólinn,“ bætir Máni við og Vera tekur undir. „Ég get sagt nákvæmlega það sama. Hún var mjög skilningsrík. En mjög forvitin.“

„Já, mjög forvitin,“ samsinnir Máni. „Fólk var stundum eitthvað að hrósa mér fyrir hvað ég væri duglegur að sinna ömmu minni en ég held nú að ég hafi meira verið að gera þetta fyrir sjálfan mig heldur en ömmu. Og ég fékk örugglega meira út úr þessum heimsóknum. Mér fannst virkilega gott að koma hingað.“

„Þetta voru mjög fínir sálfræðitímar og tíminn leið alltaf svo hratt,“ segir Kristjón. „Maður ætlaði kannski að kíkja í hálftíma eða eitthvað en endaði kannski í tvo, þrjá tíma og fannst maður varla vera búinn að tylla sér niður þegar klukkan var orðin sex, sjö og hún rak mann út til að geta horft á fréttir eða handbolta. Það voru einu skiptin og þá frekar handboltinn. Það voru heilagar stundir hjá henni.“

### Alltaf á flakki

Jóhanna skipulagði vinsælar hópferðir til Mið-Austurlanda. Vera segist hafa farið með ömmu sinni í heilmargar ferðir og Máni fór með henni til Egyptalands, Palestínu og Írans.

„Síðan kom hún í brúðkaupið okkar á Hawaii,“ segir Máni. „Joey var með eitthvað um 130 ættingja þarna en ég með um það bil fimm en amma var einn af þeim.“ Og barnabörnin skellihlæja öll enda Jóhanna sjálfsagt ekki minna en hundrað manna maki í þeirra huga.

„Hún skemmti sér virkilega vel. Ég var svolítið áhyggjufullur vegna þess að þetta er langt ferðalag,“ heldur Máni áfram og Joey tekur við: „Það var ótrúlegt að hún skyldi hafa komist. Alveg frá því við sögðum henni að við ætluðum að gifta okkur á Hawaii fór hún í strangt aðhald, líkamsrækt, hugaði að mataræðinu og reykti aðeins minna. Þannig að hún var nógu hraust til þess að fara í þetta langa flug.“

Talandi um reykingar. Maður hefur varla séð mynd af henni frá ferðalögunum fyrir botni Miðjarðarhafs nema með sígarettu á lofti.

„Svo er það þessi mynd þar sem hún er með snákinn. Þar er hún með sólgleraugun, einhvern snák og sígarettu. Þú toppar það ekkert og fokkar ekkert í þannig ömmu,“ segir Kristjón.

Kjarnorkukonan Jóhanna Kristjónsdóttir var dáð víða um land, fyrir bóka- og blaðaskrif sín, allt góðgerðarstarfið og síðast en ekki síst einfaldlega fyrir stórbrotinn persónuleika sinn.

Öll þrjú eru Máni, Vera og Kristjón börn þekktra foreldra og sjálf ekki öllum ókunnug en skuggi ættmóðurinnar er stór.

„Ég fann oft fyrir þessu og þetta var ekki verra ef maður þurfti að komast í náðina hjá fólki eða biðja um eitthvað, þá fann maður alltaf einhverja leið til þess að koma því að að Jóhanna væri amma manns,“ segir Máni.

„Og ef þú lendir í aðstæðum þar sem þú hefur ekkert til þess að tala um þá geturðu alltaf bara sagt: Jóhanna Kristjónsdóttir var amma mín.“ Og enn er hlegið dátt í eldhúsinu á Drafnarstíg.

### Erfið veikindi

„Amma var alltaf svo mikið í útlöndum og þá var alltaf svo gaman að bíða eftir því þegar hún kom heim vegna þess að hún kom alltaf með Toblerone og bol. Og stundum fótboltabúning.

Þannig að við áttum alltaf fótboltabúninga frá Kúveit og Jórdaníu og eitthvað svona á meðan aðrir áttu Þýskaland og Holland. Mann langaði kannski meira þá að eiga hollenskan búning en núna myndi ég svo vilja vita hvar allir þessir búningar eru.“

Jóhanna hafði alla tíð yfirbragð hörkutólsins og virtist hvorki bregða sér við sár né bana en Kristjón segir glímu hennar við krabbameinið hafa reynt á hana. Oftast kannski meira en hún lét uppi.

„Hún var náttúrlega svo mikill töffari en svo kom að því, þegar hún var búin að vera veik lengi, að við áttum samtöl þar sem hún sýndi á sér veikari hlið. Þar sem hún talaði til dæmis um að hún myndi frekar deyja heldur en að fara í gegnum aðra lyfjameðferð.

Það er svo vont fyrir svona konu, sem er búin að vera úti um allan heim, koma til dæmis heim fótbrotin eftir að hafa verið handtekin einhvers staðar á herflugvelli eða eitthvað og hafa staðið í því að bjarga lækni frá Írak. Að vera þessi goðsögn sem er alltaf á ferð og flugi og fara svo yfir í að geta ekki hreyft sig.“



Jóhanna í Marokkó fyrir nokkrum árum. Þetta verður ekki toppað og þú „fokkar“ ekkert í svona ömmu.

**ÞAÐ VAR ALLTAF EINS OG AÐ KOMA Í FRAMANDI HEIM ÞEGAR MAÐUR KOM TIL ÖMMU.**

Vera

### Maður óhlýðnast ekki ömmu sinni

Vera segist hafa notið stuðnings og leiðbeininga ömmu sinnar þegar hún byrjaði að vinna í útvarpinu. „Hún hlustaði mikið, sérstaklega þegar ég var að byrja á fréttastofunni. Þá leiðbeindi hún mér um framsögn og svona.“

Vera segir ömmu sína hafa verið með alls kyns sérvisku, ekki síst hvað málfar varðaði og hún gerði skýrar kröfur um að Vera fylgdi málfarsstefnu sinni frekar en þeirri opinberu sem RÚV hefur í hávegum.

„Sádi-Arabar, til dæmis, þjóðin sem býr í Sádi-Arabíu. Amma hataði að talað væri um Sádi-Araba og vildi að það væri talað um Sáda. Og þetta varð ég að standa við og hún kom með alveg langan fyrirlestur um af hverju þetta ætti að vera þannig.“

„Maður fer ekki að óhlýðnast ömmu sinni,“ segir Kristjón glottandi.

### Saddam og Arafat uppi á vegg

Vera lagði stund á Mið-Austurlandafræði og þá var oft stuð hjá þeim Jóhönnu. „Það var auðvitað gaman að diskútera þetta allt við hana. Hún hafði náttúrlega sínar skoðanir. Ég ætlaði alltaf að feta í fótspor hennar og ætlaði til Sýrlands, til Damaskus, í arabískunám þar eins og hún gerði. En svo varð ekkert af því út af borgarastyrjöldinni sem skall þar á en ég held enn í vonina um að ég eigi eftir að gera þetta.“

Myndir af Saddam Hussein og Yasser Arafat héngu í öndvegi á veggjum á Drafnarstíg. „Jájá, Saddam, Arafat og fleiri góðir,“ segir Máni.

**Kristjón:** „Töluðu þau ekki saman í síma einhvern tímann?“

**Vera:** „Jú, hún talaði við Saddam í síma.“

**Blaðamaður:** „Og hvað fór á milli þeirra? Voru þau bara að ræða daginn og veginn?“

**Kristjón:** „Þetta var þegar hún var að bjarga Gísla lækni frá Írak.“

Jóhanna, þá blaðamaður á Morgunblaðinu, beitti sér mjög í baráttunni fyrir að koma Gísla Sigurðssyni lækni úr landi eftir að hann varð innlyksa í Kúveit og Írak þegar Írakar réðust inn í Kúveit í ágúst 1990. Undir lok þess árs fór hún sjálf til Bagdad til þess að tala máli læknisins við ráðamenn þar.

### Genin láta ekki að sér hæða

Kristjón hefur skrifað bækur og fyrir nokkrum árum byrjaði hann í blaðamennsku, ömmu sinni til mikillar ánægju, og ritstýrir nú DV. En er þarna um bein áhrif frá ömmu að ræða?

„Nei. Ég ætlaði alltaf að verða atvinnumaður í fótbolta,“ svarar Kristjón. „Svo klikkaði það og þá fór ég bara að skrifa. Genin láta ekki að sér hæða,“ segir hann háðskur.

„Við ræddum auðvitað mikið um blaðamennsku enda er hún bara ein merkasta fjölmiðlakona landsins og hefur unnið með goðsögnum í þessu. Og var sjálf goðsögn í bransanum.

Það var svo gaman að ræða við hana um hvernig þetta var og heyra sögur hennar af því hvernig var að vera kona í þessum mikla karlaheimi eins og hann var þá. Og þurfa að horfa upp á einhverja karla valda fram yfir hana, sem þótti bara eðlilegt þótt hún stæði þeim kannski miklu framar.

Það er bara svo gaman að ræða við svona gáfað og skemmtilegt fólk svo ég hrósi henni aðeins meira.“



**Alexandra Sif Herleifsdóttir og Margrét Guðmundsdóttir, móðir hennar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Lokins er ég lifandi

Sársaukinn sem **Alexandra Sif Herleifsdóttir** fann fyrir þegar hún varð fyrir grófu einelti sem barn þróaðist í kvíða og alvarlegt þunglyndi eftir því sem hún eltist. Hún og móðir hennar, **Margrét Guðmundsdóttir,** ræða um glímuna við kvíðann og leiðina til bata.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Ég á þér svo margt að þakka," segir Alexandra Herleifsdóttir við móður sína, Margréti Guðmundsdóttur. Þær eru að ræða um fortíðina, uppvaxtarár Alexöndru.

Margrét, sem þarf núna að nota hjólastól vegna taugahrörnunarsjúkdóms, lagði allt kapp á að fara með dóttur sína á körfuboltaæfingar þegar hún var unglingur. „Ég keyrði hana úr Breiðholti í Kópavog nærri því á hverjum degi. Ég vissi að það væri mikilvægt að hún færi á æfingar. Að það gerði henni gott. Innst inni var ég hrædd um að ef ég gerði það ekki, þá færi hún í eiturlyfjaneyslu. Sársaukinn var svo mikill," segir Margrét.

**Var lífsglatt og kátt barn**

Sársaukinn sem móðir Alexöndru talar um varð vegna eineltis. Hann leiddi af sér kvíða sem óx á fullorðinsárum. Varð á tímabili nærri því óyfirstíganlegur. Lífshættulegur.

„Hún var svo lífsglatt barn. Svo kát, svo félagslynd. Svo óhrædd," segir Margrét frá.

> EF ÉG KOM INN ÞAR SEM BÖRN SÁTU, ÞÁ FÆRÐU ÞAU SIG FRÁ MÉR EF ÉG NÁLGAÐIST. ÞESSARI HÖFNUN OG OFBELDI FYLGDI SÁRSAUKI SEM VARÐ LÍKAMLEGUR. ÉG FÉKK SÁRA MAGAVERKI. ÉG VAR ELLEFU ÁRA GÖMUL ÞEGAR ÉG NÁÐI MÉR Í HNÍF ÚR ELDHÚSINU OG HUGSAÐI UM AÐ SKAÐA MIG.
>
> Alexandra

**Útmeða**

Er **samstarfsverkefni Rauða krossins og Geðhjálpar** og gengur út á vitundarvakningu. Að hvetja ungt fólk til að tala um líðan sína og leita sér hjálpar.

**1717**

Er **Hjálparsími og netspjall Rauða krossins** en árlega berast um 15.000 mál inn á borð 1717 sem eru jafn ólík og þau eru mörg.

Alexandra tekur undir. „Ég á góðar minningar frá barnæsku. Þær eru grunnurinn, ég er glöð að eðlisfari."

Alexandra er alin upp í Breiðholti og undi vel við sitt. Fjölskyldan flutti í lítið bæjarfélag þegar hún var tíu ára gömul. „Mér var hafnað frá fyrsta degi og eineltið hófst strax. Ég á margar minningar um sára höfnun og gróft andlegt ofbeldi. Stundum varð það líkamlegt líka," segir Alexandra frá.

**Eineltinu fylgdi sársauki**

„Ég fékk ljót símaskilaboð, það voru stofnaðar sérstakar síður um mig á netinu þar sem var gert grín að mér. Ef ég kom inn þar sem börn sátu, þá færðu þau sig frá mér ef ég nálgaðist. Þessari höfnun og ofbeldi fylgdi sársauki sem varð líkamlegur. Ég fékk sára magaverki. Ég var ellefu ára gömul þegar ég náði mér í hníf úr eldhúsinu og hugsaði um að skaða mig," segir Alexandra frá. Hún segist ekki hafa sett þessar tilfinningar í nokkurt samhengi fyrr en hún varð fullorðin. „Það er ekkert langt síðan ég gat sett í samhengi kvíða og þunglyndi og þessi áföll sem ég varð fyrir sem barn."

**Ekki velkomin í bæjarfélaginu**

Margrét móðir hennar tekur undir. „Það er sárt að hugsa til þess að í fyrstu var ég að pína hana til að fara í skólann. Á morgnana var hún oft lasin. Sárlasin, en hresstist til muna eftir að ég hafði hringt hana inn veika.

Ég áttaði mig þó fljótt og reyndi að ræða við skólann. Þar rakst ég á vegg. Í þessu litla bæjarfélagi voru allir tengdir. Við vorum aðkomufólk. Ég var litin hornauga fyrir að kvarta yfir eineltinu. Ég fékk líka að finna að við værum ekki velkomin utan skólans. Það var ekkert gert í málunum og ég þurfti að taka hana úr skólanum. Á endanum ákváðum við hreinlega að pakka saman og fara. Líf dóttur minnar var of verðmætt," segir Margrét.

**Reiði á unglingsárum**

„Ó, það var svo mikill léttir," segir Alexandra og horfir brosandi á móður sína.

„Já, það er alltaf hægt að kaupa nýtt hús og flytja. En maður fær ekki aftur þessi ár, þau er ekki hægt að kaupa," segir Margrét.

Unglingsárin liðu. Margrét keyrði Alexöndru á æfingar. Sannfærð um að dóttir hennar myndi njóta góðs af æfingunum.

„Sem ég gerði, ég er viss um að hreyfingin gagnaðist mér. Forðaði mér frá því að lenda í vanda."

„Á sama tíma hafðir þú ekki ráðrúm til þess að takast á við vandamálin. Það var ekki tími til þess," segir móðir hennar.

„Unglingsárin voru erfið. Það sem var einkennandi við hana er hversu fljótt hún rauk upp. Við vorum kannski að spjalla saman og þá kannski var eitthvað sem kom illa við hana og þá missti hún stjórn á skapi sínu. Nú skil ég af hverju. Það hefur breyst. Hún er með jafnaðargeð. Það var vanlíðan hennar sem braust út og tengdist ekki okkur eða því sem við vorum að ræða."

**Fór á hnefanum**

„Það var líka eflaust einhver flótti í því hversu mikið hún vann og kepptist við og keyrði sig áfram," heldur hún áfram.

„Ég leyfði mér ekki að vera til. Að slaka á. Það er líka mikil samfélagsleg pressa á ungt fólk. Maður á að vera í flottu formi með allt á hreinu. Þarf að eiga marga vini, gera eitthvað í lífinu svo þú sért marktækur. Auðvitað fer maður og fylgir straumnum, ómeðvitað," segir Alexandra.

„Ég fór á hnefanum eftir því sem ég fullorðnaðist. Ég fór í háskólann og lærði íþróttafræði, ég fór á æfingar og vann mikið með. Álagið varð of mikið á lokaári mínu í háskólanum. Og kvíðinn blossaði upp," segir hún frá.

**Fékk sjálfsvígshugsanir**

Alexandra segir að á þessum tíma, þegar álagið hafi verið sem mest, hafi hún fengið sjálfsvígshugsanir. Stundum þegar hún hafi verið að keyra bíl hafi hún hugsað um að keyra bara út af.

Margrét segist þá hafa orðið illa bylt við. „Hún kom til okkar um miðja nótt. Hágrét, vissi ekki sitt rjúkandi ráð, sat á rúmstokknum og grét. Þarna vissi ég að vandinn væri djúpstæður," segir hún frá.

Alexandra kláraði lokaprófin. Hún átti kærasta frá Kanada og ákvað að flytja með honum út.

„Ég hélt að ég myndi skilja kvíðann eftir á Íslandi. Ég kenndi álaginu um, prófunum, vinnunni, meiðslum sem ég var að glíma við í körfuboltanum. Ég leiddi aldrei hugann að rótinni. Áföllunum í æsku. Þarna var ég ekki búin að tengja," segir Alexandra.

Hún og kærasti hennar bjuggu í háhýsi. Á átjándu hæð. „Þarna úti uppgötvaði ég að kvíðinn varð ekki eftir á Íslandi. Hann fylgdi mér og stigmagnaðist. Ég gat ekki notið útsýnisins. Ég hafði löngun til að hoppa niður. Ég eyddi heilu dögunum í rúminu. Kvíðinn var orðinn að djúpu þunglyndi. Ég ákvað að ég þyrfti að gera eitthvað róttækt í málunum," segir Alexandra frá.

**Sagði engum frá**

„Ég vissi ekkert um hversu vond líðan hennar var á þessum tíma," segir móðir hennar frá. „Það var margt fleira sem bætti við álagið. Pabbi hennar greindist með krabbamein daginn sem hún flutti út."

„Ég sagði heldur ekki frá," segir Alexandra. „Ég las mér til á netinu, tók próf og komst að því að ég ætti hreinlega að vera inniliggjandi á geðdeild. Þarna hefði það gert mér gagn að geta hringt og fengið hjálp og ráðgjöf. En ég gerði það ekki því ég hafði ekki hugmynd um að neitt slíkt væri til. Útmeða hefði gagnast mér á þessum tíma. Samstarfsverkefni Geðhjálpar og Rauða krossins. Og Hjálparsíminn 1717, ég hefði hringt ef ég hefði vitað.

Ég gerði áætlun. Hún náði til einfaldra atriða. Svo sem að drekka vatn. Klæða mig. Tannbursta mig. Það var svo langur vegur frá ➡

Fólk
Helgin
LAUGARDAGUR 21. APRÍL 2018

# Tilfinningaleg úrvinnsla



Söngvaskáldið Ingunn Huld Sævarsdóttir samdi sitt fyrsta lag þegar hún var ellefu ára. Í dag flytur hún ný lög á útskriftartónleikum sínum, sem sum fjalla um meðgöngu og fósturmissi. →2

Ingunn Huld Sævarsdóttir er komin sex mánuði á leið með sitt fyrsta barn og hlakkar mikið til að takast á við móðurhlutverkið. MYND/ANTON BRINK

ENZYMEDICA®
Engin uppþemba!







habitat TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT | SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 |
OPIÐ MÁN-FÖS 10-18 | LAU 11-17 OG SUN 13-17 | VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég er nú komin sex mánuði á leið með mitt fyrsta barn en lenti í því í fyrra að missa fóstur,“ segir Ingunn Huld sem vann sig út úr erfiðri lífsreynslu með því að semja lög og texta um fósturmissi og meðgöngu.

Afraksturinn, ásamt öðrum lögum sem hún hefur samið í gegnum námið, ætlar Ingunn að frumflytja á útskriftartónleikum úr Listaháskólanum í dag.

„Maður er kannski ekki tilbúinn að tala um fósturmissi við hvern sem er, sérstaklega þegar maður er enn að vinna úr því, en ég vann úr erfiðum tilfinningum á þennan hátt. Listsköpun er góður farvegur til að fá útrás fyrir tilfinningar og þess vegna tel ég dýrmætt fyrir börn að fá tækifæri til tónlistariðkunar. Maður nær nefnilega ekki alltaf að koma öllu í orð, en þarf þó að koma því frá sér, og í tónlist, sem og íþróttum og annarri list, er oftar en ekki hægt að veita innibyrgðum tilfinningum farveg,“ segir Ingunn sem er grunnskólakennari að mennt og kenndi tónmennt og leiklist í sjö ár í Kelduskóla og Vesturbæjarskóla áður en hún söðlaði um og fór í meistaranám í Listaháskóla Íslands.

„Ég skráði mig í alþjóðlegt meistaranám sem kallast á ensku NAIP en heitir á íslensku Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf. Mér þótti áhugavert að fá rými til að leggja áherslu á það sem ég vil í tónlistinni en líka að læra verkefnastjórnun og fleiri hagnýt námskeið sem nýtast munu vel í framtíðinni.“

Ingunn er sömuleiðis útlærð í djasssöng frá FÍH og kennir börnum á þverflautu.

„Ég byrjaði í þverflautunámi þegar ég var níu ára. Það voru forréttindi að alast upp í Mosfellsbænum því þar var í hvívetna hlúð að listsköpun barna og unglinga. Þannig var ég bæði í skólahljómsveit Mosfellsbæjar, barnakór Varmárskóla og í leiklistarstarfi,“ segir Ingunn sem ólst upp á hefðbundnu heimili þar sem til voru hljómplötur með Whitney Houston og Ingunn hélt upp á.

„Við systkinin lærðum öll á hljóðfæri og mamma og pabbi kunna bæði á gítar þó þau fari frekar leynt með það. Þó var okkur krökkunum ekki ýtt út í tónlistarnám heldur spratt það af áhuga okkar og löngun til að læra á hljóðfæri. Það er hins vegar dýrmætt að finna hvatningu að heiman og þegar foreldrar manns njóta þess að hlusta á mann spila og æfa sig,“ segir Ingunn.

### Reynsluheimur kvenna

Lokaverkefni Ingunnar Huldar við Listaháskólann tekur á tilfinningalegri úrvinnslu söngvaskálda við lagasmíðar og þá sér í lagi lögum kvenna sem fjalla um meðgöngu og fósturmissi.

„Lögin sem flutt verða á tónleikunum taka á reynsluheimi kvenna, allt frá Maríu Magdalenu (Woman) til fósturmissis á 21. öldinni (In the hands of strangers), meðgöngu (Baby before you enter), lífi nýgiftrar eiginkonu (Candlelight & Porridge) og umbreytingartímanum þegar börnin fara að heiman (A bathroom gained), en hér eru upptalin fimm lög af fleirum,“ útskýrir Ingunn sem samdi öll lögin nema eitt á meðan hún var í meistaranáminu.

„Í tengslum við lokaritgerðina hef ég skoðað hvað aðrir tónlistarmenn hafa gert í sambandi við úrvinnslu tilfinninga og hvaða lög það eru sem konur hafa samið um meðgöngu og fósturlát. Þar má nefna lagið „Heartbeat“ sem Beyoncé samdi um fósturmissi en eiginmaður hennar Jay Z gerði slíkt hið sama í laginu „Glory“, sem er óður til konu hans og dóttur en kemur einnig inn á sorgina í tengslum við fyrri fósturmissi. Þá samdi Ólöf Arnalds lagið „Inni undir skinni“ um meðgöngu og Lily Allen og Tori Amos sömdu báðar lög um fósturlát,“ upplýsir Ingunn.

Hún segir lag Beyoncé ekki hafa komið út á plötu en að það komi fyrir í heimildarmyndinni Life is but a dream.

„Í myndinni talar Beyoncé um að Heartbeat hafi verið hennar meðferðarúrræði til að vinna úr erfiðri lífsreynslu. Allt er þetta auðvitað mjög persónuleg tónlist. Sumar lagasmíðar eru enda þess eðlis að maður semur þær ekki til útgáfu heldur vegna þess að maður þarf að vinna úr tilfinningum og það er dýrmætt fyrir mann. Einhver lögin eru því tregafull en önnur eru ástarlög eða lög um hamingju og mikla eftirvæntingu.“



Ingunn Huld samdi textana við lögin sem hún flytur í dag á ensku. „Þegar maður semur tónlist sem er svo mikið nærri hjarta manns myndast hæfileg fjarlægð þegar hún er ekki á móðurmáli hans.“ MYND/EYÞÓR

> **Maður er kannski ekki tilbúinn að tala um fósturmissi við hvern sem er, en ég vann úr erfiðum tilfinningum á þennan hátt.**
>
> Ingunn Huld Sævarsdóttir

### Leyndardómsfullt verk

Ingunn hefur mestmegnis samið þjóðlagapopp og ballöður. Árið 2015 gaf hún út plötuna Fjúk með ellefu íslenskum lagasmíðum.

„Lögin sem ég flyt í dag eru samin á ensku því mér finnst áhugavert að taka eitt tungumál fyrir í einu. Þegar maður semur tónlist sem er svo mikið nálægt hjarta manns myndast líka hæfileg fjarlægð þegar hún er ekki á móðurmáli manns,“ segir Ingunn og er full tilhlökkunar.

Með Ingunni verður valinn maður í hverju rúmi. Sjálf sér hún um söng, gítar-, píanó- og þverflautuleik en Árni Magnússon spilar á rafbassa, Páll Cecil Sævarsson á trommur og hljóðgervil, Sigurður Halldórsson á selló, Héðinn Ziska Davidsen á gítar og Anna Bergljót Böðvarsdóttir syngur bakraddir.

„Í dag verða ákveðin kaflaskil og eftir langan og strangan undirbúning verður gaman að flytja lögin frammi fyrir áheyrendum. Á eftir mun ég svo örugglega taka því rólega og gera eitthvað skemmtilegt með fjölskyldu og vinum, en svo er bara að vinda sér í að klára ritgerðina,“ segir hún og hlær.

Önnur áhugamál Ingunnar eru útivist, hannyrðir, ljóðagrúsk og bragfræði.

„Ég hef yndi af því að kenna börnum og langar að gera það áfram. Mér þykir svo áhugavert að gefa þeim tækifæri til að tjá sig í gegnum tónlist. Ég stefni því á að klára skólann, njóta þess að verða móðir og halda svo áfram að kenna, semja og gefa út tónlist.“

Á tónleikunum í dag verður skemmtilegt leyninúmer sem Ingunn vill ekki ljóstra upp.

„Segjum bara að áheyrendur fái heyrt óvænt verk fyrir rödd og óhefðbundið hljóðfæri,“ segir hún leyndardómsfull og brosir.

Tónleikar Ingunnar Huldar verða í Safnahúsinu, Hverfisgötu 15, í dag, laugardaginn 21. apríl, klukkan 15. Allir eru hjartanlega velkomnir og aðgangur er ókeypis.

MARKAÐURINN

Vettvangur viðskiptafrétta



Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum

» Nýjar viðskiptafréttir daglega á frettabladid.is/markadurinn

» Þú getur einnig nálgast Markaðinn í Fréttablaðs appinu

FRÉTTABLAÐIÐ.IS FRÉTTABLAÐIÐ APP

# Þetta litla auka sem getur hjálpað

Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan, hefur tekið saman nokkur bætiefni, jurtir og náttúrulegar vörur sem geta gefið okkur þetta litla auka sem þarf til að bæta heilsuna, hvort sem það er líkamlega eða andlega.




## Melissa Dream

Fyrir dýpri slökun og værari svefn. Sítrónumelissa hefur verið notuð í aldaraðir til að bæta svefn og draga úr kvíða og hér er hún ásamt amínósýrunni L-theanine en rannsóknir hafa sýnt að hún hefur bein áhrif á heilann þar sem hún stuðlar að slökun án þess að hafa sljóvgandi áhrif. Fátt er heilsusamlegra en góður nætursvefn.



Öll viljum við lifa sem lengst heilbrigð á líkama og sál til að geta notið þess tíma sem við höfum hér í þessari tilvist. Stundum geta bætiefni, jurtir og náttúrulegar vörur gefið okkur þetta litla auka sem þarf til að bæta heilsuna,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

**HRÖNN MÆLIR MEÐ:**



## Yes sleipiefni

Fyrir meiri unað í kynlífinu. Yes er lífrænt og bæði til með olíubasa og vatnsbasa en það síðarnefnda klístrast ekki og má nota með verjum. Það hentar einnig konum með þurrk í slímhúð/leggöngum sem er m.a. þekktur fylgikvilli krabbameinsmeðferða. Yes inniheldur engin aukaefni né efni sem geta verið skaðleg fyrir slímhúðina og má nota bæði innvortis sem og útvortis.

> **Bætiefni, jurtir og náttúrulegar vörur geta stundum gefið okkur þetta litla auka sem þarf til að bæta heilsuna.**
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan




## Femarelle

Fyrir konur sem eru að komast á breytingaskeiðsaldur eða eru að kljást við einkenni þess. Kvensjúkdómalæknar mæla í auknum mæli með Femarelle sem fyrstu meðferð gegn einkennum breytingaskeiðsins og að auki hafa klínískar rannsóknir sýnt fram á að beinþéttni eykst vegna efnasambandsins DT56a sem er í Femarelle.




## Hair Volume

Segir sig eiginlega sjálft. Eina varan af þessari tegund sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unninn er úr eplum. Kísill, bíotín, kopar, hirsi o.fl. sér svo um að næra rætur hársins, hvetja hárvöxtinn og viðhalda eðlilegum lit. Vinsælasta varan hjá New Nordic í Evrópu og Bandaríkjunum.




## Digestive Spectrum

Fyrir góða meltingu og gegn fæðuóþoli. Öflug náttúruleg meltingarensím sem hjálpa til við niðurbrot fæðunnar og geta þau hreinlega gert kraftaverk fyrir þá sem þekkja og þjást af ýmsum einkennum fæðuóþols.




## Brizo

Fyrir karla sem eiga í vandræðum með þvagblöðruna, hvort sem það eru erfiðleikar við tæmingu eða truflun á nætursvefni vegna tíðra þvagláta. Ástæðan gæti verið stækkaður blöðruhálskirtill en rannsóknir hafa sýnt að með þriggja mánaða inntöku á Brizo™ hefur blöðruhálskirtill minnkað töluvert.




## Gandur

Fyrir þurra og sprungna húð, exem og psoriasis. Handabót, Sárabót og Hælabót eru mögnuð krem og smyrsl, framleidd úr minkaolíu og handtíndum íslenskum jurtum. Minkaolían inniheldur mikið magn af omega-7 sem er afar nærandi fyrir húðina og örvar einnig endurnýjun húðfruma. Smýgur vel inn í húðina og er einstaklega græðandi. 100% náttúrulegar vörur frá Íslandi.




## Bio Kult Candéa

Fyrir þarmaflóruna og ónæmiskerfið. Mjólkursýrugerlar ásamt hvítlauk og greipaldinkjarnaþykkni (GSE) sem hafa góð áhrif á meltinguna og hjálpa til við að drepa niður candida albicans gersveppinn. Heilbrigð þarmaflóra þýðir öflugt ónæmiskerfi.




## Landgarten

Fyrir smá upplyftingu sálarinnar. Hvað er betra en að fá sér smá nammi sem er ekki bara hollt og gott, heldur er það lífrænt líka. Landgarten eru frostþurrkaðir ávextir og hnetur sem er hjúpað góðu súkkulaði. Nokkrar tegundir og blöndur eru í boði en munum bara að allt er gott í hófi.

## Apple Cider

Fyrir bætta meltingu, jafnari blóðsykur og lægri blóðþrýsting. Í næstum hálfa öld hefur eplaedik verið kynnt og selt sem heilsubætandi „elexír“. Einnig er talað um að það hjálpi til við þyngdartap og hindri fjölgun sumra baktería í líkamanum. Apple Cider töflurnar frá New Nordic innihalda auk 1000 mg af eplaediksdufti, ætiþistil, túnfífil og kólín sem hjálpa til við niðurbrot á fitu og styðja við lifrarstarfsemi. Inntaka á eplaedikstöflunum er ekki bara góðar fréttir fyrir þá sem eiga erfitt með að taka það á vökvaformi vegna bragðs, heldur líka fyrir tennurnar.



# Optibac fyrir þarmaflóruna

## Optibac meltingargerlar eru með margar klínískar rannsóknir á bak við sig. Þú finnur Optibac með sérhæfða virkni sem hentar þér.

Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti segir að mikið úrval sé á boðstólum af alls konar meltingargerlum. „Sem betur fer hefur orðið vitundarvakning um mikilvægi þarmaflórunnar en vanda þarf valið þegar maður kaupir meltingargerla,“ segir hún. „Þau hjá Optibac eru sérfræðingar í góðgerlum og nota bara gerla sem rannsóknir hafa sýnt fram á að virka vel.“

### Heilbrigð þarmaflóra

„Heilbrigð þarmaflóra er hornsteinn góðrar heilsu. Flóran er ómissandi fyrir meltingu og upptöku næringarefna en hefur líka víðtæk áhrif um allan líkamann. Hún leikur til að mynda hlutverk í virkni heila og taugakerfis ásamt ónæmiskerfi,“ segir Ösp.

„Hollt og fjölbreytt mataræði sem inniheldur nægilegt magn trefja er ómissandi til að viðhalda góðri flóru. Meltingarvandamál koma oft upp eftir inntöku á sýklalyfjum, ef ferðast er á framandi slóðir eða ef mataræði er einhæft. Þá getur verið mikil hjálp í því að taka inn öfluga blöndu vinveittra gerla.“



**Ég hef prófað margar gerðir meltingargerla (acidophilus) en aldrei fundið jafn mikla virkni og af Optibac.**

Viðir Þór Þrastarsson, íþrótta og heilsufræðingur



**For every day er frábær blanda sex tegunda gerla af vel rannsökuðum vinveittum bakteríum sem þola magasýrur og sölt og komast þannig lifandi í smáþarmana. For Every Day hentar frábærlega fyrir þá sem vilja breiðvirka gerlablöndu til daglegrar inntöku.**

Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti



For women er sérvalin blanda góðgerla sem hafa verið rannsakaðir og prófaðir á þúsundum kvenna um allan heim.




**For Every Day** inniheldur sex tegundir af vel rannsökuðum vinveittum gerlum sem komast lifandi í smáþarmana. For Every day inniheldur einnig prebiotic trefjar sem næra góðu gerlana.

- Hentar vel eftir notkun sýklalyfja
- Gott að taka eftir magapestir
- Inniheldur FOS trefjar sem næra góðu gerlana og styðja þannig enn frekar við flóruna
- Má opna hylkin og blanda í kaldan mat eða drykk – hentar vel fyrir börn
- Sýruþolin hylki
- 6 tegundir af breiðvirkum vinveittum gerlum í hverju hylki
- 1 hylki á dag með mat, helst með morgunmat

### Optibac For women

„Leggöngin eru full af gerlum og þau eiga að vera það. Vandamálin skapast þegar ójafnvægi myndast í flórunni og þá geta sveppasýkingar og ýmis óþægindi gert vart við sig.

For women er sérvalin blanda góðgerla sem hafa verið rannsakaðir og prófaðir á þúsundum kvenna um allan heim. For women er mest rannsakaða bakteríublandan fyrir kynfærasvæðið og hafa rannsóknir sýnt að við inntöku ná þessir gerlar að styðja við gerlaflóru legganganna.

Margar konur lenda reglulega í vandræðum með flóru legganganna. Vandamál eru algeng eftir sýklalyfjanotkun og því sérstaklega mikilvægt að styðja við flóruna eftir sýklalyfjakúra. Gott hreinlæti er að sjálfsögðu ómissandi sem og hollt og gott mataræði,“ segir Ösp.




**Optibac For women** inniheldur góðgerla sem komast í gegnum meltinguna, á kynfærasvæði og setjast þar að og byggja upp heilbrigða gerlaflóru.

- Gegn sveppa-, þvagrásar- og bakteríusýkingu
- Hentar konum á öllum aldri
- Má taka á meðgöngu og með brjóstagjöf
- 1-2 hylki á dag með mat, helst með morgunmat
- Má taka að staðaldri

*Optibac fæst í apótekum og heilsuvöruverslunum.*




Rannsóknir hafa sýnt fram á betri útkomu við sveppasýkingu þegar For Women er tekið með sveppalyfjum.




OptiBac probiotics

We're here to help, naturally




# ÞOLIR SJÓ, SUND, ÍÞRÓTTIR OG LEIK

**Viðbætt kollagen, silkextrakt, C- og E-vítamín fyrirbyggir og lagfærir sólaskaða í húð.**

- Húðin verður fallega sólbrún, mjúk og rakafyllt. Best í test þrjú ár í röð.
- Ofnæmisprófað er gott gegn sólarexem og sólarofnæmi. Þægilegt að bera á húðina, vatnsheld ekkert klístur eða fituáferð.
- Engin paraben, engin ilm-eða nanaóeindir. Engin hormónatruflandi efni.
- Meðmæli húðlækna.

**Grunnformúlan er læknisfræðilega skráð**

GSÍ
SWE CYCLING
VOLVO OCEAN RACE
BÄST-i-TEST.se
Vitiligo
UVA ULTRA

Fæst í Apótekum, Hagkaup, Nettó, Fríhöfninni og víðar | nánar á evy.is

# Smáhúsasmiðja fyrir uppfinningamenn

Vöruhönnuðirnir Auður Ösp Guðmundsdóttir og Halla Hannesdóttir standa fyrir smáhúsasmiðju í Hönnunarsafni Íslands. Smiðjan byggir á eldra verkefni sem þær sýndu á HönnunarMars 2015.



Halla Hannesdótir og Auður Ösp Guðmundsdóttir standa fyrir smáhúsasmiðju í dag klukkan 15 í Hönnunarsafni Íslands. MYND/SIGTRYGGUR ARI




Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is


Okkur þykir mjög skemmtilegt að kynna okkur mismunandi karaktera, fabúlera um hvernig þeir myndu búa og hvers konar hluti þeir myndu hafa í kringum sig. Með því að vinna út frá ákveðnum punkti, sem maður velur ekki endilega sjálfur, gefst frelsi til þess að skapa eitthvað algerlega nýtt. Uppfinningamenn geta líka verið svo margvíslegir, þeir geta verið að búa til fljúgandi glimmerkisur, rækta hina fullkomnu kartöflu eða finna uppskriftina að eilífu lífi. Okkur fannst því uppfinningamaðurinn gott þema til að vinna út frá, því það kveikir strax á ímyndunaraflinu,“ segir Auður Ösp Guðmundsdóttir en hún ásamt Höllu Hannesdóttur stendur fyrir smáhúsasmiðju í Hönnunarsafni Íslands í dag.

Í smiðjunni fá þátttakendur að útbúa, smíða og innrétta herbergi í dúkkuhúsaskala. Hægt er að velja mismunandi efni til að vinna úr, timbur, pappa, textíl, leir og fleira. Smiðjurnar eru fyrir alla aldurshópa.

„Það er ótrúlega forvitnilegt að sjá hvernig fólk les mismunandi í efni og finnur upp á einhverju sem manni hefði aldrei dottið í hug sjálfum,“ segir Halla.

„Í seinustu smiðju fengum við nokkra óvænta gesti í heimsókn – vöruhönnuð, mataruppfinningakonu, slökunarsérfræðing og fatahönnuð sem öll bjuggu til sín eigin rými. Það var alveg frábært og það myndaðist svo góð stund þar sem allir fengu leyfi til að skapa án nokkurrar pressu um að greina eða rannsaka of mikið. Stundum er bara svo gott að njóta og búa til sögur í góðum hópi,“ bætir hún við.

Smiðja Auðar og Höllu sprettur út frá sýningunni Einn á móti átján sem þær sýndu í Spark Design Space á HönnunarMars 2015. Þar sýndu þær dúkkuhús á þremur hæðum og þrjár útgáfur af húsum á einni hæð.

„Okkur fannst mjög spennandi að vinna með skala þar sem við skissum mjög mikið báðar í smærri módel þegar við erum að vinna að verkefni í raunstærð. Við ákváðum því að hafa „miniature“ sem útgangspunkt að þessu verkefni og úr urðu dúkkuhúsin,“ útskýrir Auður.

„Stærra dúkkuhúsið er hugsað sem húsgagn sem getur fylgt manni á lífsleiðinni, ekki einungis sem dúkkuhús heldur einnig sem furðuskápur. Í húsinu myndast ævintýraheimur með þeim hlutum sem þar tínast inn, hvort sem það eru dúkkuhúsgögn eða nýir hlutir í samansafni safnarans.

Við vorum með ýmsar fyrirmyndir varðandi útlitið á húsinu en skemmtilegast fannst okkur þó að keyra um og safna gluggum úr hverfum Reykjavíkur, en við völdum nokkra sem notaðir voru í glugga í dúkkuhúsin.“

Smiðjan hefst klukkan 15 í dag í Hönnunarsafni Íslands. Fleiri smiðjur eru á döfinni í sumar og fleiri spennandi verkefni bíða Auðar og Höllu.

„Það er heilmargt í gangi. Við erum til dæmis að byrja á splunkunýju verkefni saman sem verður vonandi kynnt í haust.“






## Svínakjöt með hnetusósu

Ótrúlega fljótlagaður, ódýr og góður svínakjötsréttur sem hentar vel í matinn hvort sem er í miðri viku eða um helgina. Þessi uppskrift getur dugað fyrir 8 manns.

**600 g svínalund**
**2 msk. sojasósa**
**2 msk. olía**
**1 tsk. karrí**
**1 tsk. hunang**
**Salt og nýmalaður pipar**

### Hnetusósa

**350 g hnetusmjör**
**2 msk. chilli-sósa**
**0,5 dl mango chutney**
**1 hvítlauksrif, pressað**



Svínakjöt í hnetusósu er í miklu uppáhaldi hjá mörgum.

Hreinsið kjötið og skerið í strimla. Blandið saman sojasósu, olíu, karrí og hunangi í plastpoka. Setjið kjötið í blönduna og marinerið í nokkra klukkutíma í ísskáp. Brúnið kjötið á pönnu og bragðbætið með salti og pipar.

Hnetusósan er gerð þannig að hnetusmjörið, chutney, chilli-sósan og hvítlaukurinn er sett í pott og hrært vel á meðan sósan þykknar í hitanum. Bætið við örlitlu vatni ef sósan verður of þykk. Það má bera sósuna fram sér með kjötinu eða setja það í hana. Einnig er hægt að setja kjötið á spjót, grilla það úti og hafa sósuna til hliðar. Gott er að hafa hrísgrjón með.



Kynntu þér starfið á
bluelagoon.is/atvinna
og sæktu um

# SNYRTIFRÆÐINGUR

Við leitum að jákvæðum og þjónustulunduðum aðila í starf snyrtifræðings á nýju upplifunarsvæði, The Retreat Spa. Snyrtifræðingar Retreat taka þátt í að þróa, móta og framkvæma snyrtimeðferðir ásamt því að hámarka upplifun gesta með framúrskarandi þjónustu.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**

- Framúrskarandi þjónustulund og jákvæðni
- Afburðagóð samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Vönduð og fagleg vinnubrögð
- Góð enskukunnátta, önnur tungumálakunnátta er kostur
- Snyrtifræðimenntun
- Reynsla í starfi er kostur

Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 20 ára aldri.

Umsóknarfrestur er til og með **4. maí.**

Einstakt umhverfi

Skemmtilegt félagslíf

Góð fríðindi

Rútuferðir til og frá vinnu

Frábær starfsandi

Góður matur

Þjálfun og fræðsla

BLUE LAGOON
ICELAND

# Hugbúnaðargerð – mikil tækifæri

Erum með áhugaverð störf í boði fyrir háskólamenntaða hugbúnaðarsérfræðinga sem hafa náð góðum árangri í forritun. Efnilegir nýútskrifaðir koma einnig vel til greina. Mikil tækifæri í boði.

**Sjá nánar á www.intellecta.is**

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

# Verkefnastjóri

*Garðlist ehf. hefur verið starfandi frá árinu 1989. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í viðhaldsþjónustu í görðum og á grænum svæðum fyrir einstaklinga, fyrirtæki, húsfélög og bæjarfélög. Fyrirtækið hefur vaxið mikið á þessum tíma og aukið við sig mannskap og verkefni. Garðlist var á síðasta ári valið bæði Fyrirmyndarfyrirtæki ársins og Framúrskarandi fyrirtæki ársins.*

*Á sumrin starfa um 100 manns hjá fyrirtækinu en á veturna eru rúmlega 40 fastir starfsmenn sem sinna vetrarverkum á borð við snjómokstur, jólaskreytingar og önnur tilfallandi verk. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess **www.gardlist.is***

Garðlist ehf. leitar að öflugum verkefnastjóra til að stýra og sinna spennandi verkefnum hjá Garðlist. Við leitum að kraftmiklum, skipulögðum og jákvæðum einstaklingi. Um er að ræða framtíðarstarf. Næsti yfirmaður er rekstrarstjóri fyrirtækisins.

**Starfssvið**

- Skipulagning verkefna og mannskaps
- Umsjón með framkvæmd verka
- Samskipti við viðskiptavini fyrirtækisins
- Sala, bókanir og skráning verka
- Tilboð og samningagerð

**Menntunar og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verklegum framkvæmdum
- Reynsla af stjórnunarstarfi
- Sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð
- Jákvæðni, lausnamiðuð hugsun og lipurð í mannlegum samskiptum er mikilvæg
- Góð íslensku og enskukunnátta
- Bílpróf og hreint sakavottorð er skilyrði

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2018. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir




## Sölu- og markaðsstjóri LYFIS hjá Icepharma

LYFIS

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á markaðssetningu lyfja og annarra vara LYFIS á Íslandi
- Myndun og viðhald viðskiptatengsla við apótek og heilbrigðisstarfsfólk
- Kynningar og sala á lyfjum, gerð auglýsinga og markaðsefnis
- Viðskiptaþróun, greining nýrra markaðstækifæra
- Markaðsgreiningar og áætlanagerð
- Þátttaka í og skipulagning funda og ráðstefna

### Hæfniskröfur

- MSc í lyfjafræði eða önnur heilbrigðismenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á lyfjamarkaði og starfsumhverfi apóteka á Íslandi
- Reynsla af markaðssetningu samheitalyfja
- Greiningarhæfni og hæfni til að rýna tölur og gögn
- Fagmennska og frumkvæði
- Jákvæðni og framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og tengslamyndun
- Gott vald á íslensku og ensku
- Kunnátta í Norðurlandamáli er kostur

Umsókn merkt: **LYFIS.** Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Lilja Dögg Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri LYFIS, lilja.dogg@icepharma.is.

Icepharma er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugu framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 100 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi. LYFIS er í meirihlutaeigu Icepharma og er eitt af leiðandi fyrirtækjum á Íslandi í sölu á lyfjum og heilsueflandi vörum til apóteka.

icepharma

Umsóknarfrestur: **30. apríl** Umsóknir: **atvinna@icepharma.is eða sækja um á ráðningarvef Icepharma: Um Icepharma / Vinnustaðurinn / Laus störf.**

# Umsjónarmaður fasteigna

HÓTEL ÍSLAND
REYKJAVIK ICELAND

Heilsumiðstöðin Ármúla sem rekur Hótel Ísland ásamt því að leigja út hluta húsnæðisins til annarrar starfsemi óskar eftir að ráða umsjónarmann fasteignar í Ármúla 9. Leitað er að öflugum, þjónustulunduðum og handlögnum einstaklingi sem getur borið ábyrgð á daglegum rekstri á fasteign og á auðvelt með mannleg samskipti. Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur
**30. apríl**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6617**

Helstu verkefni

- Húsumsjón og húsvarsla.
- Almennt viðhald fasteignar ásamt umhirðu á lóð.
- Verkstjórn með stærri viðhaldsverkefnum.
- Umsjón og eftirlit með kerfum.
- Eftirlit og innkaup.
- Önnur tilfallandi verkefni vegna vaxandi umsvifa.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Iðn- eða tæknimenntun.
- Reynsla af umsjón fasteigna.
- Þekking á öryggis- og tæknikerfum.
- Góð íslensku og/eða enskukunnátta.
- Góð tölvukunnátta.
- Góð samskiptahæfni, sveigjanleiki og þjónustulund.
- Snyrtimennska, nákvæmni í starfi og stundvísi.

Í Heilsumiðstöðinni Ármúla starfa saman fyrirtæki sem eiga það sameiginlegt að vilja bæta lífsgæði, heilsu og vellíðan með því að bjóða upp á heildræna og einstaka heilsutengda ferðaþjónustu og lækningar en þau eru m.a. Hótel Ísland, niu restaurant & bar, Heilsa & Spa, Klíníkin, Gáski, Harklinikken, Fegurð & Spa, Karitas og Sinnum.
Markmiðið er að innan miðstöðvarinnar sé hæft, vel menntað og áhugasamt starfsfólk sem sameiginlega skapar metnaðarfullt og jákvætt andrúmsloft.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent



Landsvirkjun

## Við leitum að sjálfstæðum **leiðtoga** í mötuneyti í Búrfelli

Leiðtogi mötuneytis og ræstinga á Þjórsársvæði hefur yfirumsjón með og skipuleggur daglegan rekstur mötuneytis og ræstinga á svæðinu. Hann ber ábyrgð á matargerð, framreiðslu og innkaupum vegna reksturs mötuneytis á svæðinu. Þjórsársvæði er næst stærsti vinnustaður Landvirkjunar og starfsemi mötuneytis leikur þar lykilhlutverk.

- Menntun á sviði matreiðslu
- Reynsla af sambærilegum rekstri æskileg
- Þekking á næringarfræði
- Frumkvæði og sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Þekking á gæðastjórnun og öryggismálum
- Þekking á innra eftirliti með hliðsjón af GÁMES
- Samskipta- og leiðtogahæfni

Sótt er um starfið vefsvæði Landsvirkjunar, landsvirkjun.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Þóra María Guðjónsdóttir (thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is) hjá Landsvirkjun. Umsóknarfrestur er til og með 5. maí 2018.

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlauna-úttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.




Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent
www.capacent.is








# FLJÚGÐU

## VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGUM LIÐSAUKA TIL AÐ SINNA SPENNANDI VERKEFNUM

Hjá WOW air starfar öflugt teymi fólks með það að leiðarljósi að taka það besta sem tæknin hefur upp á að bjóða og gera eitthvað einstakt. Nú stefnum við enn hærra og viljum bæta við okkur öflugu fólki.

Vefurinn okkar er stærsta verslun á Íslandi. Við uppfærum vefinn oft á dag og stöndum fyrir prófunum í nokkrum mismunandi útgáfum til að læra hratt og vel hvað virkar best fyrir okkar viðskiptavini. Með WOW-appinu viljum við svo halda viðskipavinum okkar vel upplýstum á ferðalaginu, en markmiðið er að appið verði ferðafélagi sem enginn vill vera án.

Til að tryggja hagkvæman flugrekstur þurfum við réttu tækin og tólin – og rétta fólkið. Með flota af glænýjum flugvélum og framúrskarandi veflausnum og tækni höfum við bætt samskiptaflæðið til muna og tryggt starfsfólki okkar góða yfirsýn til að vinna hratt og vel. Allt þetta miðar að sama markmiði: að bæta ferðalagið. **Viltu vera með?**

## STÖRF Í BOÐI

### VERKEFNASTJÓRAR

Í lifandi umhverfi er mikilvægt að hafa sterka verkefnastjóra sem fylgja verkefnum alla leið og klára dæmið.

- Stilla saman strengi þeirra sem koma að verkefnum
- Greina umfang, markmið og afurðir verkefna
- Styðja verkefnateymið að sameiginlegum markmiðum

### FORRITARAR

Taktu þátt í hönnun, smíði og þróun á vörum sem umbylta notendaupplifun í flug- og ferðaheiminum.

- Náin samvinna í vöruteymi með hönnuði, vörustjóra, gagnagreinendum, QA sérfræðingum og öðrum forriturum
- Prófanadrifið agile umhverfi með continuous deployment
- Vinna með nýja tækni, m.a. react, react native, microservices, .net core og scala.


















# MEÐ!

**SKOÐAÐU STÖRFIN**
**Á WOWAIR.IS/STARF**

### AGILE COACH
Hjálpar vöruteymi að hámarka afköst og bæta samvinnu.

- Innleiða og styðja nýjustu aðferðir við hugbúnaðargerð
- Auka afköst og gegnsæi teyma
- Grípa inn í teymi og verkefni þar sem þörf er á stuðningi

### HÖNNUÐIR
Ertu hönnuður með frábært auga fyrir stafrænum lausnum?

- Samvinna með vörustjórum og þróunarteymi
- Drífa áfram vöruþróun með prótótýpum í InVision
- Eftirfylgni og fínslípun á verkefnum og hönnun

### VÖRUSTJÓRAR
Fær vörustjóri er lykilþáttur í að tryggja velgengni vörunnar.

- Hönnun og framtíðarsýn kerfa
- Greining og forgangsröðun verkefna
- Samskipti við hagsmunaaðila

### QA SÉRFRÆÐINGAR
Gæði og prófanir eiga að vera innbyggð í þróunarferli frá upphafi – ekki bara eftir á.

- Hámarka og vakta gæði á hugbúnaðarlausnum
- QA og prófanir í continuous deployment umhverfi
- Hönnun og þróun á sjálfvirkum hugbúnaðarprófum
- Hjálpa þróunarteymi að lágmarka villur

### GAGNAGREINENDUR
Við trúum því að hámarksárangur náist þegar unnið er út frá gögnum við hönnun og þróun hugbúnaðar.

- Viðhalda gagnaupplýstu vinnuflæði í vöruþróun
- Gagnasöfnun til framþróunar og nýsköpunar í vörulínu
- Uppsetning og úrvinnsla á A/B prófunum á vef og appi

**Kynntu þér málið og sæktu um á WOWair.is/starf.**

WOW air

















# Vilt þú leiða Vegagerðina inn í framtíðina?

## Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra auglýsir embætti forstjóra Vegagerðarinnar

Leitað er eftir einstaklingi sem hefur leiðtogahæfileika, er framsýnn í hugsun, hefur sýnt hæfni í samskiptum og samvinnu og hefur metnað til að ná árangri í þágu almennings og atvinnulífs.

Forstjóri Vegagerðarinnar stýrir stofnuninni og ber ábyrgð á rekstri hennar, þjónustu og árangri. Vegagerðin hefur það hlutverk að þróa, byggja upp, viðhalda og reka samgöngumannvirki og samgöngukerfi landsins.

Á meðal annarra verkefna Vegagerðarinnar eru nýsköpun, rannsóknir og þróunarstarf, almenningssamgöngur, samgönguöryggi, upplýsingamiðlun og alþjóðasamstarf.

Í umsókn skal koma fram sá árangur sem umsækjandi hefur náð í starfi og viðkomandi telur að nýtist í starfi forstjóra Vegagerðarinnar.



Frekari upplýsingar um starfið veitir Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri. Eins má finna frekari upplýsingar á heimasíðu ráðuneytisins www.SRN.is og starfatorg.is

Umsóknum skal skila rafrænt á starf@SRN.is
Umsóknarfrestur er til 23. apríl nk.

SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

---

Vinnumálastofnun Selfossi

# Þjónusturáðgjafi

VINNUMÁLA STOFNUN

Vinnumálastofnun leitar að þjónusturáðgjafa á Selfossi til að veita þeim sem til stofnunarinnar leita fyrstu ráðgjöf og þjónustu. Leitað er eftir einstaklingum sem eiga auðvelt með að tileinka sér gildi Vinnumálastofnunar: **Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki**.

## Helstu verkefni:

- Fagleg og persónuleg ráðgjöf til þjónustuþega um réttindi, skyldur og þjónustuleiðir í samræmi við lög og reglur og þarfir hvers og eins
- Fyrirmyndarþjónusta til þjónustuleitenda á þjónustuskrifstofu, í gegnum síma, netspjall og tölvupóst
- Aðstoð við fyrstu skref í atvinnuleitinni, umsóknir, óskastörf og ferilskrá
- Atvinnumiðlun
- Meðhöndlun og úrvinnsla umsókna
- Skjalavinnsla og önnur tilfallandi verkefni

## Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Metnaður fyrir því að veita fyrirmyndarþjónustu
- Samskipta- og skipulagshæfni
- Vilji til að læra og takast á við nýja hluti
- Mjög góð íslenskukunnátta bæði munnleg og skrifleg
- Mjög góð enskukunnátta bæði munnleg og skrifleg
- Þekking á atvinnulífi á Suðurlandi er kostur

Laun eru samkvæmt stofnanasamningi Vinnumálastofnunar og viðkomandi stéttarfélags.

Sækja skal um starfið á Starfatorgi: **www.starfatorg.is.**

Starfið er með númerið **201804/836**

Nánari upplýsingar veita Svava Júlía Jónsdóttir forstöðumaður og Vilmar Pétursson mannauðsstjóri í síma 515 4800 eða með fyrirspurn á netföngin: **svava.jonsdottir@vmst.is** **vilmar.petursson@vmst.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 11. maí 2018**

Fyrirmyndarþjónusta | Virðing | Áreiðanleiki

Vinnumálastofnun Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími 515 4800 **www.vmst.is**

---

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Fræðslu- og frístundaþjónusta**
» Rekstrarstjóri

**Grunnskólar**
» Aðstoðarskólastjóri - Lækjarskóli
» Deildarstjóri á yngsta stigi - Lækjarskóli
» Kennsla í íslensku á unglingastigi - Lækjarskóli
» Sérkennari - Lækjarskóli
» Tónmenntakennari - Lækjarskóli
» Umsjónarkennari á yngsta stigi - Lækjarskóli
» Sérgreinakennari í unglingadeild - Setbergsskóli
» Umsjónarkennari á miðstigi - Setbergsskóli
» Deildarstjóri sérdeildar - Öldutúnsskóli
» Skólaliði - Öldutúnsskóli
» Umsjónarkennari á miðstigi - Öldutúnsskóli
» Umsjónarkennari á yngsta stigi - Öldutúnsskóli

**Leikskólar**
» Leikskólakennari - Hraunvallaskóli
» Sérkennari - Hraunvallaskóli
» Deildarstjóri - Víðivellir
» Leikskólakennari - Víðivellir
» Þroskaþjálfi - Víðivellir

**Málefni fatlaðs fólks**
» Þroskaþjálfi - Hæfingarstöðin að Bæjarhrauni
» Framtíðarstarf - Smárahvammur
» Þroskaþjálfi - Smárahvammur
» Sumarstarf - Sviðluhraun
» Sumarstarfsmaður í þjónustukjarna

JAFNRÉTTISVIÐURKENNING JAFNRÉTTISRÁÐ 2017

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

JAFNLAUNAMERKIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is




Við leitum að kraftmiklum og áhugasömum einstaklingum í spennandi og krefjandi störf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæða vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Viðkomandi þurfa að hafa brennandi áhuga á að ná árangri í starfi og njóta þess að vinna sem hluti af öflugri liðsheild.

## SÉRFRÆÐINGUR Í SKJÖLUN TÆKNIGAGNA
### TECHNICAL RECORDS SPECIALIST

**STARFSSVIÐ:**
- Greining tækniupplýsinga flugvéla
- Miðlun upplýsinga um tækni- og viðhaldsgögn
- Samskipti við viðskiptavini innan sem utan fyrirtækisins

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á rafrænni skjölun
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund
- Góð tölvufærni
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Öryggisvitund

## STARFSKRAFTUR Á SKRIFSTOFU Í SKJÖLUN OG INNSLÆTTI
### TECHNICAL RECORDS

**STARFSSVIÐ:**
- Dagleg skjölun og innsláttur tæknigagna
- Miðlun upplýsinga innan og utan fyrirtækisins auk annarra tilfallandi verkefna

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Menntun/reynsla sem nýtist í starfi
- Mjög góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Góð tölvufærni
- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Öryggisvitund

Um er að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á dagvöktum.
Vinnutími er frá kl. 06:00–16:00.

**+ Nánari upplýsingar veita:**
Erla Dögg Haraldsdóttir | deildarstjóri | erlaha@its.is
Sveina Berglind Jónsdóttir | mannauðsstjóri | sveinaj@icelandair.is

Umsóknir óskast fylltar út á **careers.icelandair.is** eigi síðar en 6. maí nk.

ICELANDAIR




## Reyndur loftræstihönnuður

Mannvit óskar eftir að ráða reyndan loftræstihönnuð. Viðkomandi þarf að geta tekið að sér alhliða loftræstihönnun og hafa staðgóða og fjölbreytta reynslu af slíkri hönnun.

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Háskólamenntun á sviði verkfræði eða tæknifræði, framhaldsmenntun kostur.
- Æskilegt að viðkomandi hafi að lágmarki 3 ára starfsreynslu af loftræstihönnun.
- Reynsla í hönnun loftræstikerfa í Revit og/eða MagiCad.
- Reynsla af hönnunarstjórn og verkefnastjórn er kostur.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum.

## Tæknimaður á sviði loftræstihönnunar

Viðkomandi þarf að geta sinnt verkefnum tengdum loftræstihönnun.

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Iðnmenntun og/eða menntun á sviði verkfræði eða tæknifræði.
- Reynsla í hönnun loftræstikerfa í Revit og/eða MagiCad er kostur.
- Frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

## Umsóknarfrestur er til og með 5. maí.

Sótt er um störfin á heimasíðu Mannvits, **www.mannvit.is**, og eru umsækjendur vinsamlegast beðnir um að láta ferilskrá og kynningarbréf fylgja umsókn.
Nánari upplýsingar veitir Hildur Þórisdóttir, mannauðsstjóri á netfanginu mannaudssvid@mannvit.is

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.**

MANNVIT



# Næsta stopp

er starf hjá Strætó

Strætó óskar eftir reynslumiklum launafulltrúa til starfa. Um er að ræða 80% starf sem launafulltrúi auk 20% starf gjaldkera.

**Helstu verkefni**

- Umsjón og ábyrgð á launabókhaldi
- Upplýsingagjöf til starfsmanna vegna kjaramála
- Ýmsar greiningar, samantektir og úrvinnsla á sviði kjaramála
- Samskipti við starfsmenn, lífeyrissjóði, stéttarfélög og opinbera aðila
- Útreikningar á kjörum og réttindum starfsmanna skv. kjarasamningum
- Almenn gjaldkerastörf, greiðsla reikninga og utanumhald.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð reynsla af launabókhaldi, þekking og reynsla af H3 mannauðs- og launakerfi kostur
- Mjög góð tölvufærni
- Þekking á kjarasamningum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Jákvæðni og samskiptafærni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Laun og kjör eru samkvæmt kjarasamningi Strætó bs. og starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

Vinsamlegast sækið um á **www.strætó.is**. Umsóknarfrestur er til og með **5. maí 2018**.

# Laus störf

**Gluggar og Garðhús hf. óskar eftir að ráða vana smiði eða starfsmenn sem eru vanir iðnframleiðslu í fullt starf við smíðar.**

**Vinsamlega sendið inn umsókn á gluggar@solskalar.is fyrir 5. maí 2018**

GLUGGAR & GARÐHÚS

Smiðsbúð 10 • 210 Garðabær • Sími: 554 4300 • Fax: 564 1187

# Kópavogsskóli - kennari í hönnun og smíði

## Við erum að leita að þér!

**Við í Kópavogsskóla erum að leita að lífsglöðum og áhugasömum kennara til að slást í okkar hóp til þátttöku í skemmtilegu skólastarfi.**

Kópavogsskóli er heildstæður grunnskóli með um 360 nemendur og 70 starfsmenn. Í skólanum er sérdeild fyrir nemendur á mið- og unglingastigi og frístundaheimili fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Unnið er samkvæmt uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar og skólinn er heilsueflandi grunnskóli. Lögð er áhersla á skapandi og framsækið skólastarf og ýmis þróunarverkefni eru í gangi. Í Kópavogsskóla er allir kennarar og nemendur í 5. – 10. bekk með spjaldtölvur og mikil áhersla er lögð á einstaklingsmiðun náms og fjölbreytta kennsluhætti. Einkennisorð skólans eru vinátta, virðing, vellíðan. Góður starfsandi er í skólanum og vinnuaðstæður góðar.

**Ráðningarhlutfall og tími**

Hönnunar og smíðakennari, 100% staða, framtíðarstarf frá og með 1. ágúst 2018.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Kennsluréttindi í grunnskóla
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og reynsla af smíðakennslu æskileg
- Þekking og reynsla af kennslu í nýsköpun og hönnun æskileg
- Mjög góð þekking á upplýsingatækni og notkun rafrænna miðla í kennslu
- Æskilegt er að umsækjendur hafi þekkingu á Uppeldi til ábyrgðar
- Viðkomandi þurfa að vera sjálfstæðir og drífandi og áhugasamir fyrir þróunarstarfi

**Frekari upplýsingar**

Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að þróa hönnunar- og smíðakennslu og tengja hana rafrænni tækni og forritun. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Bent er á að samkvæmt lögum verða umsækjendur að skila sakavottorði. Mjög viðamiklar upplýsingar um Kópavogsskóla og skólastarfið er að finna á **www.kopavogsskoli.is**. Einungis er hægt að sækja um starfið á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2018.**

Upplýsingar gefa Guðmundur Ásmundsson skólastjóri eða Guðný Sigurjónsdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 441 3400. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið **goa@kopavogur.is**.

**Karlar jafnt sem konur er hvött til að sækja um starfið.**

Kópavogsbær

kopavogur.is

MENNINGARMIÐSTÖÐ ÞINGEYINGA

## Starf forstöðumanns Menningarmiðstöðvar Þingeyinga

**Menningarmiðstöð Þingeyinga auglýsir starf forstöðumanns laust til umsóknar.**

Vilt þú leiða menningarstarf í Þingeyjarsýslu?
Leitað er að kraftmiklum, metnaðarfullum einstaklingi, sem er vanur sjálfstæðum vinnubrögðum, frumkvæði í störfum og á auðvelt með samskipti við fólk.

**Starfssvið:**

Starfið felur í sér framkvæmdastjórn að því er varðar stefnumótun, þróun, rekstur og alla almenna starfsemi Menningarmiðstöðvarinnar.

- Rekstur og fjármálastjórn
- Starfsmannamál
- Uppbygging sýninga og viðburðahald
- Samstarf við stjórn og aðra hagaðila
- Samstarf við innlend og erlend söfn og samtök tengd starfinu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólanám á menningarsögulegum grunni; safnfræði, sagnfræði, fornleifafræði eða skyldum greinum sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af safnastarfi og/eða öðru menningarstarfi
- Stjórnunarreynsla og/eða menntun í stjórnun.
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð kunnátta í íslensku bæði í riti og framsögn. Færni í ensku og norðurlandamálum.
- Góð tölvukunnátta.

Menningarmiðstöð Þingeyinga er sjálfseignarstofnun á vegum þingeyskra sveitarfélaga. Undir Menningarmiðstöð Þingeyinga heyrir m.a. starfsemi byggðasafna, héraðskjalasafns og ljósmyndasafns Þingeyinga. Einnig rekstur bókasafns Norðurþings. Á vegum stofnunarinnar eru fjórir sýningarstaðir og skrifstofur og heilsársstarfsemi er í Safnahúsinu á Húsavík.
Menningarmiðstöðin er viðurkennt safn sem hlaut íslensku safnaverðlaunin árið 2012. Stofnunin tekur þátt í samstarfi safna og safnamanna innanlands og á alþjóðavísu.

Launakjör eru í samræmi við kjarasamninga Launanefndar sveitarfélaga við aðildarfélög BHM.
Nýr forstöðumaður þarf að geta tekið til starfa í ágúst nk.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. maí nk.**
Umsóknir sendist í tölvupósti á: safnahus@husmus.is

Upplýsingar um starfið veita: Árni Pétur Hilmarsson, formaður stjórnar Menningarmiðstöðvar Þingeyinga, sími 866 3586, netfang arni@thingeyjarsveit.is og Sif Jóhannesdóttir forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga, sími 896 8218, netfang safnahus@husmus.is

# Kópavogsbær óskar eftir deildarstjóra gatnadeildar

Deildarstjóri gatnadeildar ber ábyrgð á rekstri gatnadeildar. Í því felst meðal annars ábyrgð á götum, vatnsveitu, fráveitu, opnum svæðum, lóðum og leikskólasvæðum. Hann ber m.a. ábyrgð á sorphirðu, mengunarmálum, vinnuskóla, sumarvinnu og vörslu bæjarlands.

Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í góðu starfsumhverfi hjá framsæknu sveitarfélagi sem er í mikilli uppbyggingu. Starfið býður upp á mikla möguleika og fjölbreytni fyrir öfluga verk- eða tæknifræðinga

### Helstu verkefni

- Annast rekstur þjónustumiðstöðvar
- Rekstur og viðhald gatna, gangstétta og stíga.
- Rekstur vatns- og fráveitu.
- Rekstur opinna svæða og lóða.
- Vinnsla fjárhagsáætlunar fyrir gatnadeild.
- Umsjón með vinnuskóla og sumarvinnu.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf , BS í verk- eða tæknifræði.
- Reynsla af rekstri og framkvæmdum æskileg.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Reynsla af starfsmannamálum æskileg.
- Þekking í Navision, Autocad, Word og Excel
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Góðir samskiptahæfileikrar nauðsynlegir
- Skipulagsfærni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

### Frekari upplýsingar

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi háskólafélags.

Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2018.

Upplýsingar veitir Steingrímur Hauksson, sviðsstjóri umhverfissviðs, í síma 441-0000 eða í tölvupósti **steingr@kopavogur.is**

**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið**

Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is




## MARKAÐSSTJÓRI

Markaðsstjóri ber ábyrgð á markaðssetningu á þjónustu, ásýnd, útliti og uppbyggingu á vörumerkjum Kynnisferða ásamt daglegri stýringu markaðsdeildar.

### STARFSSVIÐ

- Stefnu og áætlunargerð fyrir markaðsdeild.
- Gerð markaðs- og kostnaðaráætlunar.
- Framleiðsla á markaðs- og kynningarefni félagsins.
- Innri og ytri markaðssetning.
- Fréttabréf og upplýsingagjöf.
- Umsjón með samningum og samskiptum við samstarfsaðila.
- Skipulagning og framkvæmd ferðasýninga, vinnustofa, sem og viðburða innanlands og erlendis.
- Greining á þörfum og tækifærum innan markaðsdeildar og aðkoma að vöruþróun.
- Önnur tilfallandi verkefni.

### MENNTUNAR- & HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði markaðsfræði eða sambærilegt.
- Reynsla af markaðsstarfi er nauðsynleg.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli er skilyrði.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Jákvæðni, metnaður og frumkvæði.
- Mjög góð skipulagshæfni og vönduð vinnubrögð.

## SÉRFRÆÐINGUR Í STAFRÆNNI MARKAÐSSETNINGU

Sérfræðingur í stafrænni markaðssetningu ber ábyrgð á efnismarkaðssetningu, samfélagsmiðlum og tekur þátt í mótun stefnu og aðgerðaráætlunar í stafrænni markaðssetningu.

### STARFSSVIÐ

- Umsjón með stafrænni markaðssetningu og markaðsherferða.
- Efni fyrir vef og samfélagsmiðla.
- Notendaviðmót og virkni á stafrænum miðlum.
- Stefnumótun og áætlanagerð fyrir stafræna markaðssetningu.
- Vöktun, mælingar og skýrslugerð.
- Mælingar á árangri markaðsstarfs á netinu.
- Önnur tilfallandi verkefni.

### MENNTUNAR- & HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af stafrænni markaðssetningu og markaðsherferðum.
- Þekking og reynsla á samfélagsmiðlum, leitarvélabestun (SEO/SMO) og Google Analytics.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Jákvæðni, metnaður og frumkvæði.
- Mjög góð skipulagshæfni og vönduð vinnubrögð.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um störfin á **jobs.re.is**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL & MEÐ 1. MAÍ**

Nánari upplýsingar veitir Halldóra Matthíasdóttir rekstrarstjóri sölu- og markaðssviðs, halldoram@re.is

Reykjavik Excursions KYNNISFERÐIR

flybus · ICELAND ON YOUR OWN · enterprise rent-a-car · CitySightseeing Reykjavík

Kynnisferðir – Reykjavik Excursions • Klettagarðar 12 • 104 Reykjavík • 580 5400 • www.re.is

Reykjavíkurborg
Upplýsingatæknideild

# Yfirmaður lausnaþjónustu

**Upplýsingatæknideild Reykjavíkur auglýsir laust starf yfirmanns lausnaþjónustu hjá deildinni.**

Upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar rekur eitt stærsta tölvunet landsins með hartnær 10.000 útstöðvum fyrir um 25.000 notendur. Framundan eru fjölmörg spennandi verkefni sem felast m.a. í innleiðingu skýjalausna og annarra nýjunga á sviði upplýsingatækni til þess að nútímavæða tæknilega innviði og auka skilvirkni og bæta þjónustu.

**Helstu verkefni:**
- Stjórnun teymis kerfisstjóra og sérfræðinga sem sinna kerfisrekstri, þróun, viðhaldi og þjónustu við þau kerfi sem eru í rekstri fyrir Reykjavíkurborg.
- Stefnumótun, umbótavinna og yfirumsjón með þróun kerfa og verkferla.
- Tryggja hnökralausan rekstur kerfismiðju og þróun og viðhald innviða kerfismiðju.
- Þróun á nýtingu og notkun skýjalausna.
- Verkefnastjórnun stærri upplýsingatækniverkefna.
- Árangursstjórnun.
- Forysta og liðstjórnun.
- Samskipti við þjónustubirgja og búnaðarbirgja.
- Öryggismál (Cyber Security).

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólagráða á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Leiðtogahæfileikar og farsæl stjórnunarreynsla á sviði upplýsingatækni ásamt lausnamiðaðri stjórnun.
- Reynsla af tæknilegri áætlunargerð og greiningu ferla.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Lipurð og færni í samskiptum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og á ensku.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Arnar Þór Sigurðarson deildarstjóri upplýsingatæknideildar, í síma 411 1111 eða í gegnum tölvupóstfangið arnar.thor.sigurdarson@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til 7. maí nk.** Umsóknir ásamt fylgiskjölum skulu berast í gegnum vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# GAGNAGRUNNS SÉRFRÆÐINGUR

**▶ Við leitum að metnaðarfullum sérfræðingi í þróunarteymið okkar**

Upplýsingatæknisvið Fjármálaeftirlitsins sér um þróun eftirlitshugbúnaðar og rekstur tölvukerfa, ásamt því að aðstoða starfsfólk og eftirlitsskylda aðila við notkun kerfanna. Samstarf er við bæði innlendar og erlendar eftirlitsstofnanir um ýmis verkefni. Við leitum nú að gagnagrunnssérfræðingi í þróunarteymið okkar. Í boði eru spennandi verkefni í lifandi umhverfi fyrir kraftmikinn og drífandi einstakling sem hefur metnað til að stuðla að skilvirkni í nýtingu gagna, vandaðri gagnahögun og upplýsingaöryggi.

## Starfssvið
- Verkefni sem tengjast þróun gagnagrunna eftirlitsins ásamt daglegum rekstri þeirra
- Þróun á gagnamódelum, gæðaprófum og skemum
- Verkefni tengd uppfærslum, vöktun og auknum afköstum gagnagrunna
- Þróun á vöruhúsi gagna og stoðgögnum (e. Masterdata)
- Þátttaka í þróun á gagnaskilakerfi Fjármálaeftirlitsins
- Stuðningur við högun gagnagrunna undir kerfi stofnunarinnar
- Stuðningur við úrvinnslu og framsetningu gagna

## Menntunar- og hæfnikröfur
- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða annað háskólanám sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af vinnu við gagnagrunna
- Reynsla af Microsoft SQL gagnagrunnslausnum kostur (t.d. MSSQL, MDS, SSIS og Power BI)
- Þekking og reynsla af XML eða XBRL kostur
- Jákvæðni, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Áhugi á að vinna í Agile vinnukerfi

Umsjón með starfinu hafa Bjarni Þór Gíslason upplýsingatæknistjóri (bjarnithor@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 7. maí nk. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

# Starf sérfræðings á skrifstofu stefnumótunar og fjárlagagerðar

Auglýst er laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu stefnumótunar og fjárlagagerðar í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is.

***Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2018.***

MÚLABÆR
Dagþjálfun aldraðra og öryrkja

# Starfsmaður í eldhús - ráðskona

**Múlabær, dagþjálfun fyrir aldraða og öryrkja, óskar eftir að ráða starfsmann í eldhús - ráðskonu í 70-100 % starf.**

Múlabær er með 60 dagþjálfunarpláss. Opið er frá kl 8:00-16:00 alla virka daga. Boðið er upp á hjúkrunarþjónustu, æfingaaðstöðu, vinnustofu, fjölbreytt félagsstarf og aðstoð við bað. Lögð er áhersla á að bæta lífsgæði fólks og hugað er að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum. Múlabær býður upp á frábæra aðstöðu í nýju húsnæði.

Í Múlabæ er móttökueldhús. Boðið er upp á morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu.

**Undir helstu verkefni**
- ábyrgð á eldhúsi, m.a. matseðill og þrif
- ábyrgð á pöntunum og samskipti við byrgja

**Reynsla og hæfni:**
- menntun á sviði matreiðslu er kostur en ekki nauðsyn
- reynsla af vinnu í eldhúsi á stofnun eða í fyrirtæki er æskileg
- skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- góðir samskipta- og samstarfshæfileikar

Ráðning frá 15.5.2018 eða eftir samkomulagi.
Vinsamlegast sendið umsóknir og ferilskrá til Múlabæjar, Bt. Þórunnar Bjarneyjar Garðarsdóttur, Síðumúla 32, 108 Reykjavík eða sendið á netfangið thorunn.mulabaer@internet.is
**Umsóknarfrestur er til 26.04.2018**

# Hjúkrunarfræðingur/hjúkrunarnemi

**Múlabær, dagþjálfun fyrir aldraða og öryrkja, óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing/nema í sumarafleysingar með möguleika á áframhaldandi starfi.**

Múlabær er með 60 dagþjálfunarpláss. Opið er frá kl 8:00-16:00 alla virka daga. Boðið er upp á hjúkrunarþjónustu, æfingaaðstöðu, vinnustofu, fjölbreytt félagsstarf og aðstoð við bað. Lögð er áhersla á að bæta lífsgæði fólks og hugað er að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum.

**Helstu verkefni:**
- fjölskylduhjúkrun
- greina hjúkrunarþarfir og framfylgja meðferð
- samvinna við heilbrigðisstofnanir og þjónustuaðila

**Reynsla og hæfni:**
- íslenskt hjúkrunarleyfi
- frumkvæði og sjálfstæði í vinnu
- góðir samskipta og samstarfshæfileikar
- reynsla og áhugi á að starfa með öldruðum

Ráðning frá 1.6.2018 eða eftir samkomulagi.
Vinsamlegast sendið umsóknir og ferilskrá til Múlabæjar, Bt. Þórunnar Bjarneyjar Garðarsdóttur, Síðumúla 32, 108 Reykjavík eða sendið á netfangið thorunn.mulabaer@internet.is
**Umsóknarfrestur er til 26.04.2018**

## Ritari óskast 1/2 daginn

Rótgróin fasteignamiðlun leitar að ritara til starfa hálfan daginn frá kl. 13-17 á daginn. Starfið felst í afgreiðslu viðskiptavina, símsvörun, skjalavinnslu og almennum ritarastörfum. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum, hafa góða þjónustulund, vera stundvís og geta hafið störf sem fyrst. Söluhæfileikar er kostur. Áhugasamir sendið inn svar á box@frett.is merkt **Ritari-0709.**

## Læknamóttökuritari

59% staða sem getur tímabundið krafist hærra hlutfalls. Nauðsynlegt er að viðkomandi reyki ekki, sé sjálfstæður, vanur tölvuvinnu, kassauppgjörsvinnu og helst bókhaldi.

Ferill sem greinir menntun, starfsreynslu og fjarvistir í tímaröð ásamt upplýsingum um tölvureynslu, uppgjörs- og/eða bókhaldsvinnu, persónu- og fjölskylduhagi, launakröfur, hvers vegna hlutastarf henti auk valupplýsinga eins og um veikindi og meðmælendur óskast strax á starfsumsokn@gmail.com.

## Húsasmiðir!

Aflmót byggingafélag ehf óskar að ráða útsjónarsaman og reynslumikinn húsasmið til starfa við viðhaldsverkefni og fleira.

**Upplýsingar gefur Róbert í gsm 775 5080.**

**Umsóknir sendist á netfangið johannes@aflmot.is**

AFLMÓT ehf BYGGINGAFÉLAG

málning ehf.

## Málning óskar eftir að ráða starfsmann í framleiðslu á málningu

Um er að ræða blöndunn á málingu og átöppun, lyftara réttindi æskileg en ekki nauðsynleg.

Vinna frá 8 – 16 . Matur á staðnum.

Upplýsingar gefur verkstjóri ( Sigurður ) á staðnum milli kl 8 og 16

**Dalvegur 18 200 • Kópavogur**

málning ehf.
-það segir sig sjálft-

ORKUSTOFNUN

# Lögfræðingur

Orkustofnun auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings

*Hlutverk Orkustofnunar er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um orku og auðlindamál, standa fyrir rannsóknum á orkubúskap og orkulindum þjóðarinnar, safna og miðla gögnum um orkumál, vinna áætlanir til lengri tíma og stuðla að samvinnu á sviði orkumála og rannsókna innan lands og utan.*

### Helstu verkefni:

- Starfssvið lögfræðings er m.a. fólgið í samningu álitsgerða og stjórnsýsluákvarðana, lögfræðilegri ráðgjöf, leyfisveitingum vegna nýrra flutningsmannvirkja, gerð tillagna og umsagna um lagafrumvörp og reglugerðir, samskiptum við ráðuneyti, stofnanir og erlendar eftirlitsstofnanir og undirbúningi stjórnsýslureglna.
- Helstu verkefni framundan eru á sviði raforkueftirlits, þ.e. eftirliti með fjárhagslegum og tæknilegum rekstri sérleyfisfyrirtækja sem annast flutning og dreifingu raforku á grundvelli raforkulaga.

### Hæfniskröfur:

- Embættispróf, ML í lögfræði eða sambærilegt próf. Þekking og starfsreynsla á sviði stjórnsýsluréttar og orkumála er æskileg.
- Umsækjendur þurfa að hafa gott vald á og færni til að rita vandaðan texta á íslensku og ensku. Kunnátta í einu norðurlandamáli er æskileg.
- Gerð er krafa um öguð og skipulögð vinnubrögð auk ríkulegrar samskiptafærni.
- Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi og jafnframt búa yfir þeim sveigjanleika og festu sem nauðsynleg er til að ná árangri í samskiptum.
- Um er að ræða krefjandi starf sem reynir á lögfræðilega getu og kunnáttu.
- Starfið býður upp á möguleika á þátttöku í samstarfi við erlendar systurstofnanir.

### Frekari upplýsingar um starfið

Laun greiðast samkvæmt samningum fjármálaráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag. Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðni A. Jóhannesson, sími **569-6000**, netfang **gudni.a.johannesson@os.is**

Umsóknir, með upplýsingum um menntun og fyrri störf, berist starfsmannastjóra Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, eða á netfang gd@os.is, eigi síðar en **8. maí 2018.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Orkumálastjóri*

**Orkugarður**
**Grensásvegi 9**
**108 Reykjavík**
**www.os.is**

# Spennandi störf í líftæknigeiranum

SAGA MEDICA KEY natura

## Verkefnastjóri í þörungaframleiðslu

Starfið felur í sér umsjón og ábyrgð á afmörkuðum framleiðsluskrefum í þörungaræktun og framleiðslueftirlit. Viðkomandi mun einnig taka þátt í þróunarverkefnum sem tengjast þörungaræktun.

Viðkomandi þarf að hafa bakgrunn í örverufræði, líffræði, matvælafræði eða sambærilega menntun. Mikill kostur að hafa reynslu af frumuræktun og/eða aseptískum vinnubrögðum.

Frekari starfslýsing og hæfniskröfur ásamt upplýsingum hvernig þú sækir um er að finna á www.keynatura.com/storf

## Sölu- og markaðsfulltrúi

Leitað er eftir að ráða kraftmikinn sölu- og markaðsfulltrúa sem hefur brennandi áhuga á sölu og markaðsmálum.

Viðkomandi þarf að sýna mikið frumkvæði, sveigjanleika, áreiðanleika og fagleg vinnubrögð. Menntun og starfsreynsla í viðskipta- og markaðsfræðum.

Frekari starfslýsing og hæfniskröfur ásamt upplýsingum hvernig þú sækir um er að finna á www.keynatura.com/storf

**keynatura.is - sagamedica.is**



## Trésmiðir/starfsmenn óskast í húsa-verksmiðju hjá Húseiningu ehf. í Vogum

Carpenters / employees wanted at our house factory at Húseining ehf 190 Vogar

Stolarzy / pracowników poszukiwanych w naszej fabryce w Húseining ehf 190 Vogar

Dailidės / darbuotojai norėjo mūsų namų fabrike Húseining ehf 190 Vogar

HÚSEINING

Húseining ehf - Hraunholti 1
190 Vogar
www.huseining.is
kjartan@huseining.is
s. 7705144




Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Grunnskólar**

- Enskukennari í Snælandsskóla.
- Forstöðumaður dægradvalar í Hörðuvallaskóla.
- Frístundaleiðbeinendur í dægradvöl Salaskóla.
- Íslenskukennari á unglingastigi í Kársnesskóla.
- Íþróttakennari í Álfhólsskóla.
- Kennari á miðstig í Kársnesskóla.
- Kennari á unglingastigi í Salaskóla.
- Kennari á yngsta stig í Snælandsskóla.
- Kennari í hönnun og smíði í Kópavogsskóla.
- Kennari í Snælandsskóla.
- Námsráðgjafi í Salaskóla.
- Ritari í Kópavogsskóla.
- Sérkennari/Þroskaþjálfi í Álfhólsskóla.
- Stuðningsfulltrúar í Salaskóla.
- Stuðningsfulltrúi í Álfhólsskóla.
- Stærðfræðikennari á unglingastigi í Kársnesskóla
- Umsjónarkennari á miðstig í Salaskóla.
- Umsjónarkennari í Álfhólsskóla á miðstigi.
- Umsjónarkennari í Álfhólsskóla á yngsta stig.
- Verkefnisstjóri tölvumála í Salaskóla.
- Þroskaþjálfi eða sérkennari í Hörðuvallaskóla.
- Þroskaþjálfi eða sérkennari í Kársnesskóla.

**Leikskólar**

- Aðstoð í eldhúsi í Baug.
- Aðstoðarmaður í eldhúsi í Núp.
- Deildarstjóri í Austurkór.
- Deildarstjóri í Efstahjalla.
- Deildarstjóri í Læk.
- Deildarstjóri í Sólhvörfum
- Fólk í sérkennslu í Fífusölum.
- Leikskólakennari á Efstahjalla.
- Leikskólakennari í Austurkór.
- Leikskólakennari í Álfatúni.
- Leikskólakennari í Sólhvörfum.
- Leikskólakennari/þroskaþjálfi í Sólhvörfum.
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi í Austurkór.
- Sérkennslustjóri í Fífusölum.
- Þroskaþjálfi í Álfatúni.

**Velferðarsvið**

- Hjúkrunarfræðingar/nemar í Roðasali.
- Starfsmenn í þjónustuíbúðir fyrir fatlað fólk.
- Starfsmenn óskast á heimili fatlaðs fólks

**Annað**

- Deildarstjóri gatnadeildar.
- Hljóðfærakennarar í Skólahljómsveit Kópavogs.
- Starfsmaður hjá Sundlaug Kópavogs - Kona.

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe

SAFT






- Kennari í stærðfræði / eðlisfræði
- Kennari í líffræði / efnafræði
- Kennarar í rafiðngreinum
- Kennari í tölvuleikjagerð
- Kennari í vefþróun
- Kennari í málmiðngreinum
- Kennari á tölvubraut
- Kennari í tækniteiknun
- Kennari í hlutastarf í skipstjórn
- Kennari í dönsku, afleysing í 1 ár

Nánari upplýsingar um störfin má finna á vefsíðu Tækniskólans www.tskoli.is/laus-storf
Umsækjendur skulu hafa fullgild kennsluréttindi á framhaldsskólastigi í viðkomandi kennslugreinum, sbr. lög nr. 87/2008. Sakavottorð fylgi umsókn.

**Tækniskólinn**
skóli atvinnulífsins

**HÓPBÍLAR**

## Lagermaður óskast

Hagvagnar þjónusta ehf. óskar eftir að ráða lagermann til starfa á starfstöð sína á Melabraut 18 Hafnarfirði í 100% starf.
Í starfinu felst t.m. vörumóttaka og skráning, öll almenn lagerstörf, vörutiltekt, áfylling, útkeyrsla, vöruframsetning og fleira.

**Hæfniskröfur**

Reynsla af lagerstörfum.
Reynsla af vinnu við lagerkerfi.
Íslensku- og enskukunnátta skilyrði.
Reynsla af DK er kostur.

**Eiginleikar**

Öguð vinnubrögð, metnaður og vandvirkni.
Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
Stundvísi og áreiðanleiki.
Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Um framtíðarstarf er að ræða.

**Skila skal inn umsókn á atvinna@hopbilar.is fyrir 30.apríl nk.**

## Bókari óskast til starfa

Hópbílar hf. óska eftir að ráða bókara til starfa. Starfið felur í sér færslu bókhalds, reikningagerð, afstemmingar og önnur störf er snúa að bókhaldi og uppgjörsvinnu.

**Hæfniskröfur**

Viðurkenndur bókari og/eða hagnýt reynsla af bókhaldsstörfum.
Haldgóð þekking á fjárhagsbókhaldi. Reynsla af DK er kostur.
Góð færni í excel, almenn tölvufærni og enskukunnátta.

**Eiginleikar**

Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð.
Hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að starfa í hópi.

Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl nk. Skila skal inn umsókn á atvinna@hopbilar.is og eru umsækjendur eru beðnir um að skila þar inn ítarlegri ferilskrá ásamt greinargóðu kynningarbréfi sem tilgreinir á skilmerkilegan hátt hvernig umsækjandi uppfyllir kröfur um menntun, reynslu, hæfni og eiginleika.

**HÓPBÍLAR**

## Bifvélavirki óskast til starfa

Hagvagnar þjónusta ehf. óskar eftir að ráða starfsmann á verkstæði til starfa á starfstöð sína á Melabraut 18 Hafnarfirði í 100% starf.Starfið felur í sér almennar viðgerðir og önnur störf sem eru því tengd.

**Hæfinskröfur**

Æskilegt að hafa menntun í bifvélavirkjun, en áhugi og reynsla af bílaviðgerðum kemur einnig til greina.

**Eiginleikar**

Öguð vinnubrögð, metnaður og vandvirkni.
Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
Stundvísi og áreiðanleiki.
Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Um framtíðarstarf er að ræða.

**Skila skal inn umsókn á atvinna@hopbilar.is fyrir 30.apríl nk.**

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Davíð Örn Hlöðversson mannauðsfulltrúi. david@hopbilar.is eða í síma 599 6014**



# BYGG býður þér til starfa

BÚUM BETUR

BYGG

## Hjólagrafa

Vantar **SNILLING** á 2017 árgerð af VOLVO EW160E hjólagröfu.

Upplýsingar veitir Guðjón S:617-3000 gudjon@bygg.is

## Beltagrafa

Vantar líka **Snilling** á beltagröfur.
Upplýsingar veitir Guðjón S:617-3000
Guðjón@bygg.is

**Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. (BYGG)** hefur á undanförnum árum byggt yfir 3.000 glæsilegar íbúðir á almennum markaði. Fyrirtækið hefur einnig byggt íbúðir fyrir Félag eldri borgara og húsnæðisnefndir í Reykjavík og Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 200 manns og er meðalstarfsaldur hár. Hjá fyrirtækinu er öflugt starfsmannafélag. Traust atvinna í boði.

**BYGG byggir á 32 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.**

---

Akraneskaupstaður

# Laust starf sálfræðings á skóla- og frístundasviði

Skóla- og frístundasvið Akraneskaupstaðar auglýsir laust til umsóknar starf sálfræðings við skólaþjónustu skóla- og frístundasviðs. Sálfræðingur vinnur í þverfaglegu teymi skólaþjónustunnar ásamt samstarfi við kennara í leik- og grunnskólum, sérkennara, almenn starfsfólk, þroskaþjálfa og iðjuþjálfa. Starfsstöð sálfræðingsins er í Grundaskóla og eru laun í samræmi við kjarasamning Sálfræðingafélags Íslands og launanefndar sveitarfélaga.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Veitir starfsfólki leik- og grunnskóla stuðning við að efla skóla m.a. með fræðslu og ráðgjöf vegna kennslu og umönnunar nemenda, sérkennslu, starfshátta skóla, nýbreytni- og þróunarstarf og starfsumhverfis.
- Veitir ráðgjöf og fræðslu/námskeið til foreldra.
- Sinnir athugunum, greiningu og ráðgjöf vegna nemenda. Sinnir einnig eftirfylgd og mati á árangri í samstarfi við starfsfólk og foreldra.
- Er þátttakandi í barnateymi Akraness í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vesturlands.
- Tekur þátt í stefnumótunarvinnu sem tengist málaflokknum og felur meðal annars í sér að móta þjónustuna í samræmi við reglur á hverjum tíma.

### Menntun og hæfniskröfur:

- Sálfræðimenntun og leyfi til að starfa sem slíkur hér á landi með leyfi landlæknis
- Reynsla af greiningu og ráðgjöf á þroska- og hegðunarvanda barna og ungmenna er skilyrði
- Þekking og reynsla af starfi sálfræðings skólaþjónustu er kostur
- Réttindi til námskeiðshalds vegna hegðunar og líðan barna er kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og vilji til að leita nýrra leiða
- Færni og sveigjanleiki í samskiptum
- Faglegur metnaður
- Góð íslensku- og tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 6. maí næstkomandi. Nánari upplýsingar um starfið veitir Valgerður Janusdóttir í tölvupósti netfangið skoliogfristund@akranes.is eða í síma 433-1000.

Nánari upplýsingar um starfið ásamt umsóknareyðublaði má finna á heimasíðu Akraneskaupstaðar, **www.akranes.is/lausstorf.**




SKESSUHORN 2018

---

## Rótgróið fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir starfsmanni í verslun

Starfið felur í sér almenna afgreiðslu og sölu á vörum sem tengist sjávarútvegi, jarðverktökum, bændum og margt fleira. Kostur ef umsækjandi hefur reynslu af vélvirkjun eða sambærilegt því.

**Umsóknir berist atvinna83@gmail.com**

---

VSV

VINNSLUSTÖÐIN HF.
Hafnargötu 2 – Vestmannaeyjum

**2. stýrimaður óskast í afleysingar á togarann Sindra VE 60,**

Upplýsingar gefur Sverrir Haraldsson,
Sviðsstjóri bolfiskssviðs, í síma 488 8000 eða 869-8681

---

# RAFVIRKJAR!

Óskum eftir rafvirkjum til framtíðar starfa.
Umsóknum ásamt ferilskrá sendist á
rafbodi@rafbodi.is

RAFBOÐI

Skeiðarás 3 - 210 Garðabær - 565 8098 - rafbodi@rafbodi.is

---

# KOKKUR ÓSKAST



**Framsækið fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu leitar að einstaklega liprum og þjónustulunduðum einstaklingi til að sjá um eldamennsku og daglegan rekstur mötuneytis.**

Mötuneytið er búið nýjum búnaði, góðu vinnuplássi og þjónustar mat fyrir 200 starfsmenn. Einnig sér mötuneytið um fundarveitingar.
Fyrirtækið býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang og líflegt félagslíf.

**Hæfniskröfur**

- Menntun og/eða reynsla á sviði matreiðslu
- Brennandi áhugi á matseld og vilji til að prófa nýjungar
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Góð samskiptahæfni, jákvæðni og fagleg framkoma

**Umsóknafrestur er til og með 29. apríl og skulu umsóknir berast í gegnum: box@frett.is, merkt *“Kokkur”*. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**




ÚRVALSLIÐ Pizza Hut GETUR BÆTT VIÐ FÓLKI Í ALLAR STÖÐUR. ERT ÞÚ FJÖLHÆFUR STARFSMAÐUR SEM GETUR TÆKLAÐ ÓLÍK VERKEFNI?

UMSÓKNIR OG FYRIRSPURNIR BERIST TIL BARBARA@PIZZAHUT.IS

Pizza Hut


# LÖGFRÆÐINGUR

**Við leitum að öflugum lögfræðingi til starfa á sviði yfirlögfræðings**

Verkefni sviðs yfirlögfræðings eru fjölbreytt, en þar eru m.a. ritaðar og/eða yfirfarnar allar ákvarðanir sem leggja á fyrir stjórn Fjármálaeftirlitsins og fjallað um rannsóknir, valdbeitingu og viðurlög. Sviðið hefur ráðgjafarhlutverk gagnvart stjórn, forstjóra og öðrum sviðum Fjármálaeftirlitsins og annast samskipti við Alþingi, ráðuneyti og stjórnvöld, auk þess að hafa fyrirsvar vegna dómsmála og annars ágreinings sem FME er aðili að. Þá er á sviðinu reglusetningahópur sem sinnir innleiðingu EES-gerða á fjármálamarkaði og mótun reglna, leiðbeinandi tilmæla og viðmiða á fjármálamarkaði.

## Starfssvið

- Ráðgjöf við forstjóra, stjórn og starfsmenn annarra sviða
- Undirbúningur mála sem lögð eru fyrir stjórn Fjármálaeftirlitsins til ákvörðunar
- Samskipti við önnur stjórnvöld
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins
- Fjölbreytt verkefni sem koma til úrlausnar á sviðinu

## Menntunar- og hæfnikröfur

- Meistara- eða embættispróf í lögfræði
- Þekking og reynsla af stjórnsýslurétti
- Þekking og reynsla af löggjöf og störfum tengdum fjármálamarkaði
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Frekari upplýsingar veitir Árni Ragnar Stefánsson, mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 7. maí nk. Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Fræðslu- og frístundaþjónusta**
» Rekstrarstjóri

**Grunnskólar**
» Aðstoðarskólastjóri - Lækjarskóli
» Deildarstjóri á yngsta stigi - Lækjarskóli
» Kennsla í íslensku á unglingastigi - Lækjarskóli
» Sérkennari - Lækjarskóli
» Tónmenntakennari - Lækjarskóli
» Umsjónarkennari á yngsta stigi - Lækjarskóli
» Sérgreinakennari í unglingadeild - Setbergsskóli
» Umsjónarkennari á miðstigi - Setbergsskóli
» Deildarstjóri sérdeildar - Öldutúnsskóli
» Skólaliði - Öldutúnsskóli
» Umsjónarkennari á miðstigi - Öldutúnsskóli
» Umsjónarkennari á yngsta stigi - Öldutúnsskóli

**Leikskólar**
» Leikskólakennari - Hraunvallaskóli
» Sérkennari - Hraunvallaskóli
» Deildarstjóri - Víðivellir
» Leikskólakennari - Víðivellir
» Þroskaþjálfi - Víðivellir

**Málefni fatlaðs fólks**
» Þroskaþjálfi - Hæfingarstöðin að Bæjarhrauni
» Framtíðarstarf - Smárahvammur
» Þroskaþjálfi - Smárahvammur
» Sumarstarf - Svöluhraun
» Sumarstarfsmaður í þjónustukjarna

JAFNRÉTTISVIÐURKENNING JAFNRÉTTISRÁÐ 2017

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

JAFNLAUNAMERKIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

Reykjavíkurborg
Skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs

# Verkefnastjóri fjármála

**Skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs**
Menningar- og ferðamálasvið auglýsir starf verkefnastjóra fjármála á skrifstofu sviðsins laust til umsóknar.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Undirbúningur og vinna að fjárhags- og rekstraráætlun Menningar- og ferðamálasviðs í samvinnu og nánu samráði við yfirmann og stjórnendur sviðsins.
- Þátttaka í fjármála- og rekstrartengdum verkefnum þvert á sviðið, m.a. verkefnum vegna fjárhagsáætlana, greininga og öðrum verkefnum sem tilheyra fjármálatengdum verkefnum sviðsins.
- Stuðningur við viðskiptagreiningu á safnbúðaverkefnum sviðsins.
- Stuðningur við afgreiðslu menningarstyrkja.
- Þátttaka í teymisvinnu í greiningum og útreikningum á breytingum og nýjum liðum í rekstri sviðsins.
- Þátttaka í þróun og utanumhaldi á samhæfðu árangursmati (BSC) fyrir sviðið í heild.
- Þátttaka í uppgjörsvinnu. Vinnur að mánaðarlegum og ársfjórðungslegum uppgjörum, frávikagreiningu og útkomuspá.
- Þátttaka í þverfaglegum vinnuhópum innan sviðs og utan skv. nánara samráði við yfirmann.
- Önnur verkefni skv. beiðni yfirmanns.

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun á háskólastigi er kostur.
- Að lágmarki 3 ára starfsreynsla af fjármálatengdri rekstrar- og uppgjörsvinnu og góð reynsla af bókhaldskerfum.
- Reynsla af greiningarvinnu og skýrsluskrifum er mikilvæg ásamt hæfni til úrvinnslu og framsetningu flókinna upplýsinga.
- Þekking á opinberu starfsumhverfi er kostur.
- Frumkvæði, sjálfstæði, skipulagsfærni og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Mjög góð tölvukunnátta og færni í Excel og öðrum skrifstofu-forritum.
- Sjálfstæði, frumkvæði og geta til að tileinka sér nýjungar ásamt hæfni til að vinna undir álagi.
- Starfið krefst jafnframt mikillar færni í mannlegum samskiptum og sveigjanleika.

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Frekari upplýsingar um starfið veitir Huld Ingimarsdóttir, skrifstofustjóri rekstrar og fjármála, í síma 4116020 og tölvupósti huld.ingimarsdottir@reykjavik.is.
**Umsóknarfrestur er til og með 6. maí 2018.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir




Ný tækifæri, nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

HAGVANGUR




## Tæknifræðingur eða verkfræðingur óskast til starfa við hönnun vélbúnaðar

Við leitum að tækni- eða verkfræðimenntuðum einstaklingi með góða þekkingu á Autocad og 3D-Inventor. Aðrar hæfniskröfur eru þekking á hönnun vélbúnaðar fyrir matvælaiðnað, góð almenn tölvukunnátta og færni í ensku og íslensku bæði í rituðu og töluðu máli. Áhersla er lögð á skilvirkni og nákvæmni. Starfið felst í undirbúningi verkefna, hönnunar og teiknivinnu.

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
- Tækni- eða verkfræðimenntun æskileg
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Áreiðanleiki og stundvísi

Í boði er góð vinnuaðstaða, lifandi starfsumhverfi og góður vinnuandi í spennandi nýsköpunarfyrirtæki. Starfið er á Ísafirði og einungis er um framtíðarstarf að ræða.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. maí nk.** Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Upplýsingar um starfsemina má finna á www.skaginn3x.com.

Nánari upplýsingar veitir Karl Ásgeirsson **karl@skaginn3x.com** eða í síma 450 5011.

SKAGINN 3X
www.skaginn3x.com

Systurfyrirtækin Skaginn hf., Þorgeir og Ellert hf. á Akranesi og 3X Technology ehf. á Ísafirði mynda saman Skaginn 3X. Fyrirtækin framleiða og selja sérsniðnar hátæknilausnir fyrir matvælaiðnað á alþjóðamarkaði og er viðskiptavinina að finna víðsvegar um heiminn. Tæknistigið er hátt og starfsmenn eru rúmlega 280 talsins í starfsstöðvum sem eru um 14.000 m². Starfsemin hefur vaxið mjög síðustu misseri en frumkvöðla- og nýsköpunarandinn hefur viðhaldist allt frá fyrsta degi. Áhersla er lögð á að bjóða gæðavörur og ryðja braut nýrrar tækni sem færir viðskiptavinum og umhverfinu verulegan ávinning.

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS 2017 · ÚTFLUTNINGSVERÐLAUN FORSETA ÍSLANDS 2017 · 2017 Íslensku sjávarútvegsverðlaunin · Viðskiptaverðlaun 2017 Viðskiptablaðið Frjáls verslun · 2017 Framúrskarandi fyrirtæki

PiparTBWA \ SÍA

VÍNBÚÐIN SELFOSSI

# Óskum eftir aðstoðar-verslunarstjóra

Við leitum að jákvæðum og röskum einstaklingi sem er tilbúinn að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Þjónusta við viðskiptavini
- Sala, birgðahald og umhirða búðar
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Eftirfylgni þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Verkstjórn í fjarveru verslunarstjóra

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af verslunarstörfum
- Reynsla af verkstjórn
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg

Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.
**Umsóknarfrestur er til og með 7. maí nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veita:** Birna Borg Sigurgeirsdóttir – selfoss@vinbudin.is, 482 2011 og Guðrún Símonardóttir – starf@vinbudin.is, 560 7700.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016 · FYRIRMYNDAR STOFNUN 2017 · VÍNBÚÐIN

# Laus störf

**Gluggar og Garðhús hf. óskar eftir að ráða vana smiði eða starfsmenn sem eru vanir iðnframleiðslu í fullt starf við smíðar.**

**Vinsamlega sendið inn umsókn á gluggar@solskalar.is fyrir 5. maí 2018**

GLUGGAR & GARÐHÚS

Smiðsbúð 10 • 210 Garðabær • Sími: 554 4300 • Fax: 564 1187

MENNINGARMIÐSTÖÐ ÞINGEYINGA

## Starf forstöðumanns Menningarmiðstöðvar Þingeyinga

**Menningarmiðstöð Þingeyinga auglýsir starf forstöðumanns laust til umsóknar.**

Vilt þú leiða menningarstarf í Þingeyjarsýslu?
Leitað er að kraftmiklum, metnaðarfullum einstaklingi, sem er vanur sjálfstæðum vinnubrögðum, frumkvæði í störfum og á auðvelt með samskipti við fólk.

**Starfssvið:**
Starfið felur í sér framkvæmdastjórn að því er varðar stefnumótun, þróun, rekstur og alla almenna starfsemi Menningarmiðstöðvarinnar.
- Rekstur og fjármálastjórn
- Starfsmannamál
- Uppbygging sýninga og viðburðahald
- Samstarf við stjórn og aðra hagaðila
- Samstarf við innlend og erlend söfn og samtök tengd starfinu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólanám á menningarsögulegum grunni; safnfræði, sagnfræði, fornleifafræði eða skyldum greinum sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af safnastarfi og/eða öðru menningarstarfi
- Stjórnunarreynsla og/eða menntun í stjórnun.
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð kunnátta í íslensku bæði í riti og framsögn. Færni í ensku og norðurlandamálum.
- Góð tölvukunnátta.

Menningarmiðstöð Þingeyinga er sjálfseignarstofnun á vegum þingeyskra sveitarfélaga. Undir Menningarmiðstöð Þingeyinga heyrir m.a. starfsemi byggðasafna, héraðskjalasafns og ljósmyndasafns Þingeyinga. Einnig rekstur bókasafns Norðurþings. Á vegum stofnunarinnar eru fjórir sýningarstaðir og skrifstofur og heilsársstarfsemi er í Safnahúsinu á Húsavík.
Menningarmiðstöðin er viðurkennt safn sem hlaut íslensku safnaverðlaunin árið 2012. Stofnunin tekur þátt í samstarfi safna og safnamanna innanlands og á alþjóðavísu.

Launakjör eru í samræmi við kjarasamninga Launanefndar sveitarfélaga við aðildarfélög BHM.
Nýr forstöðumaður þarf að geta tekið til starfa í ágúst nk.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. maí nk.**
Umsóknir sendist í tölvupósti á: safnahus@husmus.is

Upplýsingar um starfið veita: Árni Pétur Hilmarsson, formaður stjórnar Menningarmiðstöðvar Þingeyinga, sími 866 3586, netfang arni@thingeyjarsveit.is og Sif Jóhannesdóttir forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga, sími 896 8218, netfang safnahus@husmus.is

# LISTASAFN ÍSLANDS

## AUGLÝSIR EFTIR MARKAÐS- OG ÞJÓNUSTUSTJÓRA

Umsóknarfrestur er til 30. apríl.
Vinsamlegast farið inn á **starfatorg.is** fyrir nánari upplýsingar.

LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND

---

málning ehf.

## Málning óskar eftir að ráða starfsmann í framleiðslu á málningu

Um er að ræða blöndunn á málingu og átöppun, lyftara réttindi æskileg en ekki nauðsynleg.

Vinna frá 8 – 16 . Matur á staðnum.

Upplýsingar gefur verkstjóri ( Sigurður ) á staðnum milli kl 8 og 16

**Dalvegur 18 200 • Kópavogur**

málning ehf.
*-það segir sig sjálft-*

---

## Læknamóttökuritari

59% staða sem getur tímabundið krafist hærra hlutfalls. Nauðsynlegt er að viðkomandi reyki ekki, sé sjálfstæður, vanur tölvuvinnu, kassauppgjörsvinnu og helst bókhaldi.

Ferill sem greinir menntun, starfsreynslu og fjarvistir í tímaröð ásamt upplýsingum um tölvureynslu, uppgjörs- og/eða bókhaldsvinnu, persónu- og fjölskyldu-hagi, launakröfur, hvers vegna hlutastarf henti auk valupplýsinga eins og um veikindi og meðmælendur óskast strax á starfsumsokn@gmail.com.

---




## Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
## Störf sálfræðinga

**Laus eru til umsóknar störf sálfræðinga við sálfræðiþjónustu fyrir fullorðna 18 ára og eldri hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Um er að ræða sálfræðingsstörf við eftirtaldar heilsugæslustöðvar:**

- **Heilsugæslan Árbæ, 40-50% starf**
- **Heilsugæslan Garðabæ, 40-50% starf**
- **Heilsugæslan Miðbæ, 50-60% starf**
- **Heilsugæslan Mjódd, 40-50% starf**
- **Heilsugæslan Sólvangi, 80-100% starf**

**Áætlað er að viðkomandi hefji störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Umsókn gildir fyrir allar starfsstöðvar en taka má fram í umsókn hvaða starfsstöð/stöðva er helst óskað.**

**Umsóknarfrestur er til og með 7. maí 2018**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðisþjónustunni þar sem öllum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og því hafa verið gerðar breytingar á skipulagi heilsugæslunnar sem miða að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari er lagt upp með teymisvinnu sem grunnstef í starfseminni, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar.

Í breyttu skipulagi fær starfsfólk aukið sjálfstæði til að móta starfsemi og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

Sálfræðingur starfar í þverfaglegu teymi með læknum, hjúkrunarfræðingum og öðru fagfólki á heilsugæslustöð. Um er að ræða krefjandi starf í skemmtilegu starfsumhverfi sem er í stöðugri þróun.

### *Helstu verkefni og ábyrgð*

- Sálfræðiþjónusta fyrir einstaklinga 18 ára og eldri
- Greining, mat og meðferð á geðrænum vanda, gagnreynd sálfræðmeðferð og ráðgjöf
- Einstaklings- og hópmeðferð
- Námskeiðahald, ráðgjöf og fræðsla
- Handleiðsla og þjálfun nema í klínískri sálfræði
- Þátttaka í þróun og uppbyggingu sálfræðiþjónustu í heilsugæslu
- Önnur tilfallandi verkefni eftir þörfum

### *Hæfnikröfur*

- Starfsleyfi frá landlækni er skilyrði
- Reynsla af greiningu og meðferð fullorðinna með geðrænan vanda
- Þekking og reynsla af gagnreyndum aðferðum, s.s. hugrænni atferlismeðferð
- Faglegur metnaður og áhugi á uppbyggingu sálfræðiþjónustu í heilsugæslu
- Sjálfstæði í starfi
- Reynsla og áhugi á þverfaglegri teymisvinnu
- Mikil samskiptahæfni, lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta

### *Nánari upplýsingar*

Svava Kristín Þorkelsdóttir, s. 513-5000,
svava.kristin.thorkelsdottir@heilsugaeslan.is
Agnes Sigríður Agnarsdóttir, s. 513-5000,
agnes.agnarsdottir@heilsugaeslan.is

Sjá nánar á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

*Ábyrgð - Fagmennska - Traust - Þjónusta - Framþróun*

---

# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Prestur | Biskupsembættið, Tjarnarprestakall | Höfuðborgarsv. | 201804/843 |
| Lögfræðingur | Orkustofnun | Reykjavík | 201804/842 |
| Kennari, málmiðngreinar | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201804/841 |
| Lögfræðingur | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201804/840 |
| Gagnagrunnssérfræðingur | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201804/839 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201804/838 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201804/837 |
| Þjónusturáðgjafi | Vinnumálastofnun | Selfoss | 201804/836 |
| Sálfræðingar | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Höfuðborgarsv. | 201804/835 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, meðgöngu- og sængurl. | Reykjavík | 201804/834 |
| Hjúkrunarnemar | Landspítali, meðgöngu- og sængurl. | Reykjavík | 201804/833 |
| Ljósmæður | Landspítali, meðgöngu- og sængurl. | Reykjavík | 201804/832 |
| Ljósmæður | Landspítali, fæðingarvakt | Reykjavík | 201804/831 |
| Skrifstofumaður | Landspítali, fæðingarvakt | Reykjavík | 201804/830 |
| Aðstoðardeildarstjóri | Landspítali, fæðingarvakt | Reykjavík | 201804/829 |
| Aðstoðardeildarstjóri | Landspítali, göngud. mæðravernd | Reykjavík | 201804/828 |
| Starfsmaður | Landspítali, rannsókn. taugalífeðlisfr. | Reykjavík | 201804/827 |
| Verkefnastjóri | Landspítali, skrifstofa rannsóknarsviðs | Reykjavík | 201804/826 |
| Aðstoðardeildarstjóri iðjuþjálfunar | Landspítali, öldrunarlækningadeildir | Reykjavík | 201804/825 |
| Sérfræðiljósmóðir | Landspítali, fæðingarvakt | Reykjavík | 201804/824 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Suðurland | 201804/823 |
| Kennari, enska | Menntaskólinn á Egilsstöðum | Egilsstaðir | 201804/822 |
| Aðstoðarmaður í umönnun | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201804/821 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201804/820 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201804/819 |
| Prestur, afleysing | Biskupsembættið, Laufásprestakall | Norðurland | 201804/818 |
| Prestur, afleysing | Biskupsembættið, Borgarprestakall | Vesturland | 201804/817 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, kviðarhols-/þvagf.skurðd. | Reykjavík | 201804/816 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, smitsjúkdómadeild | Reykjavík | 201804/815 |
| Sjúkraliðar | Landspítali, smitsjúkdómadeild | Reykjavík | 201804/814 |
| Sjúkraliðar, næturvaktir | Landspítali, kviðarhols-/þvagf.skurðd. | Reykjavík | 201804/813 |
| Starfsmenn í ræstingu og búri | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201804/812 |
| Hjúkrunarfræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201804/811 |
| Eftirlitsdýralæknir | Matvælastofnun | Selfoss | 201804/810 |
| Prófessor/dósent í lögfræði | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201804/809 |
| Dósent/lektor í lögfræði | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201804/808 |
| Kennari, stærðfræði | Menntaskólinn við Hamrahlíð | Reykjavík | 201804/807 |
| Kennari, íslenska | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201804/806 |
| Sumarstarfsmaður | ÁTVR, Vínbúðin | Vík | 201804/805 |
| Starfsmaður | ÁTVR, Vínbúðin | Neskaupstaður | 201804/804 |
| Iðjuþjálfi | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201804/803 |
| Rannsóknarlögreglumaður | Lögreglustjórinn á Austurlandi | Fjarðabyggð | 201804/802 |
| Sérfræðingur á fyrirtækjasviði | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201804/801 |
| Sérfræðingur á félagsmálasviði | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201804/800 |
| Sérfræðingur í félagsvísum | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201804/799 |
| Verkefnisstj., svið samskiptamála | Biskupsembættið | Reykjavík | 201804/798 |
| Forstjóri Heilbr.stofn. Vestfjarða | Velferðarráðuneytið | Ísafjörður | 201804/797 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201804/796 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201804/795 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201804/794 |
| Kennarar, íþróttir og saga | Menntaskólinn að Laugarvatni | Laugarvatn | 201804/793 |
| Sérfræðingur á greiningarsviði | Menntamálastofnun | Reykjavík | 201804/792 |




MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Starf sérfræðings á skrifstofu stefnumótunar og fjárlagagerðar

Auglýst er laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu stefnumótunar og fjárlagagerðar í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is.

***Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2018.***

MÚLABÆR
Dagþjálfun aldraðra og öryrkja

## Starfsmaður í eldhús - ráðskona

**Múlabær, dagþjálfun fyrir aldraða og öryrkja, óskar eftir að ráða starfsmann í eldhús - ráðskonu í 70-100 % starf.**

Múlabær er með 60 dagþjálfunarpláss. Opið er frá kl 8:00-16:00 alla virka daga. Boðið er upp á hjúkrunarþjónustu, æfingaaðstöðu, vinnustofu, fjölbreytt félagsstarf og aðstoð við bað. Lögð er áhersla á að bæta lífsgæði fólks og hugað er að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum. Múlabær býður upp á frábæra aðstöðu í nýju húsnæði.

Í Múlabæ er móttökueldhús. Boðið er upp á morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu.

**Undir helstu verkefni**
- ábyrgð á eldhúsi, m.a. matseðill og þrif
- ábyrgð á pöntunum og samskipti við byrgja

**Reynsla og hæfni:**
- menntun á sviði matreiðslu er kostur en ekki nauðsyn
- reynsla af vinnu í eldhúsi á stofnun eða í fyrirtæki er æskileg
- skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- góðir samskipta- og samstarfshæfileikar

Ráðning frá 15.5.2018 eða eftir samkomulagi.
Vinsamlegast sendið umsóknir og ferilskrá til Múlabæjar, Bt. Þórunnar Bjarneyjar Garðarsdóttur, Síðumúla 32, 108 Reykjavík eða sendið á netfangið thorunn.mulabaer@internet.is
**Umsóknarfrestur er til 26.04.2018**

## Hjúkrunarfræðingur/hjúkrunarnemi

***Múlabær, dagþjálfun fyrir aldraða og öryrkja, óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing/nema í sumarafleysingar með möguleika á áframhaldandi starfi.***

Múlabær er með 60 dagþjálfunarpláss. Opið er frá kl 8:00-16:00 alla virka daga. Boðið er upp á hjúkrunarþjónustu, æfingaaðstöðu, vinnustofu, fjölbreytt félagsstarf og aðstoð við bað. Lögð er áhersla á að bæta lífsgæði fólks og hugað er að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum.

**Helstu verkefni:**
- fjölskylduhjúkrun
- greina hjúkrunarþarfir og framfylgja meðferð
- samvinna við heilbrigðisstofnanir og þjónustuaðila

**Reynsla og hæfni:**
- íslenskt hjúkrunarleyfi
- frumkvæði og sjálfstæði í vinnu
- góðir samskipta og samstarfshæfileikar
- reynsla og áhugi á að starfa með öldruðum

Ráðning frá 1.6.2018 eða eftir samkomulagi.
Vinsamlegast sendið umsóknir og ferilskrá til Múlabæjar, Bt. Þórunnar Bjarneyjar Garðarsdóttur, Síðumúla 32, 108 Reykjavík eða sendið á netfangið thorunn.mulabaer@internet.is
**Umsóknarfrestur er til 26.04.2018**

# Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Grunnskólar**
- Enskukennari í Snælandsskóla.
- Forstöðumaður dægradvalar í Hörðuvallaskóla.
- Frístundaleiðbeinendur í dægradvöl Salaskóla.
- Íslenskukennari á unglingastigi í Kársnesskóla.
- Íþróttakennari í Álfhólsskóla.
- Kennari á miðstig í Kársnesskóla.
- Kennari á unglingastigi í Salaskóla.
- Kennari á yngsta stig í Snælandsskóla.
- Kennari í hönnun og smíði í Kópavogsskóla.
- Kennari í Snælandsskóla.
- Námsráðgjafi í Salaskóla.
- Ritari í Kópavogsskóla.
- Sérkennari/Þroskaþjálfi í Álfhólsskóla.
- Stuðningsfulltrúar í Salaskóla.
- Stuðningsfulltrúi í Álfhólsskóla.
- Stærðfræðikennari á unglingastigi í Kársnesskóla
- Umsjónarkennari á miðstig í Salaskóla.
- Umsjónarkennari í Álfhólsskóla á miðstigi.
- Umsjónarkennari í Álfhólsskóla á yngsta stig.
- Verkefnisstjóri tölvumála í Salaskóla.
- Þroskaþjálfi eða sérkennari í Hörðuvallaskóla.
- Þroskaþjálfi eða sérkennari í Kársnesskóla.

**Leikskólar**
- Aðstoð í eldhúsi í Baug.
- Aðstoðarmaður í eldhúsi í Núp.
- Deildarstjóri í Austurkór.
- Deildarstjóri í Efstahjalla.
- Deildarstjóri í Læk.
- Deildarstjóri í Sólhvörfum
- Fólk í sérkennslu í Fífusölum.
- Leikskólakennari á Efstahjalla.
- Leikskólakennari í Austurkór.
- Leikskólakennari í Álfatúni.
- Leikskólakennari í Sólhvörfum.
- Leikskólakennari/þroskaþjálfi í Sólhvörfum.
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi í Austurkór.
- Sérkennslustjóri í Fífusölum.
- Þroskaþjálfi í Álfatúni.

**Velferðarsvið**
- Hjúkrunarfræðingar/nemar í Roðasali.
- Starfsmenn í þjónustuíbúðir fyrir fatlað fólk.
- Starfsmenn óskast á heimili fatlaðs fólks

**Annað**
- Deildarstjóri gatnadeildar.
- Hljóðfærakennarar í Skólahljómsveit Kópavogs.
- Starfsmaður hjá Sundlaug Kópavogs - Kona.

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




# Við óskum eftir **innkaupafulltrúa** á skemmtilegan vinnustað

## Við leitum að áhugasömum innkaupafulltrúa í hópinn.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Vörustjórnun í AGR og Navision
- Þjónusta við birgja og Vínbúðir
- Greining og áætlanagerð

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum og birgðastýringu
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á innkaupa- og birgðastýringarkerfum
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veita:**
Bára Rós Björnsdóttir – bara@vinbudin.is og Guðrún Símonardóttir – starf@vinbudin.is, 560 7700.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2017

VÍNBÚÐIN

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

# Til sölu




- Árgerð 2006.
- Ekin 420.000 km.
- 57 farþega.
- Mjög góður bíll.
- Ásett verð kr. 6,300.000 + vsk.
- Vinna getur fylgt.

**Nánari uppl. í s: 896-8212 eða á ellert@hopferdir.is**

# ÚTBOÐ

Ný útboð / verkefni í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Upplýsingastjórunarkerfi fyrir Reykjavíkurborg,** EES Forval nr. 14030.
- **Fiskislóð 37c – Ný hverfabækistöð vestur - Eftirlit,** útboð nr. 14245.
- **Úlfarsárdalur - stækkun hverfis. Gatnagerð og lagnir 1. áfangi,** útboð nr. 14229.
- **Úlfarsárdalur - stækkun hverfis. Gatnagerð og lagnir 2. áfangi,** útboð nr. 14248.

Nánari upplýsingar er að finna á ***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

## GATNAGERÐ

**Lindarvegur – Bæjarlind**
**Breikkun götu og hringtorg**

Kópavogsbær ásamt Veitur ohf. óska eftir tilboðum í breikkun Lindarvegar og gerð hringtorgs.
Í verkinu felst að breikka Lindarveg milli Bæjarlindar og Fífuhvammsvegar og gera hringtorg á gatnamótum Bæjarlindar og Lindarvegar. Jarðvegsskipta í skal í svæðum utan núverandi götu, færa veitulagnir og malbika yfirborð götu og gangstíga.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Lengd götu | 170 m |
| Gröftur og fyllingar | 5.000 m³ |
| Malbikun götu og stíga | 4.000 m² |

**Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2018.**
Útboðsgögnin eru afhent rafrænt og skulu þeir, sem óska eftir útboðsgögnum fyrir verkefni þetta, senda tölvupóst á netfangið utbod@kopavogur.is, frá og með þriðjudeginum 24. apríl nk. Í tölvupósti skal koma fram nafn tengiliðs vegna útboðsins, símanúmer, netfang og nafn fyrirtækis.

Tilboð skal hafa borist í þjónustuver Kópavogs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur fyrir kl. 11.00 þriðjudaginn 8. maí 2018 verða þau þá opnuð í viðuvist þeirra bjóðenda er þar mæta.

Kópavogsbær kopavogur.is

VEGAGERÐIN

# Útboð

## Skagaströnd – Smábátahöfn 2018

Skagastrandarhöfn óskar eftir tilboðum í ofangreint verk.
Um er að ræða gerð smábátahafnar sem felst í dýpkun, byggingu skjólgarðs og uppsetningu landstöpla.

Helstu verkþættir og magntölur eru:

- **Dýpkun í -2,5 m, 9.500 m³**
- **Flokkað grjót og sprengdur kjarni, 6.500 m³**
- **Fyllingarefni, 3.600 m³**
- **Uppsetning landstöpla, 2 stk.**

**Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. nóvember 2018.**

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 24. apríl 2018. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 8. maí 2018 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.




## Akraneskaupstaður óskar eftir tilboðum í leigu á landi undir rekstur tjaldsvæðisins í Kalmansvík á Akranesi

Um er ræða leigu á landi í Kalmansvík sem nýtt er til reksturs tjaldsvæðis. Árlegur opnunartími á tjaldsvæðinu er að öllu jöfnu frá 1. maí til 1. október ár hvert. Stefnt er að nýr leigutaki taki við svæðinu fyrir opnun í ár. Samningstímabil er tvö ár og er gefinn kostur á framlengingu óski leigutaki/leigusali eftir því. Boðið er upp á kynningar um svæðið eftir óskum. Tilboðsgögn eru afhent rafrænt án endurgjalds með því að senda beiðni á netfangið tjaldsvaedi@akranes.is.

Tilboð verða opnuð mánudaginn 30. apríl næstkomandi kl. 11:00 á skipulags- og umhverfissviði Akraneskaupstaðar að Stillholti 16-18. Öllum tilboðum skal skila á sérstöku tilboðseyðublaði undir heitinu Akranes - leiga á landi undir rekstur tjaldsvæðisins í Kalmansvík.

Nánari upplýsingar veitir Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri á netfangið tjaldsvaedi@akranes.is eða í síma 433-1000.

SKESSUHORN 2018




# ÚTBOÐ NR. 20738

## LANDSPÍTALI LANDAKOTI ENDURBYGGING ÞAKS K-ÁLMU

Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd Landspítala, óskar eftir tilboðum í verkið:

**LSH Landakot - þak K-álmu.**

Verkið felst í endurnýjun þaks K-álmu og múrviðgerða aðliggjandi turns. Núverandi rishæð og þakfrágangur eru rifin en haldið er í þaksperrur sem eru hefluðar eftir þörfum. Endurnýjun nær til þakklæðningar og kvista en ekki skorsteina og þakglugga. Frágangur verður bættur m.t.t. loftunar þaks og þykkt einangrunar. Zinkklæðning kemur í staðinn fyrir núverandi steinskífuklæðningu.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Rif og förgun á innveggjum | 500 m2 |
| Rif og förgun á gólfefni | 380 m2 |
| Rif núverandi þakklæðningar | 730 m2 |
| Heflun þakvirkis | 350 m |
| Nýr þakfrágangur með zinkklæðningu | 730 m2 |
| Steining á turnbyggingu | 95 m2 |

Boðið er til kynningarfundar og vettvangsskoðunar á verkstað við Landakotsspítala, mæting fyrir framan suðurhliðar K-álmu, **mánudaginn 16. apríl nk. kl. 14:00** að viðstöddum fulltrúa verkkaupa.

**Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 15. október 2018.**

Útboðsgögn eru aðgengileg á vef Ríkiskaupa.
Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum **miðvikudaginn 25. apríl 2018 kl. 11:00** að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



# Ljósakur 9

210 Garðabæ










**OPIÐ HÚS fimmtudaginn 26. apríl kl. 17:30-18:00**

**Herbergi: 4**

**Stærð: 120,6 m²**

**109.500.000**

Glæsilegt raðhús á tveimur hæðum, með innbyggðum 28,2fm bílskúr og um 50fm þaksvölum. Húsið var byggt 2007, innréttað árið 2011. Innanhússhönnun var unnin af GASSA arkitekter í Danmörku. Allar innréttingar í húsinu eru sérsmíðaðar. Á jarðhæð er forstofa, master-svefnherbergi með eikar- innréttingu úti á gólfi sem skiptir herberginu í tvennt. Fallegt baðherbergi er inn af master-svefnherb., m/tvöfaldri sturtu, handklæðaofni og glæsilegri innréttingu. Öll blöndunartæki frá Vola. Stórt fataherbergi m/sérhönnuðum innréttingum m/útgengi út í bakgarð. Svefnherbergi við forstofu, innréttað sem skrifstofa. Einnig er sjónvarpsherbergi, gestasnyrting, þvottaherbergi og bílskúr. Stigin á milli hæða er sérstaklega fallegur með svarti steypu á þrepum og innfeldu ál handriði. Á annari hæð er aðalrýmið. Eldhúsið er með stórri L-laga eyju, Silestone kvartssteinn á borði. Miele tæki, s.s. tveir ofnar og háfur. Gaggenau helluborð. Tvöfaldur innbyggður ísskápur og innbyggð Miele uppþvottavél. Borðstofa og stofa með fallegu útsýni, ásamt útgengi út á 50 fm suður-þaksvalir. Gólfhiti í öllu húsinu ásamt tvöföldum forhitara. Hellulögð heimkeyrsla með snjóbræðslukerfi og stæði fyrir 3 bíla. Húsið er einangrað utanfrá og álklætt.





**Nánari upplýsingar veitir Sigurður fasteiganasali í síma 898 6106**

# Stigahlíð 64

105 Reykjavík










**OPIÐ HÚS mánudaginn 23. apríl kl. 17.30-18.00**

**Herbergi: 7**

**Stærð: 350,3 m²**

**218.000.000**

Einbýlishús í sérflokki sem var endurnýjað og uppgert á árunum 2008-2009. Tvöfaldur bílskúr 61,9fm. Allt efnisval í húsinu er í hæsta gæðaflokki. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar. Gólfefni er sandsteinsflísar og plankaparket. Hurðir eru í yfirstærð. Góð lofthæð. Lúmex sá um lýsingahönnun. Alls eru 3 fullbúin baðherbergi og eitt gesta salerni. 5 svefnherbergi öll með sérsmíðuðum fataskápum. Fataherbergi, baðherbergi og svalir eru í hjónasvítu og það er einnig baðherbergi inn af rúmgóðri svítu á neðri hæð. Stofur eru tvær og fallegur gasarinn er í húsinu. Eldhúsið er sérlega vel útbúið með miklum innréttingum, stórri eyju með marmara á borðum og vönduðum Miele heimilstækjum. Hátalarkerfi er í öllu húsinu. Garðurinn er glæsilegur með veröndum og skjólveggjum úr harðvið, heitur pottur, bekkir og falleg lýsing er í garðinum. Frábær staðsetning á þessum eftirsótta stað í Stigahlíðinni, húsið stendur á eignarlóð við óbyggt svæði.





**Nánari upplýsingar veitir Hafdís fasteiganasali í síma 820 2222**

# EIGNAMIÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

## OPIN HÚS UM HELGINA







**OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 21. APRÍL KL. 12.00 -14.00**

# Hlíðarendi

**FRÁBÆR STAÐSETNING MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK**

Arnarhlíð 1 er nýtt 40 íbúða lyftuhús við Hlíðarenda. Húsið er einangrað og klætt að utanverðu með sléttri álklæðningu. Íbúðirnar eru 2ja til 4ra herbergja. Íbúðunum verður skilað fullbúnum fyrir utan megin gólfefni; uppþvottavél og ísskápur fylgja. Sérsmíðaðar vandaðar innréttingar. Svalir eru á öllum íbúðunum. Einnig er stórt sameiginlegt útisvæði á hverri hæð.

Áætluð afhending
í júní 2018

**Stærð frá 57 fm – 112 fm.**

**Verð frá 39,8 millj.**

**Kjartan Hallgeirsson**
löggiltur fasteignasali
kjartan@eignamidlun.is
Sími 824 9093



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
Sími 824 9098



**Hreiðar Levy Guðmundsson**
Nemi til löggildingar
fasteignasala
hreidar@eignamidlun.is
Sími 661 6021



**Daði Hafþórsson**
löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096









**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 22. APRÍL KL. 14.00 -15.00**

# Gerplustræti 31-37

**NÝTT Í SÖLU Í MOSFELLSBÆ**

Gerplustræti 31-37 er nýtt fjölbýlishús með lyftu í Helgafellslandi í Mosfellsbæ. Við hönnun og skipulag á Gerplustræti var kappkostað við að láta húsin falla vel að umhverfinu og að skapa aðlaðandi og heildstæða byggð.

Íbúðirnar eru 3ja-5 herbergja og verður þeim skilað fullbúnum án gólfefna.
Bílastæði í bílakjallara fylgir íbúðunum.

Áætluð afhending
er vor 2018.

**Verð frá 44,5 millj.**

**Daði Hafþórsson**
löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
Sími 824 9098



**Alexander Ingi Kristjánsson**
löggiltur fasteignasali
alexander@eignamidlun.is
Sími 695 7700



**Hreiðar Levy Guðmundsson**
Nemi til löggildingar
fasteignasala
hreidar@eignamidlun.is
Sími 661 6021



60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957




GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

# OPIN HÚS UM HELGINA







**OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 21. APRÍL KL. 13.00 -15.00**

# Frakkastígur 8C og D

**NÝJAR ÍBÚÐIR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR**

Vorum að fá í sölu 39 íbúðir við Frakkastíg 8C og D. Um er að ræða 35 2ja herbergja íbúðir og fjórar 4ra herbergja íbúðir. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna. Húsin munu tengjast skjólgóðum lokuðum garði. Svalir eru á öllum íbúðum nema á jarðhæð en þar er sér afnotareitur. Á götuhæðum bygginganna á Frakkastígsreit verða verslanir, veitingastaðir og fjölbreytt þjónusta.

**Stærð frá 56,5 fm – 150 fm.**
**Verð frá 40,9 millj.**

**Þórarinn M. Friðgeirsson**
löggiltur fasteignasali
thorarinn@eignamidlun.is
Sími 899 1882



**Brynjar Þór Sumarliðason**
löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
Sími 896 1168



**Kjartan Hallgeirsson**
löggiltur fasteignasali
kjartan@eignamidlun.is
Sími 824 9093



**Daði Hafþórsson**
löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096









**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 22. APRÍL KL. 13.00 -14.00**

# Vallakór 6

**NÝTT LYFTUHÚS Í KÓRAHVERFI Í KÓPAVOGI**

2 stk í setti
stærð: 50X50XH: 63cm
Verð: 35.000,-

CAPRICE SKENKUR
hvítt háglans - 2 stærðir
Breidd: 150cm - Verð: 159.000,-
Breidd: 200cm - Verð: 199.000,-



Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau: 10.00 - 16.00
Sun: 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is
S:544 4420

2017 Framúrskarandi fyrirtæki

# Ekki bólar á lokum langvarandi nauðgunarkrísunnar á Indlandi

Nauðgunarmenning og múslimahatur kynda undir kynferðisofbeldi á Indlandi. Hópnauðganir eru tíðar. Tæpur helmingur þolenda kynferðisbrota er stelpur undir lögaldri. Stjórnvöld ítrekað sökuð um linkind í málaflokknum.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

Árið er 2012. Jyoti Singh Pandey, 23 ára sjúkraþjálfaranemi, er á leið heim með kærasta sínum, Awindra Pratap Pandey, eftir að þau höfðu farið saman í bíó að horfa á Ang Lee myndina Life of Pi í Delhi. Þau stíga um borð í lítinn einkastrætó. Sex karlmenn, bílstjórinn þar með talinn, eru í bílnum.

Bíllinn keyrir ekki eftir sinni venjulegu leið. Dyrunum er læst og hinir farþegarnir tala niður til þeirra. Awindra lætur ekki bjóða sér áreitnina og slagsmál brjótast út. Farþegarnir fimm rota hann með járnstöng.

Næst ráðast þeir að Jyoti og yfirbuga. Þeir draga hana aftast í bílinn, lemja hana með járnstönginni og nauðga henni. Síðar er þeim kastað út úr bílnum.

Þrettán dögum síðar lætur Jyoti lífið af sárum sínum. Einn gerandi lætur lífið meðan á réttarhöldum stendur, fjórir eru dæmdir til hengingar og sá síðasti, sem var undir lögaldri, fær þriggja ára dóm.

Árið er 2018. Það er 17. janúar. Asifa Bano, átta ára stelpa, finnst látin úti í skógi í Kathua í Jammu- og Kasmírríki. Asifa var úr hirðingjasamfélagi, múslimi. Hún hafði farið að gefa hestunum en kom ekki aftur heim. Miklir áverkar eru á líkinu.

Á næstu vikum leiðir rannsókn lögreglu í ljós að átta karlmenn, meðal annars fjórir lögreglumenn, höfðu byrlað henni ólyfjan, flutt í yfirgefið musteri og þar nauðgað henni og misþyrmt í viku áður en þeir grýttu hana til dauða. Réttarhöld yfir átta meintum gerendum hófust í vikunni.

**Nærri helmingur þolenda börn**

Þrátt fyrir að öflug mótmæli hafi brotist út í kjölfar hópnauðgunarinnar og morðsins 2012 og þrátt fyrir að löggjöf, ætlað að vernda konur, hafi verið innleidd eftir árásina, eru glæpir sem þessir enn tíðir á Indlandi.

Samkvæmt rannsókn Human Rights Watch sem birt var fyrir áramót lenda konur og stúlkur úr lægri stéttum hins indverska stéttakerfis iðulega í því að hástéttafólk og lögreglumenn þrýsti á þær að kæra ekki. Þolendur fá jafnframt lítinn stuðning.

Í viðtali við The Guardian sagði Vrinda Grover, hæstaréttarlögfræðingur sem sérhæfir sig í málaflokknum, að þrátt fyrir að baráttan væri afar erfið gæfust konur ekki upp. Sakfellingum hefði fjölgað um fjörutíu prósent frá 2012 til 2015.

En tölfræðin er, eins og víða, ófullkomin. Samkvæmt rannsókn Ramalingam Shanmugam frá árinu 2013 tilkynna þolendur um óvenju fáar nauðganir til lögreglu. Þótti rannsakandanum ljóst að það væri vegna kúgunarmenningar.

Samkvæmt rannsókn félagsfræðingsins Aashish Gupta sem The Hindu birti árið 2014 er talið að einungis sé tilkynnt um fimm af hverjum hundrað nauðgunum. Þá eru rúmlega fjörutíu prósent fórnarlamba sem tilkynnt er um stelpur undir lögaldri.

Það eru hins vegar hópnauðganir sem vekja mesta athygli. Tíðni þeirra er há og er þá einna helst herjað á minnihlutahópa og lægri stéttir. Talað hefur verið um að nauðgunarkrísa ríki á Indlandi allt frá árásinni á Jyoti Singh Pandey, jafnvel lengur, og sú krísa virðist ekki ætla að taka enda.

**Fjölmiðlar þreyttir**

Hið hrottalega mál þessarar átta ára gömlu hirðingjastúlku hefur leitt af sér nýja öldu fjöldamótmæla meðal Indverja, bæði í heimalandinu og utan landsteinanna.

BBC fjallaði um að málið hefði fyrst vakið þjóðarathygli nú í apríl, mánuðum eftir líkfundinn. Vikum eftir að samtök þjóðernissinnaðra hindúa mótmæltu handtöku grunaðra, sem sjálfir eru hindúar. Þá benti miðillinn á að mótmælin nú væru mun mildari, hófstilltari en mótmælin árið 2012.

Blaðamaður BBC útskýrir þessi seinu viðbrögð á þann hátt að lítið sé fjallað um Kasmír án þess að verið sé að fjalla um þjóðaröryggismál. Jafnvel gæti það verið hluti ástæðunnar að ríkisfjölmiðlar, sem hindúar stýra, vilji síður fjalla um ofbeldisglæpi hindúa.

Sameer Yasir, sjálfstæður blaðamaður í Srinagar, sumarhöfuðborg Jammu og Kasmír, sagði við BBC að í ljósi tíðra hópnauðgana og annarra hrottalegra ofbeldisglæpa væri ekki litið á mál Asifu sem stórt fréttamál. Undir það tók félagsfræðiprófessorinn Shiv Visvanathan.

**Réttlæti fyrir Asifu**

Tugir þúsunda hafa mótmælt í kjölfar líkfundarins, krafan er #RéttlætifyrirAsifu og stúlkur óttast að þær séu næstar í röðinni. Mótmælin beinast einna helst gegn viðvarandi nauðgunarmenningu og meintri linkind stjórnvalda. Þá hafa mótmælendur einnig bent á að Asifa hafi ekki bara verið drepin vegna kyns síns, trúin hafi leikið stórt hlutverk.

Deepa Narayan, rithöfundur og mótmælandi, sagði í viðtali við CBC fyrr í mánuðinum að sterk undiralda múslimahaturs væri í indversku samfélagi. Meintir gerendur í þessu máli hafi allir verið hindúar og að þjóðernishyggjusamtök sem kölluðu sig Hindu Ekta Manch hafi mótmælt handtöku þeirra harðlega.

Aðspurð um hvernig það væri að sjá glæpi sem þessa framda ítrekað sagði Narayan: „Það dregur úr manni allan þrótt. Ég held að á Indlandi, líkt og víða annars staðar, sé stelpum einfaldlega ekki ætlað að vera til. Tilvist þeirra sé einungis réttlætt þegar þær eru karlmönnunum einhvers virði."

**Taka á vandanum af veikum mætti**

Bharatiya Janata (BJP) er ráðandi stjórnmálaflokkur á Indlandi. Staða Narendra Modi forsætisráðherra er afar sterk. Flokkurinn hefur verið kenndur við hina umdeildu hindutvastefnu, eins konar hindúíska þjóðernishyggju, og benti stjórnarandstæðingurinn Meira Kumar, sem laut í lægra haldi fyrir Ram Nath Kovind í forsetakjöri síðasta árs, á það að með kjöri Kovind hefði komið bakslag í baráttuna gegn kúgun minnihlutahópa.

Greint hefur verið frá því á undanförnum mánuðum að ofbeldi gegn múslimum og hindúum af lægri stéttum fari vaxandi í takt við uppgang þjóðernishyggjunnar. Mannréttindabaráttusamtök hafa gagnrýnt stjórnvöld harðlega fyrir þessa stefnu sína.

En þjóðernishyggjan er eins og áður segir bara hluti málsins. Meint linkind stjórnvalda í garð kynferðisbrotamanna þykir einnig áhyggjuefni.

Þannig vakti það óhug þegar tveir ráðherrar úr stjórn BJP mættu á fyrrnefnd mótmæli gegn handtöku áttmenninganna sem sakaðir eru um morðið á Asifu Bano. Ráðherrarnir voru neyddir til að segja af sér og fyrst þá fordæmdi Modi glæpinn á Twitter.

Og meint linkind nær út fyrir raðir BJP. Singh Yadav, formaður Sósíalistaflokksins, sagði árið 2014, þegar þrír menn voru sakfelldir fyrir hópnauðgun á blaðamanni, að strákar gerðu iðulega mistök. „Það ætti ekki að hengja þá fyrir þetta, við þurfum að breyta lögum um kynferðisofbeldi."

Þá ber að nefna að Kuldeep Singh Sengar, þingmaður BJP, var handtekinn fyrr í mánuðinum, grunaður um að hafa rænt og nauðgað sextán ára gamalli stelpu í Uttar Pradesh.




**Asifa var átta ára þegar hún var myrt. Tugir þúsunda mótmælenda hafa krafist réttlætis.** NORDICPHOTOS/AFP




**„Aldrei aftur", sagði á skilti þessa mótmælanda eftir andlát Jyoti árið 2012. Sú ósk rættist ekki og hópnauðgunarfaraldur geisar enn.** NORDICPHOTOS/AFP

## Tilfellin mun fleiri

Þótt mál Jyoti og Asifu hafi vakið einna mesta athygli eru tilfellin mun fleiri. Fjórtán og fimmtán ára stelpur voru hengdar í Uttar Pradesh árið 2014. Indverskri konu, sem nýkomin var úr keisaraskurði, var nauðgað í sjúkrarúmi sínu árið 2016. Nokkrum dögum síðar, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, var fimmtán ára stelpu nauðgað áður en borinn var eldur að henni.

Nú síðast í apríl fannst lík óþekktrar stelpu, sem talin er á bilinu níu til ellefu ára, í Suratborg í Gujarat-ríki. Limlest líkið fannst í runna og á henni voru 86 skurðir og aðrir áverkar.

Krufning leiddi í ljós að áverkarnir 86 hefðu verið veittir á sjö dögum. Stelpunni hafði verið nauðgað ítrekað. Ekki er enn vitað hver hún var.




LANGTÍMASAMBAND **Á LEIGUMARKAÐI**

Traustur leigumarkaður sem byggir á langtímasambandi er mikilvægur partur af heilbrigðum og stöðugum húsnæðismarkaði. Markmið okkar er að taka þátt í að byggja upp leigumarkað á Íslandi eins og þekkist á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu. Um tvö þúsund fjölskyldur búa nú þegar í öruggri langtímaleigu hjá okkur á höfuðborgarsvæðinu og víða um land.

www.heimavellir.is

HEIMA
VELLIR
ÖRUGGLEIGA

# DAGUR

# PLOKK Á



Plokkarar á Íslandi er áhugafélag rúmlega 4400 manns á Facebooksem fara út og þrífa upp plast og rusl úr náttúrunni.

Fyrir það þiggur það enginn laun og hópurinn stýrist ekki af stjórnmálum eða öðrum félagsskap. Ástæðan er aðeins einlægur vilji til að bæta nærumhverfið okkar. Langmest af því sem við tínum upp eru umbúðir úr plasti eða pappa. Umbúðir af vörum sem eru fluttar inn til landsins eða framleiddar hér og seldar fólki sem ekki tekst að farga umbúðum þannig að skaði hlýst af.

Á Degi jarðar á sunnudaginn kemur ætla allir meðlimir “Plokk á Íslandi að fara út og plokka sem nemur einum kílómetra í náttúrunni.

Þannig munu við skila fjögur þúsund kílómetra hreinum streng til samfélagsins

Þessi auglýsing og kynning “Plokk á Íslandi” á

**ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ**

**HAFNARFJARÐARBÆR - GARÐABÆR**

Við þökkum þeim einlæglega stuðninginn í baráttunni.

PLOKK Á ÍSLANDI

# JARÐAR
# ÍSLANDI



**Til verslunareigenda, framleiðenda, stjórnarmanna og stjórnenda íslenskra verslana og framleiðslufyrirtækja:**

**Okkur langar að fá ykkur með okkur í lið af þessu tilefni. Við hvetjum ykkur til að velja einn dag í vor og standa að allsherjar vorhreinsun í ykkar nærumhverfi. Til dæmis væri hægt að bjóða fólki eina aukavakt til vinnu af þessu tilefni og hreinsa til í kringum ykkar fyrirtæki, bæði höfuðstöðvar og sölustöðvar.**

**Deilið því svo með okkur hinum á samfélagsmiðlum, hvar þið þrífið, hvað safnast og sýnið í verki að ykkur er ekki sama um umhverfið. Við, plokkarar landsins, viljum vera stolt af ykkur því þið berið uppi samfélagið okkar með því að vera vinnuveitendur sem bjóðið góða vöru og þjónustu.**

**Nú lokum við hringnum saman með því að losa náttúruna við allt sem til fellur og koma því til skila á rétta staði.**

**hreinsunmenningu í tilefni degi jarðar er studd af:**

**REYKJAVÍKURBORG - ODDI**
**MOSFELLSBÆR - KÓPAVOGSBÆR**

**#PLOKKAISLANDI**



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Þ. Stephensen**

lést mánudaginn 16. apríl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 26. apríl kl. 13.00.

**Hafsteinn Austmann**
**Dóra Hafsteinsdóttir** **Sigurður Ingi Margeirsson**
**Kristín Hafsteinsdóttir**
**Hafsteinn Gunnar Sigurðsson** **Valgerður Rúnarsdóttir**
**Margeir Gunnar Sigurðsson** **Marta Goðadóttir**
**Stefán Gunnar Sigurðsson** **Bergrún Mist Jóhannesd.**
**Sigurjón Auðun Ólafsson**
**Guðrún Ólafsdóttir** **Andri Örn Erlingsson**
**Hafsteinn Ólafsson** **Júlía Margrét Einarsdóttir**
**barnabarnabörn og systkini hinnar látnu.**



†

Elskulegur sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Ingibjörn Hallbertsson**
frá Veiðileysu,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, laugardaginn 14. apríl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 26. apríl kl. 13.

**Ragnhildur Hafliðadóttir**
**Jóhann Ingibjörnsson**
**Árni Ingibjörnsson** **Kolbrún Kristjánsdóttir**
**Kristmundur Ingibjörnsson** **Anna Margrét Kristjánsd.**
**Sigríður Ingibjörnsdóttir** **Friðfinnur Skaftason**
**Ólafur Ingibjörnsson** **Kristín Hrönn Árnadóttir**
**Hlíf Ingibjörnsdóttir** **Friðgeir Axfjörð**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Ingibergur Eiríkur Jónsson**
húsasmiður,
Reykjanesbæ,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu að Nesvöllum fimmtudaginn 5. apríl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 24. apríl klukkan 13.00.

**Elín Guðrún Ingólfsdóttir**
**Halldóra J. Ingibergsdóttir** **Eiríkur Jónsson**
**María Ingibergsdóttir** **Ragnar J. Gunnarsson**
**Helga Ingibergsdóttir** **Árni Stefán Jónsson**
**Birgir Ingibergsson** **Guðrún Edda Jóhannsdóttir**
**Ingólfur Ingibergsson** **Margrét Eðvaldsdóttir**
**Margrét Ingibergsdóttir** **Rúnar Sverrisson**
**Rúnar Ingibergsson** **Sólveig Skjaldardóttir**
**Hafsteinn Ingibergsson** **Guðlaug Einarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**Kött Grá Pjé segir að algengasta stefið í rapptextum krakkanna sé pirringur í garð systkina.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Allir eiga að fá að segja það sem þeim býr í brjósti

**Skáldið og rapparinn Kött Grá Pjé heldur í dag rappsmiðju fyrir krakka. Hann segir að þarna sé hann að kenna krökkunum að vera þau sjálf og að töfrarnir við rapp séu að þar megi segja nákvæmlega það sem manni sýnist.**

Í tilefni Barnamenningarhátíðar mun skáldið og (fyrrverandi?) rapparinn Kött Grá Pjé halda rappsmiðju fyrir 9 til 15 ára krakka í Borgarbókasafninu í Gerðubergi. Rappsmiðjan hefst klukkan hálf tvö í dag og er sætaplássið takmarkað og gildir hin gamla góða regla fyrstur kemur, fyrstur fær.

*Hvernig kennir maður krökkum að rappa?* „Ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá myndi ég ekki segja að ég væri beinlínis að kenna krökkum að rappa. Og allra síst þannig að ég sé að fara yfir einhver tæknileg atriði eða þvíumlíkt. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar, og segi krökkum það í upphafi smiðjunnar, að langbesta leiðin til að læra að rappa sé bara að hlusta á rapp. Hlusta fram og til baka. Þannig held ég að best sé að rækta tilfinningu fyrir því hvernig rapp fúnkerar. Maður lærir textana sem maður hlustar á, finnur hrynjandina og stemninguna og þetta verður hluti af manni sjálfum. Ég er mun fremur að hjálpa þeim að komast af stað með að semja. Hvetja þau til að tjá sig og prufa sig áfram. Fá þau til að losna við feimni og þvíumlíkt og bara vera þau sjálf,“ segir Kött sem viðurkennir að hann nefni yfirleitt eitthvað um að rím sé sniðugt tól til að koma krökkunum af stað, þó að það sé þó reyndar engin regla.

„Ég fjasa voða mikið um einmitt það, að það séu engar reglur. Að það séu töfrarnir við rapp. Maður má gera það sem manni sýnist. Segja það sem maður vill. Að mér finnist ekkert hræðilegt að segja af og til fokk og sjitt og drulla, ef maður gætir þess bara að vera ekki skíthæll. Segi þeim að stundum þurfi maður að tjá sig eins og manni sýnist, láta gamminn geisa og það sé betra að beina því í þennan farveg en að láta það til dæmis brjótast út í samskiptum við annað fólk. Allir eiga að fá að segja það sem þeim býr í brjósti, líka börn og unglingar.“

Hann segir að það sé mjög gaman að fara yfir rapptónlist með börnunum og hvað það sé við hana sem þeim finnst skemmtilegt.

„Í smiðju sem ég var með um daginn voru þau til dæmis nokkur sammála um að það væri gaman að hlusta á Herra Hnetusmjör vegna þess hve hann er skýr, taktvís og tæknilega nákvæmur þegar hann rappar hratt. Krakkar eru fínir greinendur.“

*Hvernig taka börnin í svona kennslu?* „Yfirleitt taka þau mjög vel í þetta. Stundum flissa þau dálítið í byrjun og finnst ég ferlega ruglaður en þau sem á annað borð mæta í svona smiðjur langar heilt yfir að prufa að rappa, þurfa bara dálitla hvatningu og mér hefur gengið ágætlega að veita þeim hana. Flest eru fljót að komast upp á lag með að láta það flakka sem þeim býr í brjósti. Krakkar eru fjarri því jafn bældir og ég og mínir jafnaldrar vorum.“

*Hvernig textar koma frá krökkum, hvað býr þeim í brjósti?* „Eins og ég sagði áðan þá hvet ég krakkana mjög eindregið til þess að segja nákvæmlega það sem þeim sýnist, án þess þó að það sé á kostnað annarra eða gert í vonsku. Og það er allur gangur á því hvað þeim liggur á hjarta. Oft sé ég hjá þeim snaggaralegar athugasemdir um daglegt líf, hvað þeim gremst eða hvað þau fíla. Sumir vilja bulla, sem mér finnst líka frábært, og þá tölum við kannski um það bara að þau finni sína rödd. Að bullið sé eins og annað gert af heilum hug. Hliðarsjálf hafa alltaf verið hluti af rappbrölti, ýkjur og ofsögur og þvíumlíkt og krakkar hafa fullt eins gaman af slíku og aðrir. Ef ég ætti að nefna eitthvert umfjöllunarefni sem er algengara en annað kemur fyrstur upp í hugann pirringur yfir systkinum. Það er gömul saga og ný.“

*Hefurðu fundið næstu vonarstjörnu rapps í þessum smiðjum þínum?* „Í hverri einustu smiðju eru einhver sem má strax heyra að eru efnileg. Ég hef það samt fyrir reglu, prinsippsins vegna, að reyna aldrei að fá þau til að skrifa undir neina samninga við mig. Mig skortir viðskiptavit og óskammfeilni Jermaine Dupri og þessara gauka.“ **stefanthor@frettabladid.is**



†

Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jakobína Kristín Stefánsdóttir**
(Bíbí)
talsímakona frá Siglufirði,

lést 20. mars sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarfélög. Þökkum auðsýnda samúð.

**F.h. aðstandenda,**
**Þórunn Andrésdóttir** **Stefán Andrésson**



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Bjarna Marteinssonar**
Merkinesi.

**Guðborg Kristjánsdóttir**
**María Bjarnadóttir** **Sigurður Ingvarsson**
**Kristján Bjarnason** **Ástrós Hjálmtýsdóttir**
**Kristín Bjarnadóttir** **Gísli Harðarson**
**Þóra Björk Bjarnadóttir** **Finnur Tryggvi Sigurjónsson**
**og barnabörn.**

## Merkisatburðir

**1971** Handritamálið: Fyrstu handritin koma heim frá Danmörku, Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða.

**1982** Falklandseyjastríðið: Bretar hefja aðgerðir til að endurheimta Suður-Georgíu frá Argentínu með því að senda þangað sérsveitarmenn.

**1989** Um 100 þúsund kínverskir mótmælendur safnast saman á Torgi hins himneska friðar í Peking í Kína.

**1992** Í Danmörku kemst ræningi undan með 7,5 milljónir danskra króna eftir að hafa látið til skarar skríða gegn peningaflutningabíl Danske Bank við Bilka í Árósum.

**1993** Hæstiréttur í La Paz dæmir Luis Garcia Meza, fyrrverandi einræðisherra Bólivíu, í 30 ára fangelsi fyrir morð, þjófnað, svik og stjórnarskrárbrot.

**1996** Ólífubandalagið undir forystu Romano Prodi sigrar í þingkosningum á Ítalíu.

**1997** Fyrsta geimútförin á vegum einkaaðila fer fram þegar jarðneskar leifar 24 manna eru sendar út í geim með Pegasusflaug.

**2007** Umaru Musa Yar'Adua kjörinn forseti Nígeríu eftir kosningar sem þóttu einkennast af svindli.

**2009** Vísindamenn frá Stjörnuskoðunarstöðinni í Genf tilkynna uppgötvun plánetunnar Gliese 581 e.

**2010** Íslenski handritavefurinn Handrit.is opnaður.

ÞETTA GERÐIST: 21. APRÍL 2009

# Kaup á vændi gerð refsiverð

Alþingi Íslendinga samþykkti frumvarp til laga þennan dag árið 2009 sem gerðu það refsivert að greiða fyrir vændi. Lögin tóku þegar gildi.

Eftir það mátti sá sem staðinn var að kaupum á vændi eiga von á sekt eða allt að eins árs fangelsisvist. Skálað var í kampavíni á skrifstofu Stígamóta af þessu tilefni og Guðrún Jónsdóttir, talskona samtakanna, sagði lögin hafa afar mikilvæga og táknræna þýðingu. „Við hrósum þessari femínísku ríkisstjórn í hástert,“ sagði hún og benti á að skoðanakönnun Capacent frá árinu 2007 hefði sýnt að sjötíu prósent þjóðarinnar væru meðmælt þessari breytingu.

Með þessum lögum urðu Íslendingar þriðja þjóðin til að fara hina svokölluðu sænsku leið. Svíar stigu fyrstir þetta skref og Norðmenn urðu aðrir í röðinni.



Kaup á vændi eru ekki lögleg.

---



Elsku pabbi okkar,
afi, langafi og langalangafi,

**Friðbjörn Gunnlaugsson**

skólastjóri,

verður jarðsettur frá Kópavogskirkju
föstudaginn 27. apríl kl. 13.

**Sveinbjörg Friðbjarnardóttir**
**Gunnlaugur Friðbjarnarson**
**Freyja Friðbjarnardóttir**
**Ása Fönn Friðbjarnardóttir**
**Garðar Sigurvaldason**
**Friðrik Jósafatsson**
**börn, barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Björgvinsson**

Hringbraut 65, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum mánudaginn
16. apríl. Útförin fer fram frá
Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn
7. maí kl. 13.00.

**Fanney Óskarsdóttir**
**Einar P. Guðmundsson** **Lára Halldórsdóttir**
**Óskar H. Guðmundsson** **Berglind Hallmarsdóttir**
**Björgvin S. Guðmundsson** **Þóra Hallgrímsdóttir**
**Sigrún B. Guðmundsdóttir**
**Elín Þ. Guðmundsdóttir**
**Guðmundur F. Guðmundsson** **Kolbrún Magnúsdóttir**
**Klara G. Guðmundsdóttir** **Miles Boarder**
**Sigurður P. Sigmundsson** **Valgerður Heimisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Kærar þakkir sendum við öllum
sem sýndu okkur samúð og vinarþel
við andlát og útför yndislegrar
móður okkar, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

**Margrétar Norland**

**Kristín Norland**
**Jón Norland og Sigríður L. Signarsdóttir**
**Halla Norland**
**barnabörn og langömmubarn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Aðalheiður Dóra Magnúsdóttir**

Nökkvavogi 12, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi
sunnudaginn 15. apríl. Hún verður jarðsungin
frá Langholtskirkju föstudaginn 27. apríl kl. 15.00.

**Sigmar Steinar Ólafsson** **Sigríður Maggý Hansdóttir**
**Halldór Ólafsson** **Lineik Jónsdóttir**
**Ólöf Ragnheiður Ólafsdóttir** **Sigurður Albert Ármannss.**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir til allra þeirra sem
sýndu okkur samúð og hlýhug
við andlát og útför föður okkar,
tengdaföður, afa og langafa,

**Gunnars Bergs Árnasonar**

fyrrverandi kaupmanns.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki
og vistmönnum Sandgerðis, hjúkrunarheimilinu
Lögmannshlíð, fyrir kærleiksríka umönnun og nærveru.

**Erna H. Gunnarsdóttir** **Gunnar M. Guðmundsson**
**Jóhanna A. Gunnarsdóttir** **Vilbergur Kristinsson**
**Guðmundur Ö. Gunnarsson**
**Halldóra K. Gunnarsdóttir** **Árni G. Leósson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og vinarhug vegna andláts
og útfarar ástkærs föður okkar,
tengdaföður og afa,

**Gunnars Kristinssonar**

stýrimanns
frá Dalvík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Eini- og Grenilundar,
dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri.

**Gígja Gunnarsdóttir** **Ólafur Halldórsson**
**Úlfar Gunnarsson** **Vilborg Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, amma
og langamma,

**Sólveig Helga Stefánsdóttir**

lengst af í Drápuhlíð 26, Reykjavík,

lést á Grund föstudaginn 6. apríl.
Jarðarförin fór fram í kyrrþey frá
Dómkirkjunni í Reykjavík 20. apríl. Blóm
vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnast
hennar er bent á Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.
Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug. Einnig þakkir til
starfsfólks Grundar.

**Stefán Friðgeirsson** **Gunnar Friðgeirsson**
**Steinar Jens Friðgeirsson** **Hanna Martína Friðgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Hugheilar þakkir til allra þeirra sem
sýndu okkur samúð og hlýhug við
andlát og útför

**Oddbjargar Á. Jóhannsdóttur Norðmann**

og heiðruðu minningu hennar.

**Sigríður Norðmann**
**Óskar Norðmann**
**Elín Norðmann** **Börkur Hrafnsson**
**Snædís Barkardóttir** **Tinna Barkardóttir**
**Jón Hrafn Barkarson** **Óskar Árni Barkarson**

---



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Stefnir Helgason**

lést 10. apríl.
Útförin fer fram frá
Digraneskirkju 23. apríl kl. 15.

**Birna Stefnisdóttir** **Aðalsteinn Steinþórsson**
**Brynja Sif Stefnisdóttir** **Agnar Strandberg**
**Sigurður Hrafn Stefnisson** **Hekla Ívarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda
samúð, hlýju og stuðning við
andlát okkar ástkæra

**Pálma Ragnarssonar**

frá Garðakoti.

Einnig innilegar þakkir til starfsfólks
heilbrigðisstofnana sem komu að
umönnun í veikindum hans.

**Ása Sigurrós Jakobsdóttir**
**og fjölskylda.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Ása Sigríður Ólafsdóttir**

lést 16. apríl á dvalarheimilinu Höfða,
Akranesi, í faðmi fjölskyldu sinnar.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju
miðvikudaginn 25. apríl klukkan 13.00.

Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast
hennar er bent á styrktarsjóð dvalarheimilisins Höfða.

**Valur Sólberg Gunnarsson**
**Jóhanna Margrét Steindórsdóttir**
**Björn Hilmarsson** **Guðríður Þórðardóttir**
**Auðunn Sólberg Valsson** **Brynja Guðnadóttir**
**Saga Valsdóttir** **Sigurður Arnfjörð**
**Hekla Valsdóttir** **Guðmundur Björnsson**
**Valur Ásberg Valsson** **Friðmey Baldursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Tómas Þórhallsson**

frá Botni í Fjörðum,

til heimilis að Sléttuvegi 23, Reykjavík,
sem lést á heimili sínu miðvikudaginn
11. apríl, verður jarðsunginn frá Áskirkju
þriðjudaginn 24. apríl kl. 13.

**Ragnhildur Pála Tómasdóttir** **Sveinn Áki Sverrisson**
**Guðni Þórhallur Tómasson** **Þórdís Þórðardóttir**
**Guðlaugur Ómar Tómasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún T. Jónsdóttir**

lyfjafræðingur,
Bjarmalandi 21, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þriðjudaginn 10. apríl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 26. apríl klukkan 13.

**Ingólfur Lilliendahl**
**Kristján Lilliendahl** **Guðrún Marinósdóttir**
**Guðný Lilliendahl**
**Kjartan Lilliendahl** **Sigríður Bragadóttir**
**Hörður Lilliendahl** **Elva Bredahl Brynjarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hálfdán Daði Hinriksson**

áður til heimilis að Aðalstræti 13, Ísafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum, Mosfellsbæ, mánudaginn 16 apríl sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 23. apríl kl. 11.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þórir Hálfdánarson**



Ástkær móðir okkar, dóttir, systir og mágkona,

**Þóra Stephensen**

aðstoðarskólastjóri,

sem lést 16. apríl, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 24. apríl kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heilaheill.

**Örvar Andrésson**
**Dagbjört Andrésdóttir**
**Þórir Stephensen** **Dagbjört G. Stephensen**
**Elín Stephensen**
**Ólafur Stephensen** **Ragnheiður D. Agnarsdóttir**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Margret Hákonardóttir**

Kjarrmóa 21, Njarðvík,

lést á Landspítalanum v/Fossvog, mánudaginn 9. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Jónatan Árni Aðalsteinsson**
**Aðalsteinn Hákon Jónatansson** **Kristín Richardsdóttir**
**Davíð Smári Jónatansson** **Vigdís Pétursdóttir**
**Eygló Guðrún Jónatansdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

**Runólfur Þór Jónsson**

búsettur í Svíþjóð,

lést þann 5. apríl síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 24. apríl kl. 13.00.

**Elísabet Bjarnadóttir**
**Bjarni og Óskar**
**og ástvinir.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ólöf Þóranna Hannesdóttir**

frá Neskaupstað,
til heimilis að Boðaþingi 22,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 18. apríl 2018.

**Hanna Sigr. Jósafatsdóttir** **Hannes Fr. Guðmundsson**
**Atli Már Jósafatsson** **Andrea Þormar**
**Karl H. Jósafatsson** **Hrafnhildur Steinarsdóttir**
**Birgir Þór Jósafatsson** **Jóhanna Harðardóttir**
**Smári Jósafatsson**
**Ívar T. Jósafatsson** **Arna Kristjánsdóttir**
**Friðrik Jósafatsson** **Freyja Friðbjarnardóttir**
**og fjölskyldur.**

ÞETTA GERÐIST: 22. APRÍL 1950

# Íslandsklukkan frumsýnd

Þann 22. apríl 1950 var leikritið Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness frumsýnt í Þjóðleikhúsinu.

Verkið var fyrst sett á svið þegar Þjóðleikhúsið var vígt árið 1950 og var sýningin ein af þremur opnunarsýningum leikhússins. Vakti Íslandsklukkan langmesta hrifningu þessara leikrita og var sýnd við gríðarlegar vinsældir allt fram á árið 1952.

Svipmiklar aðalpersónur verksins, Jón Hreggviðsson, Snæfríður Íslandssól og Arnas Arnæus, hafa eignast vissan stað í hjarta Íslendinga. Leikritið var síðar gefið út á bók undir nafninu Snæfríður Íslandssól.





Ástkær eiginkona, dóttir og systir,

**Sigrún Olsen**

listamaður
og stofnandi Lótushúss,

lést miðvikudaginn 18. apríl. Minningarathöfn verður auglýst síðar.

**Þórir Barðdal**
**Lilja Enoksdóttir**

**Linda Olsen**
**Edda Olsen**
**Kjartan Olsen**
**Erna Olsen**



Ástkær bróðir minn,

**Sigurður Árnason**

verslunarmaður,

lést mánudaginn 16. apríl á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Hann verður jarðsungin frá Fossvogskapellu föstudaginn 27. apríl kl. 15.00.

**Árni Jón Árnason**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórólfur Þorsteinsson**

Laugartúni 19a, Svalbarðseyri,

lést á heimili sínu þann 12. apríl. Útför hans fer fram frá Svalbarðskirkju föstudaginn 27. apríl kl. 13.30.

**Anna Jóhannesdóttir**
**Þórdís Þórólfsdóttir** **Þorvaldur Vestmann**
**Árný Sveina Þórólfsdóttir** **Tryggvi Jónsson**
**Eva Dís, Bjarki Þór og Anna Stella**
**Daníel Snær og Ariana Ísis**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts elsku eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Ómars Elíssonar**

Háholti 29, Akranesi.

**Ingibjörg Þorleifsdóttir**
**Guðjón Ómarsson**
**Sigþór Ómarsson** **Ragnheiður Þ. Benediktsdóttir**
**Soffía Ómarsdóttir** **Sigurbjörn Björnsson**
**Grétar Ómarsson** **Halldóra Einarsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær sonur minn og bróðir okkar,

**Draupnir Gestsson**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans þann 13. apríl. Við viljum þakka sérstaklega yndislegu starfsfólki gjörgæsludeildar Landspítalans. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Samhjálp. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þann 25. apríl kl. 15.00.

**Elísabet Hauksdóttir**
**Sigurður Haukur Gestsson** **Auður Jóna Erlingsdóttir**
**Eyrún Sigríður Gestsdóttir** **Gísli Arnarson**
**Gestur Breiðfjörð Gestsson** **Anna María Sigurðardóttir**
**Frændsystkini.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jenni Ragnar Ólason**

Böðvarsgötu 8, Borgarnesi,

verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju, þriðjudaginn 24. apríl kl. 14. Þeim sem vildu minnast hans er bent á að láta Björgunarsveitina Brák í Borgarnesi njóta þess.

**Aðalbjörg (Stella) Ólafsdóttir**
**Áslaug Þorvaldsdóttir**
**Rósa Jennadóttir** **Guðmundur Finnur Guðmundsson**
**Birna Guðrún Jennadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Þökkum hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæra sonar, föður, tengdaföður, afa og fyrrverandi sambýlismanns,

**Arnar Guðmundssonar**

stýrimanns.

**Helga Hermóðsdóttir**
**Guðný Arnardóttir** **Ragnar Logi Magnason**
**Jóhanna Hrefna Hólmsteinsdóttir og afabörnin**
**Elvar Örn, Jóhann Hrafn, Katrín María og Íris María**



Minningarathöfn um dóttur okkar og systur,

**Elínu Örnu Bogadóttur**

sem lést í Lundi 16. mars sl.,

verður haldin í Árbæjarkirkju fimmtudaginn 26. apríl kl. 13.

**Margrét, Bogi og Einar Kári**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur J. Jóhannesson**

Hólabraut 25, Skagaströnd,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 17. apríl sl. Útför hans fer fram frá Hólaneskirkju á Skagaströnd fimmtudaginn 3. maí kl. 14.00.

**Lárus Ægir Guðmundsson**
**Helga J. Guðmundsdóttir** **Eðvarð Hallgrímsson**
**Guðmundur Guðmundsson** **Sigurlaug Magnúsdóttir**
**Ingibergur Guðmundsson** **Signý Ósk Richter**
**Karl Guðmundsson**
**Lára Guðmundsdóttir** **Gunnar Svanlaugsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðríður Una Valdimarsdóttir**

frá Skagaströnd,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 1. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Jóh. Margrét Guðlaugsdóttir** **Hannes Hákonarson**
**Magnús V. Guðlaugsson** **Margrét Bárðardóttir**
**Smári Jón Guðlaugsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

markhönnun ehf

# netto

# GRILLSUMARIÐ 2018 er hafið!



-31%

GRÍSALUNDIR
NEW YORK
1.793 KR/KG
KJARNAFÆÐI
~~ÁÐUR: 2.598 KR/KG~~



Upprunamerkt frá Fjallalambi

FJALLALAMB KÓPASKERI

FRAMPARTUR
GRILLSAGAÐUR
797 KR/KG
~~ÁÐUR: 1.398 KR/KG~~

-43%



GOÐI

GRÍSARIF
BABY BACK
1.199 KR/KG
~~ÁÐUR: 1.998 KR/KG~~

-40%



GOÐI

GRÍSAKÓTILETTUR
REYKTAR &
HUNANGSGLJÁÐAR
1.874 KR/KG
~~ÁÐUR: 2.498 KR/KG~~

-25%



MELÓNA
CANTALOUP
179 KR/KG
~~ÁÐUR: 358 KR/KG~~

-50%

Opal Seafood



FJALLABLEIKJA
M/HUNANGSSÓSU
2.686 KR/KG
~~ÁÐUR: 3.198 KR/KG~~




KS

HELGUSTEIK
Í ESJUMARINERINGU
1.665 KR/KG
~~ÁÐUR: 3.329 KR/KG~~

-50%



NAUTA MÍNÚTUSTEIK
FERSKT
2.583 KR/KG
~~ÁÐUR: 3.798 KR/KG~~

-32%

Opal Seafood



LAXABITAR
180 GR. FROSIÐ.
398 KR/PK
~~ÁÐUR: 468 KR/PK~~

*Fljótlegt & þægilegt!*



KJÖTBORÐ

LAMBAFRAMHRYGGJASNEIÐAR
1.749 KR/KG
~~ÁÐUR: 2.498 KR/KG~~

-30%




HEIMARÉTTIR
TANDOORI LAMB
2.099 KR/PK
~~ÁÐUR: 2.998 KR/PK~~

-30%



HAFIÐ

PLOKKFISKUR
1.189 KR/KG
~~ÁÐUR: 1.698 KR/KG~~

-30%

netto Á NETINU

**Tilboðin gilda 18. - 22. apríl 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

www.netto.is

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**UTANLANDSFERÐ**



**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem vonandi reynist mikil þörf fyrir í sumar (12). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 27. apríl næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „21. apríl".



FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Súrkál fyrir sælkera** eftir **Dagnýju Hermannsdóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Þorbjörg Halldórsdóttir, Reykjavík**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Veiðivörðurinn er eins og amerísk spítalasápa (11)
**11** Hin óðu ræða tapið og svívirðuna sem því fylgir (10)
**12** Finn naglakrydd piparkorns meðal allrahanda krydds (11)
**13** Ræðuleggur er gott númer (10)
**14** Ræktum eftirmynd Adda úr sporum háloftakonungsins (11)
**15** Tel það þér að þakka, Karl, að ég er ríkur (10)
**16** Bilun heima hjá einni klaufskri (9)
**17** Sérstök stofa fyrir deyjandi stétt? (12)
**21** Það sem jafnast er að vætu er strangast (9)
**25** Blæs smáræði í hró fyrir senjóritur (12)
**27** Hnappaskeifur ganga best í boltanum (9)
**29** Víst hef ég nartað í mjúka lund; skítt með móralinn (13)
**30** Láréttar leita þær yfirborðs sjávar (9)
**31** Hyggjubyggið er fínt í óvitlausa brauðið? (11)
**33** Enskuskotin sýning á Strikinu á skipinu (10)
**34** Sjór hélt kút á floti ef kantar leyfðu (11)
**38** Kasta kjánum á bálið, til þess er það! (10)
**41** Vilji maður breiða e-ð út, þá er þetta hljóðfærið (6)
**42** Þau sem þrá fyrsta sætið þurfa svona (10)
**43** Óaði oss þá við ljóðum? (6)
**44** Uppruni Arnar er meðal fjölhaga í músíkbransanum (6)

### LÓÐRÉTT

**1** Ranglega beygðir bændur reykja meðal rangnefndra blóma (9)
**2** Fljót renna um göngin og baða heilu kynslóðirnar (9)
**3** Hefur hóp 1 á herðar sér milli liðamóta (9)
**4** Hin tveggja feta frænka þorsksins er eldisfiskur (9)
**5** Vinnulína ákveðinna tæfa (6)
**6** Fyrst kemur númer tvö, svo það sem er stærst (8)
**7** Beini anda dýpra í heim súbjektífra pælinga (8)
**8** Biður bláskel forláts á því, að allt er stopp? (8)
**9** Stokka AA upp, svo kemur eftirréttur (8)
**10** Suðu naut í uppnámi og hypjuðu sig svo (8)
**17** Spörvar leita hálfgresis (6)
**18** Hér er mjó kisa ringlaðs Danaprins (7)
**19** Tel þetta yfirbragð glæpa geta leitt til ósamræmis (9)
**20** Slútta með öftustu trillum úr eftirleik (9)
**22** Málnyt klóunganna er herramannsspónamatur (12)
**23** Segja sauðdrukkna seka (9)
**24** Ekki eru þær nú allar svona sléttar og felldar (9)
**26** Rið mun riða úr því þú gerðir það (7)
**28** Einhvern kjaft, bara ekki þennan, svona skáldaðan (7)
**31** Kannast við krá sem selur Gleymérei (7)
**32** Af kreppu klukkna og kynjadýra (7)
**35** Mun þá skarka milli skerja (5)
**36** Eflir borða í uppnámi (5)
**37** Í heildina er hann alveg líflaus (5)
**39** Mamma Egils mun halda þessu uppi (4)
**40** Bróðir Ídu fór á Evrópumótið í Róm '49 (4)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 8 | | | | 1 | |
| | 8 | 3 | | | 6 | | 5 | 9 |
| | | | | 3 | | | | |
| | | 8 | | 4 | | 1 | | |
| | 4 | | 9 | 7 | | 5 | | |
| 3 | 5 | | 6 | 2 | | 8 | | 4 |
| | 9 | 4 | | | 7 | | | 5 |
| 1 | 7 | | 3 | | | | | 6 |
| 2 | | | 4 | | 9 | 7 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 4 | | 1 | 2 | | 3 |
| 8 | | 2 | | | | | 5 | |
| | 6 | | 5 | | | | 9 | |
| | | | | 3 | 5 | | | |
| | 8 | 1 | | 9 | | 5 | 3 | |
| | | | 7 | 8 | | | | 1 |
| 6 | | 7 | | | 9 | | | |
| 3 | | | | | | | 6 | |
| | 1 | | 2 | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | 5 | 6 | | | |
| | | 6 | 7 | 8 | | 2 | | |
| | | 5 | | | | | | |
| | | | | 2 | | 6 | | |
| 2 | | 4 | | | 3 | | 8 | |
| | | | 5 | 4 | | 9 | | 1 |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | 6 | | 4 | 9 | | | | |
| 4 | | | 6 | | | | 9 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 | 8 | 6 |
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 8 | 2 | 9 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 6 | 9 | 2 | 7 | 5 | 1 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 1 | 7 | 8 | 2 | 3 | 9 | 4 | 5 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 4 | 8 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 9 | 2 | 4 |
| 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 |
| 4 | 3 | 2 | 5 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 |
| 5 | 7 | 6 | 2 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 8 | 3 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 |
| 3 | 9 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 2 |
| 2 | 6 | 4 | 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 7 | 9 | 6 | 3 | 4 | 2 | 5 |
| 9 | 5 | 2 | 4 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 3 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 | 7 | 8 | 9 |
| 1 | 4 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 5 | 2 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 1 | 9 | 4 |
| 5 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 2 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 4 | 8 |
| 6 | 9 | 8 | 7 | 4 | 2 | 5 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 9 | 2 | 7 | 6 |

## Skák Gunnar Björnsson



Sigurður Daði Sigfússon (2.228) átti leik gegn Halldóri Brynjari Halldórssyni (2.253) á Íslandsmóti skákfélaga.

**Hvítur á leik**

**12. Bxg6! fxg6 13. Hxg6 Rf5** (13.…Kf7 14. Bxh6!) **14. Hxe6+ Kf7 15. Rxd5!** og hvítur vann skömmu síðar. Ofurmótið í Shamkir byrjar róglega og mikið af jafnteflum.

**www.skak.is:** Bandaríska meistaramótið.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### BYRJUNIN

Úrslit Íslandsmótsins í sveitakeppni fara fram í sal FÍ í Mörkinni 6. Úrslitin hófust um morguninn á fimmtudaginn 19. apríl og spila 12 sveitir til úrslita í raðkeppni, allar við alla. Úrslit fjögurra efstu sveita verða spiluð á sunnudaginn 22. apríl. Það kemur lítið á óvart að sveit Hótels Hamars er í forystu þegar þessi orð eru skrifuð í upphafi þriðju umferðar. Sveit Hótels Hamars var með tæplega 43 stig en sveit Logoflex var í öðru sætinu með tæp 39 stig. Í þriðju umferð mættust sveitir J.E. Skjanna og Grants Thornton. Spil 4 í leiknum var merkilegt. Öllu máli skipti hvernig vestur meðhöndlaði sterka hönd sína. Vestur var gjafari og allir á hættu.

**Norður**
♠ Á32
♥ 964
♦ DG73
♣ G74

**Vestur**
♠ G
♥ ÁKG3
♦ ÁK8
♣ ÁK863

**Austur**
♠ 10864
♥ 872
♦ 1098642
♣ -

**Suður**
♠ KD975
♥ D105
♦ -
♣ D10952

Guðmundur Páll Arnarson í sveit J.E. Skjanna, í opnum sal, ákvað að opna á eðlilegu einu laufi. Sú sögn var pössuð yfir til Þrastar Ingimarssonar í suður sem ákvað að passa eftir langa umhugsun. Guðmundur náði að skrapa heim 7 slögum í þeim samningi eftir vandaða spilamennsku. Guðmundur Snorrason í sveit Grants Thornton opnaði á alkröfusögninni 2 ♣ á vesturhöndina. Eftir 4 sagnhringi og mikla sagnbaráttu enduðu sagnir í 5 ♦ í austur. Sá samningur er vænn til vinnings en vegna slæmrar legu í tromplitnum fékk vörnin 3 slagi. Það táknaði 5 impa gróða til sveitar J.E. Skjanna.



# FERMINGARGJÖF
FYRIR FRAMTÍÐINA

Canon




### MIKLU MEIRI MYNDGÆÐI EN Í SNJALLSÍMANUM

**EOS M100 m/15-45mm linsu**
Wi-Fi og Bluetooth, 24.2 megapixla,
Full HD 60p vídeó.
Verð: 79.900 kr.
Tilboðsverð: **69.900 kr.**

SONY



### STUÐNINGUR VIÐ NETFLIX OG YOUTUBE

**XE70 49" snjallsjónvarp**
4K upplausn með HDR, X-Reality PRO
örgjörvi, Motionflow XR 400Hz.
Verð: 119.990 kr.
Tilboðsverð: **99.990 kr.**

BOSE



### FER MEÐ TÓNLISTINA HVERT SEM ER

**SoundLink Micro hátalari**
Fullkominn í ferðalagið, vatnsheldur
með Bluetooth.
Verð: 15.900 kr.
Tilboðsverð: **12.900 kr.**

Lenovo



### NÚ FÆRIST FJÖR Í LEIKINN

**Legion Y520 leikjatölva**
Ótrúleg afköst og hljómburður.
4 kjarna i7, 16GB, 1.5TB, GTX1050i.
Verð: **219.900 kr.**

BOSE



### UPPLIFÐU BOSE GÆÐI

**AE2 Bluetooth**
Þráðlaus heyrnartól með frábærum
hljómgæðum.
Verð: 29.900 kr.
Tilboðsverð: **24.900 kr.**

Lenovo



### ÖFLUG VÉL HAGSTÆTT VERÐ

**Legion Y520T leikjatölva**
Nóg gagnapláss og öflugt GTX1060
leikjakort. 6 kjarna i5, 16GB, 1.2TB.
Verð: **174.900 kr.**

Borgartúni 37, Reykjavík • Kaupangi, Akureyri • **netverslun.is**

origo

# KRAKKAR



## Konráð og félagar á ferð og flugi 298



Getur þú hjálpað þeim að komast í gegnum völundarhúsið?

„Þar fór í verra,“ sagði Konráð. „Okkur liggur á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst.“ Hann dæsti og bætti við vonsvikinn: „Við verðum of sein.“ „Of sein, of sein,“ sagði Kata pirruð. „Hvað gerir til að vera aðeins of sein?“ bætti hún við. En Lísaloppa og Konráð voru ekki sammála. Þau vildu mæta á réttum tíma.

## Listaverkið

Logi Þór teiknar svaðalega bíræfinn þjóf sem rænir gulli og seðlum úr banka.






Litli bróðir er í algjöru uppáhaldi hjá Rakel Ölbu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Skemmtilegast að fara í ísbúðina

**Rakel Alba Mikaelsdóttir** kann skemmtilega brandara, stundar fimleika og syngur í stúlknakór. Hana langar mikið í naggrís fyrir gæludýr og elskar litla bróður sinn, Eirík Elía.

**Nafn:** Rakel Alba Mikaelsdóttir.

**Hvað ertu gömul?** Fimm ára, en verð sex ára 10. september.

**Ertu í skóla?** Nei, leikskóla. Hann heitir Laugasól.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Fara í rennibraut, róla mér og leika við vinkonur mínar. Og fara í ísbúðina.

**Ertu að æfa eitthvað í tómstundum?** Fimleika og í kór sem heitir Stúlknakór Reykjavíkur. Bráðum fer ég að syngja í Hörpu.

**Hvað er uppáhaldsbókin þín?** Krakkarnir í Kátugötu.

**En hvað finnst þér skemmtilegt að gera með mömmu og pabba?** Fara í heimsókn til Söndru og Kötu, sem eru frænkur mínar. Þær eru unglingar. Nema Kata, hún er bara tíu ára.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Píta og lasagna og pasta í sósu.

**Áttu systkini?** Já, eitt lítið sem er tveggja ára og heitir Eiríkur Elía. Hann er mjög sætur og ég elska hann.

**Áttu gæludýr?** Nei, en mig langar í naggrís.

**Kanntu brandara?** Já, einu sinni var tómatur sem labbaði yfir götu, kom bíll og sagði:
– Hvaða herra tómatur er þetta?
– Ég er bara kúkur.
Svo labbaði tómaturinn yfir götuna og hitti páskakanínuna.

**Hvert er uppáhaldslagið þitt?** Gold Digger í Eurovision. (Byrjar að syngja það.)

**Hvaða litur finnst þér fallegastur?** Blár og grænn.

# GÓÐAR BÆKUR, GÓÐAR STUNDIR










Dagar höfnunar
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-

Sólsetursvatnið
VILDARVERÐ: 2.599.-
Verð: 2.899.-







Hin órólegu
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-

Fléttan
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-

Týnda systirin
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-













Síðasti úlfurinn
VILDARVERÐ: 2.599.-
Verð: 2.899.-

Fyir fallið
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-

Það sem að baki býr
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-

Um harðstjórn
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 23. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## Veðurspá Laugardagur




Hæg norðlæg eða breytileg átt í dag. Dálítil væta norðanlands, einkum með ströndinni, en stöku skúrir um sunnanvert landið. Hiti víða 5 til 10 stig að deginum.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 16° | Oslo 15° | Stokkhólmur 15° | Gautaborg 12° | Helsinki 13° | Þórshöfn 7° | Nuuk -2° |
| London 22° | Amsterdam 18° | París 25° | Berlín 19° | Madríd 20° | Brussel 20° | Róm 24° |
| Boston 4° | New York 4° | Orlando 21° | Moskva 16° | Singapúr 27° | Tókýó 15° | Sydney 18° |

MJÚKIR OG ÞÆGILEGIR LEÐURSKÓR FRÁ FLEX&GO



5 fallegir litir
Stærðir 35-42
Verð 12.995

FLEX&GO
skórnir þínir
SMÁRALIND • 2 HÆÐ
www.skornirthinir.is

HITACHI SKJÁVARPAR Í MIKLU ÚRVALI



OG BÚNAÐUR SEM LÆTUR ÞIG LÍTA VEL ÚT Á FUNDUM

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á EXTON.IS

EXTON Ljós - Hljóð - Mynd

## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 8° ↙6 | 6° ↓3 | 6° ↖4 | 5° ↘3 | 2° ↘7 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -0° ←6 | -2° ←8 | -2° ←8 | -1° ←7 | 0° →4 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° ↙6 | -1° ↙3 | 1° ←4 | 0° ↓3 | -0° ↘2 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 0° ↓12 | -0° ↓6 | -1° ↓3 | 1° ↓4 | -1° ↘5 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 7° ↗3 | 6° ↑3 | 4° ←9 | 5° ↑2 | 3° ←6 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.




## Fréttablaðið.is - stendur undir nafni

**FRÉTTABLAÐIÐ.IS** **FRÉTTABLAÐIÐ APP** **FRÉTTABLAÐIÐ**

# Við erum öll villimenn

**Ný ljóðabók Þórunnar Jörlu Valdimarsdóttur er innblásin af dvöl hennar og manns hennar í París vorið 2013. Ljóðum og myndum er stillt saman.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Þetta er bók um listsköpun okkar Eggerts þar sem ég stilli saman texta mínum og ljósmyndum hans og svo eru þarna líka nokkrar teikningar eftir mig," segir Þórunn Jarla Valdimarsdóttir um nýja ljóðabók sína, Villimaður í París. Ljóðin eru innblásin af dvöl Þórunnar og manns hennar, Eggerts Þórs Bernharðssonar, í París vorið 2013. Eggert, sem var sagnfræðingur og háskólaprófessor, lést ári síðar.

„Þessi ljóðabók er saga um dvöl og Eggert skráði ferðina myndrænt. Það dýpkaði minninguna mikið að vinna með myndirnar hans," segir Þórunn. Hún er spurð hvort vinnan við bókina hafi að hluta til verið leið til að takast á við sorgina. „Já, þá voru nokkur misseri liðin og sárið byrjað að gróa," segir hún. „Ég fór að hugsa um það um daginn að ég hefði fyrst eftir missinn verið eins og hálf melóna, alveg húðlaus. Við Eggert vorum hjón í 34 ár og grerum auðvitað saman. Það stillti sjálfsmeðaumkun mína niður að líta til móðurömmu minnar, mömmu og fleiri náinna kvenna og sjá að þær höfðu hlotið miklu grimmari örlög en ég. Samanburðurinn bjargaði mér. Þakklæti var mér efst í huga og sorg verður maður að þola. Sorgin gleymir engum, eins og segir í Þjóðvísu Tómasar Guðmundssonar."



**„Bók um listsköpun okkar Eggerts," segir Þórunn.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Þora

**góni á mannsamlokur**
**og stakar sneiðar**
**hér í háborg rómantíkur**

**hjartað býr ekki eitt í helli sínum**
**heldur með öllum sem elska það**

**gráðugt og einmana**
**hoppar það í úlfagryfjuna**

**óró sjatnar**
**nýtt hjarta vex**

**hjörtu fjölga sér**
**– sem betur fer**

### Auðmýkt í París

Í Parísarferðinni árið 2013 dvöldu hjónin í Kjarvalsstofu í hjarta borgarinnar. „Það var dásamlegt að fá að vera í tvo mánuði við Signubakka," segir Þórunn, „þótt við værum auðvitað að vinna. Ég skrifaði hjá mér hughrif og gat seinna sest við að krota upp úr þeim brotum, endurlifa atburði og baka og hnoða, með hjálp myndanna varð úr heilmikill pakki. Eggert tók ljósmyndir hvert sem hann fór og dundaði sér við það á kvöldin að búa til myndabækur sem Pixel prentaði. Það er óskaplega mikilvægt að hafa myndir þegar maður er að segja ferðasögu.

Þórunn er spurð út í titil bókarinnar, Villimaður í París. „Í menntaskóla sat ég í máladeild og lærði frönsku í fjögur ár og auðvitað dreymdi mig um að fara til Parísar. Við erum öll villimenn, miðað við siðfágun Parísar. Titillinn er grín með það," segir hún. „París er þessi gamla, fína menningarmiðja heimsins. Borg sem á sér mikla sögu. Maður fer auðmjúkur þangað því hún gaf okkur ótalmargt af því sem tilheyrir vestrænni menningu."

## Kær leikur

**Þú ert koddinn milli fóta minna**
**þú ert sængin sem faðmar mig**

**tíminn er ekki til**

### Erlendir höfundar glóa

Þórunn snýr talinu síðan að launasjóði rithöfunda og skálda hér á landi og segir: „Þvílík náð er það að fá laun til að skrifa. Erlendir kollegar góla þegar ég segi þeim að við fáum laun til að skrifa bækur. Gleymum ekki heldur að menntun hér er án teljandi skólagjalda og við höfum aðgang að námslánum. Það eru forréttindi að búa í svona samfélagi, annars hefði ég ekki skrifað staf, ég er ekki ein þeirra sem ráða við að skapa að loknum vinnudegi. Núna ríkir fögnuður, því útgáfa örtungu berst í bökkum, og öllu skiptir fyrir budduna að afnema á bókaskattinn á næsta ári. Það eru bjartir tímar fram undan í bókheimum."



Við getum létt undir

Umönnun foreldra er gefandi en getur tekið á vegna annríkis í daglegu lífi.
Við getum létt undir með sveigjanlegri aðstoð á heimilinu og ráðgjöf.

- Heimahreyfing – sérsniðin styrktarþjálfun
- Aðstoð við böðun
- Innlit
- Viðvera
- Aðstoð við heimilishald
- Útréttingar og bæjarferðir



Persónuleg og sveigjanleg þjónusta

Hjúkrunarfræðingur kemur heim og saman finnum við þjónustuúrræði fyrir þínar þarfir. Fyrsta heimsókn án skuldbindingar og kostnaðar.

Sóltún HEIMA
Heilsa • Vellíðan • Daglegt líf

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
Sími 563 1400
soltunheima@soltunheima.is
www.soltunheima.is

PORT hönnun

# Vorinu fagnað í Kristskirkju

**TÓNLIST**

★★★★☆

**Steingrímur Þórhallsson: Harpa kveður dyra, tólf blik og tónar við ljóð Snorra Hjartarsonar. Kór Neskirkju söng, Steingrímur Þórhallsson stjórnaði.**

**Kristskirkja miðvikudaginn 18. apríl**



**Styrkur Steingríms fólst m.a. í laglínunum, segir í dómi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég er komin með vorið til þín, vaknaðu og sjáðu.“ Þessa setningu var að finna í kórverki eftir Steingrím Þórhallsson sem ber nafnið Harpa kveður dyra, tólf blik og tónar við ljóð Snorra Hjartarsonar. Það var frumflutt í Kristskirkju á miðvikudagskvöldið. Kór Neskirkju söng, en Steingrímur er stjórnandi kórsins.

Ljóð Snorra (1906-1986) hafa sjaldan verið tónsett, sem er furðulegt, því þetta eru magnaðar náttúrustemningar. Þau sem hér heyrðust voru tólf talsins og var raðað þannig að þau fóru með mann í ferðalag úr myrkri og drunga yfir í ljós og birtu. Verkið var enda flutt síðasta vetrardag.

Tónlistin var falleg. Hún byggðist á þeirri klassísku aðferð að undirstrika merkingu hverrar ljóðahendingar með tónrænu líkingamáli. Bach var meistari í þessu, en táknfræðin í stóru trúarlegu tónsmíðunum hans er ótrúlega margslungin. Seinni tíma tónskáld hafa því miður oft fallið í gryfju tilgerðar, nánast eins og þau séu að troða meiningu viðkomandi ljóðs ofan í tónleikagesti. Sú var aldrei raunin á tónleikunum á miðvikudagskvöldið.

Styrkur Steingríms fólst m.a. í laglínunum. Þær voru einstaklega hrífandi. Vissulega voru þarna alls konar myndræn stílbrögð líka; nefna má þegar skáldið bað sólina um að vefja „hlýjum heiðum örmum um hug“ sér, og tónmálið varð þétt, langar hendingar vöfðu sig saman. Þetta var þó ekki banalt, melódíurnar og táknmálið mynduðu þvert á móti kraftmikla heild sem var ávallt eðlileg og blátt áfram.

Steingrímur var óhræddur við einfaldleikann. Sum ljóðin fengu að flæða án endurtekninga, fábrotnum valstakti brá meira að segja fyrir í byrjun. Valsinn var viðeigandi fyrir upphaf ferðalagsins; það voru lítil, óheft skref sem urðu fljótlega að erfiðri göngu um myrkrið. Er það gerðist varð flókinn hljómagangur og röddun áberandi. Einfaldleikinn kom samt aftur í lokin í kraftmiklu lagi þar sem vorinu var fagnað og hrynjandin var í aðalhlutverki. Lokalagið hefði að ósekju mátt vera lengra, e.t.v. með einhvers konar aðdraganda, enda hápunktur verksins. Maður vildi meira!

Tónlistarflutningurinn var glæsilegur. Kórinn söng a capella, þ.e. án undirleiks, ef frá er talin tambúrína, handtromma með bjöllum, sem notuð var til að skreyta síðasta lagið. Kórsöngurinn var þéttur, toppraddirnar voru prýðilega mótaðar og innraddirnar yfirleitt nákvæmar; bassinn vel framsettur. Ég hef litið heyrt eftir Steingrím hingað til; spennandi verður að fylgjast með honum í framtíðinni.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Falleg tónsmíð, falleg ljóð, fallegur söngur.


MAK
MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR

## Hljóðfæraleikarar

**Menningarfélag Akureyrar óskar eftir hljóðfæraleikurum á samning til eins árs vegna dagskrár Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og SinfoniaNord starfsárið 2018-2019.**

Um er að ræða verkefnaráðningu við hljóðfæraleik á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands á starfsárinu 2018 -2019 og verkefni undir merkjum SinfoniaNord, sem felast í upptökum á sinfónískri kvikmyndatónlist, sinfónískri þjónustu til viðburðarhaldara, hljómsveita, tónskálda og upptökustjóra. Umfang samnings fer eftir fjölda og eðli verkefna. Laun eru eftir kjarasamningum Félags Íslenskra Hljómlistarmanna (FÍH) við Menningarfélag Akureyrar (MAk).

Umsækjendur skulu hafa háskólamenntun í tónlist en þurfa einnig að undirgangast áheyrnarprufu. Hljóðfæraleikarar sem unnið hafa samtals 30 þjónustur á síðustu tveimur starfsárum með Sinfóníuhljómsveit Íslands eða aðrar sambærilegar hljómsveitir þurfa ekki að undirgangast áheyrnarprufu. Áheyrnarprufur fara fram í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri og í Hörpu í Reykjavík. Tilhögun þeirra verður kynnt síðar.

Við mat á umsækjendum verður meðal annars horft til frammistöðu í áheyrnarprufu, tónleikareynslu almennt og þátttöku í verkefnum SN undanfarin tvö starfsár.

Umsóknarfrestur er til 1. júní 2018. Fyrirspurnir og umsóknir skulu sendar til *SinfoniaNord@mak.is*. Ekki eru sérstök umsóknarblöð.

Öllum umsóknum verður svarað innan sex vikna.

## Musicians

**The Akureyri Culture Society is looking to hire instrumentalists on a one-year contract, based on projects that will be taken on by the North Iceland Symphonic Orchestra and SinfoniaNord in the work year 2018-2019.**

This is a project-based contract for instrumentalists who will take part in concerts given by the North Iceland Symphonic Orchestra in the work year 2018-2019 as well as in SinfoniaNord's projects, which include recordings of symphonic film scores and symphonic services for event managers, orchestras, composers and recording managers. The extent of the contract depends on the number and nature of projects. The salary follows the collective agreement of the Icelandic Musicians Union (FÍH) with the Akureyri Culture Society (MAk).

Applicants should have a university degree in music and they will also have to audition. Instrumentalists who have over the last two work years worked on a total of 30 projects with the Iceland Symphony Orchestra, or comparable orchestras, are exempt from auditions. The auditions will be held in Hof in Akureyri and Harpa in Reykjavik. Further details on their arrangement will be presented later.

Applicants will be assessed on e.g. their performance in the auditions, their concert experience, and their participation in SinfoniaNord's projects over the last two work years.

The deadline for appications is June 1, 2018. Queries and applications should be sent to *SinfoniaNord@mak.is*. There are no special forms for applications.

All applications will be responded to within six weeks.

Menningarfélag Akureyrar | Strandgötu 12 | Akureyri | 450 1000 | mak.is

















**Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir sýnir á Mokka kaffi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 21. APRÍL 2018

### Tónlist

**Hvað?** Charles Ross gefur út „Stórval“
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Austurlenska kammersveitin Stelkur (frá Eiðum/Egilsstöðum og nágrenni) heldur útgáfutónleika vegna útgáfu plötunnar Stórval með samnefndu verki eftir Charles Ross. Tónleikarnir fara fram í Árbæjarsafni og er aðgangur ókeypis. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00. Útgáfufélagið Traktorinn gefur út.

**Hvað?** A brief musical history of time
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
A brief musical history of time er viðburður þar sem tónlist og eðlisfræði fléttast saman. Fjallað verður um svarthol, Stephen Hawking, sporbrautir, Miklahvell og fleira undir tónlist hollensku sveitarinnar Red Panel sem sér um að mynda stemninguna með tilraunakenndu syntha-poppi.

**Hvað?** Madison Diocesan Choir
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Kórinn Madison Diocesan Choir frá Wisconsin í Bandaríkjunum syngur í Fríkirkjunni. Þjóðlög, sálmar og margt fleira á dagskránni.

### Viðburðir

**Hvað?** Dansleikur
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Danshöllin, Drafnarfelli 2
Hljómsveitirnar Combo Smárinn, Vitatorgsbandið og Léttsveit Harmonikufélags Reykjavíkur leika fyrir dansi í Danshöllinni í kvöld. Aðgangseyrir kr. 1.500. Allir velkomnir meðan húsrými leyfir. Sjáumst hress og kát

**Hvað?** Landssamtök hjólreiðamanna bjóða í hjólaferð að skoða þrengdar norður-suðurgötur í Reykjavík
**Hvenær?** 10.15
**Hvar?** Frá Hlemmi
Undanfarna tvo áratugi hafa nokkrar götur í norður-suðurstefnu í Reykjavík verið þrengdar til að bæta umferðaröryggi. Í hjólaferðinni ætlum við að skoða þessar götur og pæla í hvernig til hefur tekist. Meðal annars skoðum við Grensásveginn.

### Sýningar

**Hvað?** Opnun – Síðasti séns
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Ketilhúsið, Listasafninu á Akureyri
Í dag verður opnuð sýning á lokaverkefnum nemenda listnáms- og hönnunarbrautar VMA, Síðasti séns, í Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi.



**Fjallað er um Stephen Hawking og fleira undir syntha-poppi á Mengi í kvöld.**




BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Doktor Proktor & Tímabaðkarið | 14:00, 18:30 |
| Doktor Proktor & Prumpuduftið | 14:00, 18:00 |
| Princess Mononoke | 16:00 |
| Kiwi & Strit | 16:00 |
| Loving Vincent | 18:30 |
| A Gentle Creature | 20:15, 23:00 |
| Cicha Noc ENG SUB | 20:15 |
| Adam | 20:00 |
| Pitbull Ostatni | 22:15 |
| Hleyptu Sól í hjartað | 22:00 |



# Sunnudagur

## 22. APRÍL 2018

### Tónlist

**Hvað?** Lokatónleikar – Söngsteypan
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bryggjan Brugghús, Grandagarði
Í kvöld verða lokatónleikar Söngsteypunnar á Bryggjunni Brugghúsi klukkan 21.00. Söngsteypan er hópur söngvara sem hafa í vetur verið að þróast sem tónlistarmenn og koma hér fram með afrakstur vetrarins, frumsamin lög í bland við annað efni.

### Viðburðir

**Hvað?** Útileikir á Árbæjarsafni
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Farið verður í fjöruga og skemmtilega útileiki á torgi Árbæjarsafns á laugardag og sunnudag milli kl. 13 og 16 í tilefni af Barnamenningarhátíð. Leikjunum er stjórnað af vönu fólki og allir geta tekið þátt – börn og fullorðnir! Ókeypis aðgangur fyrir fullorðna í fylgd með börnum inn á safnið.

**Hvað?** Adam
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Myndin gerist í listamannahverfinu Neuköln í Berlín, þar sem hinn ungi Adam stendur frammi fyrir erfiðustu ákvörðun lífs síns þegar móður hans, alkóhólsjúkri teknótónlistarkonu, er komið fyrir á stofnun.

### Sýningar

**Hvað?** Mokkaland
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Mokka-Kaffi
Myndlistarsýning Lóu Hlínar Hjálmtýsdóttur „Mokkaland“ er nú í gangi á Mokka. Andvaka, þunglynt, öfundsjúkt eða dautt fólk flækist um í litríkum heimi. Tilgangsleysið er algjört og hvorki ástin né ríkidæmi geta bjargað þeim.

**Hvað?** Leiðsögn listamanns: Hrafnhildur Arnardóttir / Shoplifter
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Ásmundarsafn
Verk Hrafnhildar Arnardóttur / Shoplifter eru allt í senn rómantísk, kjánaleg, fyndin og falleg. Hún hefur leikið sér með andstæður, fínlega efnisnotkun og handverk ásamt ofhlæði og afkáraleika. Árið 2018 eru fyrirhugaðar fjórar innrásir inn í sýninguna List fyrir fólkið í Ásmundarsafni, þar sem völdum verkum Ásmundar Sveinssonar er skipt út fyrir verk starfandi listamanna.

**Hvað?** Myrkraverk: Leiðsögn sýningarstjóra
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Leiðsögn um sýninguna Myrkraverk með Markúsi Þór Andréssyni sýningarstjóra.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

# Glænýtt ofurgruggslímsband

Horrible Youth nefnist ný gruggslímshljómsveit sem spilar í fyrsta sinn opinberlega í kvöld á Gauknum. Hljómsveitin er stofnuð af Gústa, Ágústi Bent sem áður var í hljómsveitinni Hooker Swing, þegar hann sat heima hjá sér í stofunni í Drammen í Noregi.

Hann tók upp nokkra tóna og sendi yfir hafið til Íslands. Tónarnir urðu fleiri og dæmið byrjaði að vinda upp á sig. Nú er búið að mynda hljómsveit og í dag á að telja í. Auk Ágústar er Magnús Leifur, sem áður spilaði í Úlpu, Frosti Gringó úr Legend, Helgi Rúnar sem spilaði með Benny Crespo's Gang og Hálfdán Árni úr Himbrima.

Stefnan er sett á plötu sem verður tekin upp annars vegar í Noregi og hins vegar Íslandi. „Frumlegt ferli sem kemur svona líka skemmtilega út,“ segir Magnús Leifur.

Húsið verður opnað klukkan 21 og munu Pink Street Boys hita upp. – bb



Strákarnir voru samankomnir að telja í nokkra tóna.

RISA LAGERSALA
NTC
GLÆSIBÆR
(áður Útilíf)
ALLRA SÍÐASTI SÉNS!
LOKAHELGI
BUXNASPRENGJA
GALLABUXUR ÁÐUR 12.995 - 24.995 | NÚ FRÁ : 3.000 - 5.000 KR.
ÓTRÚLEGA FLOTT ÚRVAL AF GÓÐUM BUXUM Í ÖLLUM STÆRÐUM!
OPIÐ LAUGARDAG & SUNNUDAG FRÁ 11-18
Kultur galleri sautján eva focus gs skór FLÓ & FRANSÍ COMPANYS GK REYKJAVIK SMASH KARAKTER KONUR URBAN Kultur menn
ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR
HERRA- OG DÖMUFATNAÐUR
JAKKAFÖT - HERRASKYRTUR - STAKIR JAKKAR- KJÓLAR MIKIÐ ÚRVAL
GALLABUXUR - TOPPAR - ÚLPUR OG ULLARKÁPUR - FÍNNI BUXUR
... RISASTÓR SKÓDEILD!
YFIR 100 VINSÆL VÖRUMERKI
DIESEL carhartt BY MALENE BIRGER SAMSØE SAMSØE billi bi CHEAP MONDAY MOSS REYKJAVIK NIKE J.LINDEBERG Paul Smith CONVERSE ALL STAR Herschel
LAGERSALA NTC ... í GLÆSIBÆ (áður Útilíf)






# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

07.00 Strumparnir
07.25 Waybuloo
07.45 Með afa
07.55 Kalli á þakinu
08.20 Billi Blikk
08.35 Lína langsokkur
09.00 Ævintýri Tinna
09.25 Dóra og vinir
09.50 Dagur Diðrik
10.15 Blíða og Blær
10.40 Friends
11.05 Nilli Hólmgeirsson
11.15 Beware the Batman
11.35 Ellen
12.20 Víglínan
13.05 Bold and the Beautiful
13.25 Bold and the Beautiful
13.45 Bold and the Beautiful
14.05 Bold and the Beautiful
14.25 Allir geta dansað
16.15 Satt eða logið
16.55 Gulli byggir
17.30 Heimsókn
18.00 Sjáðu
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Sportpakkinn
19.05 Lottó
19.10 Ellen's Game of Games Stórsniðugir leikja- og skemmtiþættir í umsjón Ellen DeGeneres. Í hverjum þætti keppa lið í fjölbreyttum leikjum og þrautum í von um að hreppa væna peningaupphæð. Leikirnir og þrautirnar eru sjónvarpsaðdáendum kunnugar úr spjallþáttum Ellenar sjálfrar. Þar vöktu þeir það mikla lukku að ákveðið var að gefa þeim eigið pláss í dagskránni. Útkoman er þessi, óborganleg fjölskylduskemmtun sem svíkur engan.
19.55 The Space Between Us
22.00 American Honey
00.45 Arrival Mögnuð mynd frá 2016 með Amy Adams og Jeremy Renner í aðalhlutverki. Þegar tólf geimskip koma óvænt til jarðar er málvísindakonunni Louise Banks ásamt öðrum vísindamönnum falið að ná sambandi við geimverurnar í von um að komast að ástæðunni fyrir heimsókn þeirra. Það sem Louise og kollegar hennar uppgötva með rannsóknum sínum er langt fyrir utan allt það sem nokkur hefði getað ímyndað sér. Jóhann Jóhannsson fékk Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir tónlistina í myndinni sem er í leikstjórn Denis Villeneuve sem gerði einnig Sicario og Prisoners.
02.40 Why Stop Now
04.05 Lion

## STÖÐ 2 SPORT

09.50 Domino's-körfuboltakvöld
10.20 Premier League Preview
10.50 FA Cup - Preview Show 2018
11.20 WBA - Liverpool
13.30 La Liga Report 2017/2018
13.55 Ipswich - Aston Villa
16.05 FA Cup 2017/2018
18.10 WBA - Liverpool
19.50 NBA - Dr. J - The Doctor
21.00 NBA 2017/2018 -

## STÖÐ 2 SPORT 2

08.55 Celta Vigo - Barcelona
10.35 Real Madrid - Athletic Bilbao
12.15 Premier League Preview
12.45 Evrópudeildin - fréttaþáttur
13.35 Tindastóll - KR
15.15 Domino's körfuboltakvöld
15.45 Valur - Haukar
18.00 Domino's körfuboltakvöld
18.40 Watford - Crystal Palace
20.25 Martin: Saga úr Vesturbæ
21.10 Dortmund - Leverkusen
22.50 Cardiff City - Nottingham Forest

## STÖÐ 3

16.15 Grand Designs
17.05 Friends
17.30 Friends
17.55 Friends
18.20 Friends
18.45 Friends
19.10 The Big Bang Theory
19.35 Baby Daddy
20.00 Britain's Got Talent
21.10 Schitt's Creek
21.35 NCIS: New Orleans
22.20 The Knick
23.20 The Mentalist
01.00 The Big Bang Theory
01.25 Baby Daddy
01.50 Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Lalli
07.55 Rasmus Klumpur og félagar
08.00 Strumparnir
08.25 Hvellur keppnisbíll
08.37 Ævintýraferðin
08.49 Gulla og grænjaxlarnir
09.00 Stóri og Litli
09.13 Tindur
09.27 Zigby
09.38 Mæja býfluga
09.50 Kormákur
10.00 Könnuðurinn Dóra
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Lalli
11.55 Rasmus Klumpur og félagar
12.00 Strumparnir
12.25 Hvellur keppnisbíll
12.37 Ævintýraferðin
12.49 Gulla og grænjaxlarnir
13.00 Stóri og Litli
13.13 Tindur
13.27 Zigby
13.38 Mæja býfluga
13.50 Kormákur
14.00 Könnuðurinn Dóra
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Lalli
15.55 Rasmus Klumpur og félagar
16.00 Strumparnir
16.25 Hvellur keppnisbíll
16.37 Ævintýraferðin
16.49 Gulla og grænjaxlarnir
17.00 Stóri og Litli
17.13 Tindur
17.27 Zigby
17.38 Mæja býfluga
17.50 Kormákur
18.00 Könnuðurinn Dóra
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Hneturánið



Mæja býfluga klukkan 09.38, 13.38 og 17.38

## GOLFSTÖÐIN

09.15 Hugel - JTPC LA Open
12.15 Champions Tour Highlights 2018
13.10 Valero Texas Open
16.15 PGA Tour: Arnold Palmer's Legacy
17.00 Valero Texas Open
22.00 Hugel - JTPC LA Open

## STÖÐ 2 BÍÓ

07.35 Moneyball
09.45 Experimenter
11.20 Mr. Turner
13.50 Kramer vs. Kramer
15.35 Moneyball
17.50 Experimenter
19.30 Mr. Turner
22.00 Rough Night
23.40 Love on the Run
01.05 Blood Ties
03.10 Rough Night

## RÚV

07.00 KrakkaRÚV
07.01 Kalli og Lóa
07.12 Vinabær Danna tígurs
07.25 Lundaklettur
07.32 Veistu hvað ég elska þig mikið?
07.43 Einmitt svona sögur
07.56 Símon
08.01 Molang
08.04 Úmísúmí
08.27 Hvolpasveitin
08.50 Rán og Sævar
09.01 Klaufabárðarnir
09.10 Babar
09.32 Djúpið
09.53 Græðum
09.58 Alvin og íkornarnir
10.09 Uss-Uss!
10.20 Krakkafréttir vikunnar
10.40 Maxímús bjargar ballettinum
11.40 Skólahreysti
12.10 Útsvar
13.20 Vikan með Gísla Marteini
14.05 Kiljan
14.45 Palli var einn í heiminum
15.10 Lífið í Þjóðminjasafninu
16.00 Regína
17.30 Táknmálsfréttir
17.40 KrakkaRÚV
17.41 Kioka
17.47 Póló
17.53 Ofur Groddi
18.00 Lóa
18.13 Bláí jakkinn
18.25 Leiðin á HM
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Bláí hnötturinn
21.40 Alla leið
22.55 The Expatriate
00.40 Frá hjartanu
02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

08.00 King of Queens
08.25 Everybody Loves Raymond
08.45 Everybody Loves Raymond
09.10 How I Met Your Mother
09.30 How I Met Your Mother
09.55 Life in Pieces
10.15 Angel From Hell
10.40 Black-ish
11.05 Making History
11.30 The Voice USA
13.00 America's Funniest Home Videos
13.25 Air Bud: Golden Reciever
15.00 Superior Donuts
15.25 Scorpion
16.15 Everybody Loves Raymond
16.40 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Family Guy
17.55 Futurama
18.20 Friends with Benefits
18.45 Glee
19.30 The Voice USA
20.15 The Voice USA
21.00 My Sister's Keeper
22.50 Dear White People
02.35 Semi-Pro
04.10 Síminn + Spotify

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Strumparnir**
**07.25 Waybuloo**
**07.45 Doddi litli og Eyrnastór**
**07.55 Zigby**
**08.05 Grettir**
**08.20 Elías**
**08.30 Mamma Mu**
**08.35 Pingu**
**08.40 Heiða**
**09.05 Víkingurinn Viggó**
**09.20 Tommi og Jenni**
**09.40 Skógardýrið Húgó**
**10.05 Lukku láki**
**10.30 Ellen**
**11.10 Ellen's Game of Games**
**12.00 Nágrannar**
**12.20 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.25 American Idol**
**14.55 American Idol**
**16.25 Hönnun og lífsstíll með Völu Matt**
**16.55 Um land allt**
**17.40 60 Minutes** Vandaður þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Sportpakkinn**
**19.10 Allir geta dansað**
**20.50 Gasmamman**
**21.35 Homeland**
**22.25 Queen Sugar**
**23.10 Vice**
**23.40 Transparent**
**00.10 Suits** Sjöunda þáttaröðin um lífið á lögfræðistofunni Pearson Specter Litt í New York. Ólíkir starfsmenn hennar eru öllum lögfræðihnútum kunnir og eru þaulreyndir þegar kemur að lausn erfiðra mála, innan veggja stofunnar jafnt sem utan hennar.
**01.00 Westworld**
**02.15 The Path**
**03.05 S.W.A.T.**
**03.50 Lucifer**
**04.35 Stretch** Gamansöm spennumynd frá 2014 með Patrick Wilson og Ed Helms í aðalhlutverkum. Myndin fjallar Stretch sem hefur atvinnu af því að keyra á limmósínu sem hefur átt betri daga, hann skuldar glæpagengi pening, ástalífið er í molum og til að toppa það þá er vinnan hans í hættu. Hann getur snúið þessu við með því að taka að sér hættulegt verkefni sem felur í sér að umgangast mjög vafasama glæpamenn.
**06.10 Timeless**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00 WBA - Liverpool**
**08.40 NBA - Playoff Games**
**10.40 FA Cup**
**12.20 Arsenal - West Ham**
**14.30 NBA - Michael Jordan**
**15.20 Manchester City - Swansea**
**17.30 Messan**
**18.45 KR - Tindastóll**
**21.00 Domino's körfuboltakvöld**
**21.30 FA Cup**
**23.00 NBA**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.20 Cardiff City - Nottingham Forest**
**10.00 Valur - Haukar**
**11.40 Domino's körfuboltakvöld**
**12.10 Dortmund - Leverkusen**
**13.50 FA Cup**
**16.00 Stoke - Burnley**
**17.40 Arsenal - West Ham**
**19.20 Augsburg - Mainz**
**21.00 Messan**
**22.30 KR - Tindastóll**

## STÖÐ 3

**15.10 Britain's Got Talent**
**16.20 Mayday**
**17.05 Seinfeld**
**17.30 Seinfeld**
**17.55 Seinfeld**
**18.20 Seinfeld**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 The Big Bang Theory**
**19.35 Baby Daddy**
**20.00 The Mentalist**
**20.45 Veep**
**21.15 Game of Thrones**
**22.15 Prison Break**
**23.00 Silicon Valley**
**23.25 Empire**
**00.55 The Big Bang Theory**
**01.20 Baby Daddy**
**01.45 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00 Stóri og Litli**
**07.13 Tindur**
**07.27 Zigby**
**07.38 Mæja býfluga**
**07.50 Kormákur**
**08.00 Könnuðurinn Dóra**
**08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur**
**10.00 Strumparnir**
**10.25 Hvellur keppnisbíll**
**10.37 Ævintýraferðin**
**10.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00 Stóri og Litli**
**11.13 Tindur**
**11.27 Zigby**
**11.38 Mæja býfluga**
**11.50 Kormákur**
**12.00 Könnuðurinn Dóra**
**12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Lalli**
**13.55 Rasmus Klumpur**
**14.00 Strumparnir**
**14.25 Hvellur keppnisbíll**
**14.37 Ævintýraferðin**
**14.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**15.00 Stóri og Litli**
**15.13 Tindur**
**15.27 Zigby**
**15.38 Mæja býfluga**
**15.50 Kormákur**
**16.00 Könnuðurinn Dóra**
**16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Lalli**
**17.55 Rasmus Klumpur**
**18.00 Strumparnir**
**18.25 Hvellur keppnisbíll**
**18.37 Ævintýraferðin**
**18.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**19.00 Ástríkur og víkingarnir**



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47, 12.47 og 16.47**

## GOLFSTÖÐIN

**08.55 Valero Texas Open**
**13.55 Hugel - JTPC LA Open**
**17.00 Valero Texas Open**
**22.00 Hugel - JTPC LA Open**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**07.10 Absolutely Anything**
**08.35 A Late Quartet**
**10.20 Mother's Day**
**12.20 Snowden**
**14.35 Absolutely Anything**
**16.00 A Late Quartet**
**17.45 Mother's Day**
**19.45 Snowden** Spennandi mynd frá 2016 byggð á sönnum atburðum með leikaranum Joseph Gordon-Levitt sem fer með hlutverk bandaríska uppljóstrarans Edwards Snowden sem var starfsmaður NSA, eða Öryggisstofnunar Bandaríkjanna, en hann lak þúsundum trúnaðarskjala á netið sem vörðuðu Prism-verkefnið. Það gengur út á njósnir Bandarískra stjórnvalda á eigin ríkisborgurum og fólki um heim allan.
**22.00 The Informant**
**00.00 Woodlawn** Kvikmynd frá 2015 sem byggð er á sönnum atburðum sem gerðust á áttunda áratugnum.
**02.00 The Boy**

## RÚV

**07.00 KrakkaRÚV**
**10.10 Krakkafréttir vikunnar**
**10.30 Ævar vísindamaður**
**11.00 Silfrið**
**12.10 Menningin - samantekt**
**12.35 Vísindatónleikar Ævars**
**13.30 Litla skrímslið og stóra skrímslið**
**14.15 15 ár á Íslandi**
**15.30 Á spretti**
**15.50 Draumurinn um HM**
**16.20 Saga HM: Mexíkó 1986**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 KrakkaRÚV**
**17.56 Sögur**
**18.25 Innlit til arkitekta**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Sögur - verðlaunahátíð barnanna**
**21.20 Landinn**
**21.50 Löwander-fjölskyldan**
**22.50 Bjólfur**
**23.35 Bláa herbergið**
**00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 King of Queens**
**08.25 Everybody Loves Raymond**
**08.45 Everybody Loves Raymond**
**09.10 How I Met Your Mother**
**09.30 How I Met Your Mother**
**09.55 Difficult People**
**10.15 Playing House**
**10.40 Growing Up Fisher**
**11.05 Younger**
**11.30 The Voice USA**
**12.15 The Voice USA**
**13.05 Glee**
**13.50 Family Guy**
**14.15 90210**
**15.00 The Good Place**
**15.25 Jane the Virgin**
**16.15 Everybody Loves Raymond**
**16.40 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.55 Ally McBeal**
**18.35 Strúktúr**
**19.05 Kokkaflakk**
**19.45 Superior Donuts**
**20.10 Scorpion**
**21.00 Law & Order: Special Victims Unit**
**21.50 SEAL Team**
**22.35 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**23.20 The Walking Dead**
**00.55 Satisfaction**
**01.40 Scream Queens**
**02.25 Hawaii Five-0**
**03.15 Blue Bloods**
**04.00 Snowfall**





**ALLIR GETA DANSAÐ**
KL. 19:10
Glæsilegur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem þú getur tekið þátt í símakosningu og valið þitt uppáhaldspar. Kynnar eru þær Sigrún Ósk Kristjánsdóttir og Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir.

Spennandi
**Sunnudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**GÅSMAMMAN**
KL. 20:50
Hörkuspennandi sería af þessum frábæru sænsku sakamálaþáttum með hinni einu sönnu Alexöndru Rapaport í hlutverki Sonju sem þarf að kljást við glæpamenn af allra verstu tegund.



**HOMELAND**
KL. 21:35
Magnaðir spennuþættir um Carrie Mathieson og fyrrverandi félaga hennar í bandarísku leyniþjónustunni CIA.






**WESTWORLD - HEIMSFRUMSÝNING**
KL. 01:00 EFTIR MIÐNÆTTI
Mannleg vélmenni sjá um að sinna öllum þörfum gesta í fullorðinsskemmtigarði. Í síðustu þáttaröð kom í ljós galli í vélmennunum sem hafði ógnvænlegar afleiðingar í för með sér. **Þátturinn er endursýndur á mánudagskvöldum.**

Allt þetta og meira til
á aðeins 333 kr. á dag.
**365.is**





## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

LANDVERND

AÐALFUNDUR

Landvernd boðar til aðalfundar mánudagin 30.apríl kl 17:00
í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6 í Reykjavík, 4 hæð.

Nýr formaður til eins árs verður kjörinn auk fimm stjórnarmanna.

**Nánari upplýsingar og skráning á www.landvernd.is**






GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - *í leiðinni*

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - *um land allt*

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ.IS

# Augun lýsa ótta, fram á aðra fangavist hann sér ...

„Hann er sekur um glæp, – útskúfaður. Hann er sekur um glæp, – einangraður. Fær engin grið, – bundinn í bönd. Enginn vill ljá, – hjálpandi hönd. Aðeins hark og handjárnin!“ söng Eiríkur Hauksson sællar minningar og fangaði líklega ágætlega hugsanir allra strokufanga. Líklega á Sindri Þór Stefánsson Íslandsmet í fangelsisflótta en er þó ekki sá fyrsti sem strýkur úr íslensku fangelsi. Hér eru rifjaðar upp fjórar ævintýralegar flóttatilraunir sem fengu skjótari endi.



## Matthías Máni

Flótti Matthíasar Mána Erlingssonar frá Litla-Hrauni komst í annála í desember 2012. Hann lét hinn langa arm laganna teygja sig mun lengra en sérsveitarmaðurinn og gekk laus í viku en fannst á aðfangadag. Hann hafði dvalið í sumarbústað í Árnesi og var vopnaður riffli, hnífum og öxi þegar hann gaf sig fram. Öryggisreglur á Litla-Hrauni voru hertar í kjölfar flótta hans.

**Matthías Máni komst vel vopnaður undir manna hendur á aðfangadag.**

## Donald Feeney

Fyrrverandi sérsveitarmaðurinn úr hinum goðsagnakenndu Delta Force, Donald Feeney, náði ekki jafn langt og Sindri, þegar hann reyndi að flýja frá Litla-Hrauni í félagi við íslenskan fanga. Feeney afplánaði dóm fyrir tilraun til barnsráns en hann og fyrirtæki hans, CTU (ekki sama stofnun og Jack Bauer starfaði fyrir í spennuþáttunum 24) sérhæfðu sig í að endurheimta börn foreldra sem makinn hafði stungið af með úr landi. Öll þjálfunin hjá bandaríska hernum kom Feeney ekki lengra en á lítinn flugvöll þaðan sem hann ætlaði að fljúga til Færeyja. Hann mátti sitja dóm sinn hér til enda.






**Feeney kom til landsins undir því yfirskyni að hann ætlaði að gera Stallone-mynd á Íslandi og var tekið fagnandi.**

## Vernharður Eggertsson

Ævintýramaðurinn Vernharður Eggertsson flúði með ævintýralegum hætti af Litla-Hrauni í júní 1935. Þorlákur Axel Jónsson skrifaði sögu Vernharðs, fyrir nokkrum árum. Dagur Austan – Ævintýramaðurinn Vernharður Eggertsson 2009. Hann sér ákveðnar hliðstæður með flótta Vernharðs á sínum tíma og Sindra núna. „Hann skrifaði sjálfur bók um flóttann og segir frá því að þeir hafi rætt sín á milli um að fara til Siglufjarðar og fara þaðan með erlendu skipi úr landi þannig að þeir voru með þessa hugmynd um að komast úr landi.“ Vernharður komst þó aldrei svo langt, var gripinn glóðvolgur og fékk að sögn Þorláks frekar þungan dóm enda var hann ógnandi og hótaði ofbeldi á flóttanum.




**Vernharður lagði upp með svipaða flóttaáætlun og Sindri en komst ekki jafn langt.**




**Flótti Grettis vorra tíma var yfirvöldum til ævarandi háðungar.**

## Annþór Karlsson

Ævintýralegur flótti Annþórs Kristjáns Karlssonar úr fangaklefa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í febrúar 2008 var eins og beint upp úr Andrésar andar-blaði og lögreglunni til ævarandi háðungar. Annþór gekk einfaldlega úr ólæstum klefa, hnýtti saman rekkjuvoðir, braut rúðu í glugga á 3. hæð og lét sig síga í frelsið. Þetta gerði hann fyrst og fremst til þess að halda síðbúna afmælisveislu sem hann bauð í á Facebook eftir að hann slapp. „Annþór er heljarmenni og klárlega skilgetið afkvæmi þeirra berserkja sem bitu í skjaldarrendur fyrr á öldum, enda segir sig sjálft að heiglum er ekki hent að brjóta rúðu á þriðju hæð, láta sig síga út í myrkrið, falla til jarðar, rísa upp óbrotinn og leggja drög að síðbúinni afmælisveislu. Þarna framdi aðalféhirðir íslenskra undirheima íþróttaafrek sem verður enn glæsilegra í ljósi þess að hann hafði lögregluna og fangaverði sína að fíflum um leið,“ svona lýsti Svarthöfði flótta Annþórs í DV á sínum tíma. Sérsveitin handtók hann þó fljótlega þar sem hann faldi sig í fataskáp á heimili vinar síns.






MÁNUDAGA

# FYRIR ÍSLAND

## NÝTT Á STÖÐ 2

**Gummi Ben** heimsækir strákana okkar og hitar upp íslensku þjóðina fyrir Heimsmeistaramótið í Rússlandi í sumar. Við skyggnumst inn í líf landsliðsmanna Íslands í knattspyrnu á heimavelli þeirra og fylgjumst með undirbúningnum fyrir HM í Rússlandi.

**Fylgstu með frá byrjun!**

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817

# Lífið í vikunni
15.04.18–21.04.18

## HANNA RÚN FÖNDRAR BLEIKT BINDI



Bindið sem Bergþór Pálsson dansaði með í síðasta þætti af Allir geta dansað hefur vakið verðskuldaða athygli. Hanna Rún, dansfélagi hans, dundaði sér við að gera bindið eina kvöldstund. Þetta er ekki fyrsta flíkin sem hún gerir og slær í gegn.



## ANNA MAGGÝ LEIKSTÝRÐI JÓA PÉ OG KRÓLA

Anna Maggý leikstýrði nýju myndbandi við lagið Þráhyggja með Jóa Pé og Króla. Tugþúsundir hafa horft á það á YouTube og fær það góða dóma. Þetta er fyrsta myndbandið sem Anna Maggý leikstýrir.

## RISA MOULIN ROUGE! SÝNING Í HÖRPUNNI

Sýning byggð á hinum vinsæla söngleik Moulin Rouge! verður sett upp í Eldborgarsal Hörpu. Ekkert er til sparað við uppsetninguna en þarna eru tæplega hundrað syngjandi og dansandi sálir á sviði.



## BREWDOG STEFNIR Á AÐ OPNA BAR Á ÍSLANDI



Eigendur Brewdog tilkynntu fyrir framan 8.000 manns í Aberdeen að þeir ætluðu að opna bar og brugghús í Reykjavík. Guðfinnur Sölvi Karlsson, eigandi Priksins, fagnar komu risans til landsins.






Yrsa Sigurðardóttir er einhver albesti rithöfundur heims að mati bókaforlagsins breska Hodder & Stoughton.

# Yrsa gerir risasamning

Breska bókaforlagið Hodder & Stoughton hefur tryggt sér útgáfurétt á þremur bókum Yrsu Sigurðardóttur. Tvær eru óútgefnar en þær munu fjalla um lögreglumanninn Huldar og félagsfræðinginn Freyju .

Bækur Yrsu hafa selst í rúmlega tveimur milljónum eintaka um allan heim samkvæmt tilkynningu bókaforlagsins Hodder & Stoughton. Var því mikið keppikefli fyrir bókaútgáfuna að tryggja sér áframhaldandi samning sem færir Yrsu tugi milljóna því samningurinn er sagður vera „a six-figure deal“.

Getur það verið frá 100 þúsund pundum og upp í 999 þúsund pund, eða frá 14 milljónum og upp í 140 milljónir. „Yrsa er einn besti höfundur í heimi,“ segir Ruth Tross, yfirmaður glæpasagnadeildar bókaforlagsins. Meðal annarra spennusagnahöfunda á samningi hjá henni eru þeir Stephen King og John Grisham.



**Stephen King, er einnig á samningi hjá Hodder & Stoughton en fáir standast honum snúning þegar kemur að því að halda lesendum í heljargreipum.**

Pétur Már Ólafsson hjá bókaforlaginu Veröld, sem gefur út bækur Yrsu hér á landi, segir að bókaforlagið Hodder & Stoughton hafi lagt mikla áherslu á að ná í Yrsu á sínum tíma. „Þetta er samningur um Gatið og svo einnig fimmtu og sjöttu bókina sem eru ókomnar út. Þannig að þau eru að kaupa eina bók sem þau hafa lesið og tvær sem þau hafa ekki lesið.“

**ÞETTA ER SAMNINGUR UM GATIÐ OG SVO EINNIG FIMMTU OG SJÖTTU BÓKINA SEM ERU ÓKOMNAR ÚT. ÞANNIG ÞAU ERU AÐ KAUPA EINA BÓK SEM ÞAU HAFA LESIÐ OG TVÆR SEM ÞAU HAFA EKKI LESIÐ.**

Aðspurður um upphæðina segir hann: „Við verðum að leyfa fólki að ímynda sér hver hún er.“

Pétur segir að Yrsa sé mjög stórt nafn í bókaheiminum og hafi skapað sér fína stöðu enda margverðlaunuð hérlendis og erlendis. „Þau hafa staðið vel við bakið á henni. Þau vita alveg hvað þau eru að tala um því það eru engir slorrithöfundar á samningi hjá fyrirtækinu.“

benediktboas@365.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli*@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga*@frettabladid.is*

# Lagersala 21.–23. apríl.

# Allt að 80% afsláttur

66° NORÐUR

Börn



**Svanur** Primaloft® heilgalli
~~17.900 kr.~~ **10.740 kr.**



**Esja** regnkápa
~~28.000 kr.~~ **5.600 kr.**



**Arnarhóll** jakki
~~46.000 kr.~~ **23.000 kr.**



**Básar** ullarbolur
~~13.500 kr.~~ **8.100 kr.**

Börn



**Mímir** pollajakki
~~5.500 kr.~~ **2.200 kr.**



**Laugavegur** regnkápa
~~26.000 kr.~~ **7.800 kr.**



**Vatnajökull** Primaloft® jakki
~~32.000 kr.~~ **16.000 kr.**



**Tvíoddi** úlpa (2 í einni)
~~98.000 kr.~~ **49.000 kr.**

Börn



**Loki** peysa
~~7.500 kr.~~ **4.500 kr.**



**Heiðmörk** regnkápa
~~27.000 kr.~~ **10.800 kr.**



**Grandi** peysa
~~22.500 kr.~~ **13.500 kr.**



**Týr** ullarpeysa
~~24.500 kr.~~ **9.800 kr.**

Börn



**Loki** peysa
~~6.500 kr.~~ **4.550 kr.**



**Esja** úlpa
~~67.000 kr.~~ **33.500 kr.**



**Vík** peysa
~~12.000 kr.~~ **4.800 kr.**



**Rok** bomber jakki
~~30.000 kr.~~ **15.000 kr.**

Vinsamlega athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti í vörulínu okkar. Verð geta lækkað á meðan á lagersölu stendur.

**Útsölumarkaður Faxafeni 12** | 108 Reykjavík
Opnunartími: mán-fös: 9-21 | lau. 10-21 | sun. 12-21

**Skipagata 9** | 600 Akureyri
Opnunartími: mán-fös: 9-18 | lau. 11-18 | sun. 12-16



barbecook

## Tilboðsverð

Spring 300

**39.995**

50686930

Almennt verð: 49.995

kílóvött 11,4 brennarar 3

GRILLPRO

ADVANCING THE ART OF GRILLING

## Tilboðsverð

GrillPro 24025

**23.995**

50657522

Almennt verð: 29.995

kílóvött 7,3 brennarar 2



# GLEÐILEGT SUMAR

Tilboð til 23. apríl



Broil King

Great Barbecues Every Time

## Tilboðsverð

Gem 320

**39.995**

50657519

Almennt verð: 49.995

kílóvött 6,9 brennarar 3

Broil King

Great Barbecues Every Time

## Tilboðsverð

Royal 320

**49.995**

50657512

Almennt verð: 59.995

kílóvött 8,8 brennarar 3





## Tilboðsverð

Signet 320

**71.995**

50657505

Almennt verð: 89.995

kílóvött 11,4 brennarar 3

## Tilboðsverð

Signet 390

**95.995**

50657502

Almennt verð: 119.995

kílóvött 18,5 brennarar 3+2





# HOPPANDI GLEÐI!

SUMAR-TILBOÐ



Frábært verð ár eftir ár!

## Kvenhjól
26" kvenhjól, 6 gíra með brettum og körfu.

**28.995**

49620201



26"



12"

## Barnareiðhjól
12" reiðhjól.

**19.995**

49620059/61

Tilboð gilda til 23. apríl. Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.

# HJÓLUM SAMAN



28"

## Reiðhjól
28" reiðhjól, 6 gíra með brettum.

**28.995**

49620200

Frábært verð ár eftir ár!

## Krakkahjól
Tveir litir, 7 gíra 20".

**33.995**

49620111/2

20"





24"

## Trail blaster
24", grænt eða fjólublátt.

**37.995**

49620076/7

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

# FÖRUM VARLEGA



Einnig hjálmar, bjöllur, lásar, hjálpardekk og fjöldi annarra hjólaaukahluta - nóg úr að velja!

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Sirrýjar Hallgrímsdóttur



## Gini hvað?

Það mætti halda, svona miðað við umræðuna, að hvergi á byggðu bóli væri meiri ójöfnuð að finna en hér á Íslandi. Aftur og aftur koma stjórnmálamenn fram, einkum af vinstri vængnum, og fullyrða að hér sé gríðarlegur ójöfnuður í tekjum og sá ójöfnuður fari vaxandi. Þetta er fullyrt þrátt fyrir að alþjóðlegur samanburður bendi til hins gagnstæða.

Nú er auðvitað erfitt að mæla svona hluti og bera saman á milli landa. En mælingarnar benda í sömu átt og til dæmis virðist tekjumunur vera minnstur hér á landi miðað við Norðurlöndin. En samt heyrum við aftur og aftur sömu tugguna, bilið breikkar.

Það væri mjög gagnlegt ef fréttamenn spyrðu næsta mann, sem fullyrðir að launamunur sé hér mikill og fari vaxandi, í hvaða gögn sé verið að vísa. En mikilvægara er samt að spyrja hvert lokamarkmiðið sé. Hvenær er kominn nægjanlegur jöfnuður?

Viljum við að þessi margfrægi Gini-stuðull sem mælir tekjudreifinguna sé núll, það er allir með sömu tekjur, eða viljum við kannski að hann sé lægstur hér miðað við Norðurlöndin – sem er staðan núna?

Vegna þessa var ánægjulegt að heyra forsætisráðherrann segja á fundi SA að tekjujöfnuðurinn væri mikill hér í alþjóðlegum samanburði og að Gini-stuðullinn sýndi að við værum í verðlaunasæti OECD-ríkja, jafnframt því sem hér væri fátækt einna minnst. Það er óskandi að ýmsir stjórnmálamenn á vinstri vængnum taki vel eftir þessum orðum forsætisráðherrans. Það er nefnilega lítill munur á því að draga upp falska mynd af stöðu mála og því að dreifa fölskum fréttum.








